

ÁRSSKÝRSLA 2023



EF EKKI VÆRI
FYRIR OFBELDID
VÆRI ÉG
DÁSAMLEGASTI
MAÐUR Í HEIMI



OFBELDI ER LANGSTAFST FARAÐUR AF BAKLÉNDRUM - LÍKA Í MÖTUNUM SMÁLEGGI



Ritstjórn:

Tölfræðivinnsla og texti í tölfræðihluta:

Anna Þóra Kristinsdóttir

Texti í textahluta:

Hjálmar Gunnar Sigmarsson
Svandís Anna Sigurðardóttir
Drífa Snædal

Prófarkalestur:

Anna Rakel Aðalsteinsdóttir
Hrafnhildur Sigmarisdóttir
Drífa Snædal

Forsíðumynd:

Elín Elísabet Einarsdóttir

Umbrot og prentun:

Prentmet Oddi



Efnisyfirlit

Um ársskýrslur Stígamóta	5
Stofnun og hugmyndafræðilegur grunnur að starfi Stígamóta.....	6
Sjálfs hjálparstarfið	8
Samtal við samfélagið	10
Erlent samstarf	11
Ráðstefna um skólastarf.....	13
Ráðstefna um ofbeldismenn	14
Mansal og flóttafólk	16
Málþing um Guðrúnu eldri	17
Hugrekki sviðurkenning Stígamóta.....	18
Klámspjall	19
Styrktu um eitt samtal/spjall	19
Of margir menn.....	20
Kvennaverkfallið	20-21
Fjármál og skipulag Stígamóta	22
Sjúkást.....	25
Sjúkt spjall	26
Tölulegar upplýsingar	29
Grunnupplýsingar.....	30
Lýðupplýsingar um brotaþola	36
Um ofbeldisverkin.....	40
Afleiðingar kynferðisofbeldis.....	49
Kynjamunur á kynferðisofbeldi og afleiðingum þess fyrir brotaþola....	54
Upplýsingar um þá einstaklinga sem beittu kynferðisofbeldi	61
Kærð mál	73
Aðstandendur	75

Um ársskýrslur Stígamóta

Í þessari ársskýrslu segir frá 34. starfsári Stígamóta. Gerð er grein fyrir hugmyndafræðinni að baki starfinu, sjálfs-
hjálpstarfinu, fjáröflun, fræðslu, forvörnum og pólitískri samfélagsvinnu. Síðast en ekki síst eru teknar saman tölulegar
upplýsingar ársins. Grunninn að skipulagðri gagnasöfnun lagði dr. Guðrún Jónsdóttir, stofnandi Stígamóta. Þau tölulegu
gögn, sem safnað hefur verið, hafa reynst mikilvægt hjálpartæki við að greina umfang, eðli og afleiðingar kynferðis-
ofbeldis. Í gögnin hefur verið vitnað í mörgum þingmálum, fjölda skólaritgerða á öllum skólastigum, í blaðagreinum og
fjölmiðlaumfjöllun auk þess sem þau eru starfsfólki Stígamóta leiðarljós við forgangsröðun pólitískra verkefna.

Stofnun og hugmyndafræðilegur grunnur að starfi Stígamóta

Stofnun Stígamóta

Hinn 8. mars 1989, á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna, ákváðu íslenskar konur frá fjölda kvennasamtaka og félaga að helga daginn baráttunni gegn kynferðisofbeldi á Íslandi. Sjaldan hefur myndast eins víðtæk samstaða um nokkurt mál meðal íslenskra kvenna. Forsaga þessarar samstöðu gegn kynferðisofbeldi var nokkurra ára starf ýmissa sjálfboðaliðahópa kvenna að þessum málum og höfðu þær forgöngu að ofangreindu samstarfi. Þessir hópar voru: Barnahópur Kvennaathvarfsins, Ráðgjafarhópur um nauðgunarmál, Kvennaráðgjöfin og Vinnuhópur gegn sífjaspellum. Hóparnir kynntu starfsemi sína á fjölmönnum baráttufundi sem haldinn var í Hlaðvarpanum þennan dag, en þar var ákveðið að stofna Samtök kvenna gegn kynferðisofbeldi.

Af áralöngu starfi sjálfboðaliðahópanna var ljóst að spurningin var ekki hvort þörf væri fyrir frekari þjónustu, heldur hvernig væri best hægt að mæta henni. Fyrsta verkefni samtakanna var því að koma á ráðgjafar- og upplýsingamiðstöð fyrir konur og börn sem höfðu verið beitt kynferðisofbeldi, og byggja starfið á starfsreynslu og hugmyndafræði ofangreindra sjálfboðaliðahópa. Í kjölfarið var farið fram á styrk frá ríkinu og fékkst fjárveiting til starfsins í fjárlögum ársins 1990. Stígamót, staðurinn þar sem stígar mætast og þaðan sem leiðirnar geta verið margar, hóf síðan starfsemi sína 8. mars 1990.

Á enga er hallað þó tekið sé fram að dr. Guðrún Jónsdóttir, félagsráðgjafi, hin eldri sé heilinn á bak við tilurð Stígamóta. Hún hafði þekkinguna, eldmóðinn, hugmyndirnar og kraftinn til þess að hrífa með sér alla kvannahreyfinguna og skapa það einstaka úrræði sem Stígamót hafa orðið. Árið 2023 kom út ævisaga dr. Guðrúnar „Ég verð aldrei ungrú meðfærileg“ en Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir skráði söguna listavel. Þar er meðal annars fjallað um upphafsár Stígamóta.

Hugmyndafræðilegur grunnur

Frá upphafi hefur starfið á Stígamótum byggst á hugmyndum kynjafræðinnar um kynferðisofbeldi. Í þeim kenningum er skýringanna fyrst og fremst leitað í samfélagsgerðinni, þ.e. í valda- og stöðumismun. Karlar eru oftast ekki í valdastöðu gagnvart konum og börnum, ófatlað fólk í valdastöðu gagnvart fötluðu fólki, innlendir gagnvart fólki af erlendum uppruna o.s.frv. Þær kenningar falla best að reynslu þeirra sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og skýra jafnframt þá staðreynd að það eru, samkvæmt okkar tölum, í miklum mæli karlar sem beita konur og börn kynferðisofbeldi. Samkvæmt þessum hugmyndum er kynferðisofbeldi ógnvænlegasta form kynjamisréttis.

Á Stígamótum er litið svo á að þeir sem beita ofbeldinu noti það sem stjórnþæki til þess að ná valdi yfir þólanda sínum. Markmiðið er að lítillækka, ráða yfir og hafa taumhald og vald yfir þeirri manneskju sem beitt er ofbeldinu. Áhrif og afleiðingar kynferðisofbeldis eru ekki aðeins



Dr. Guðrún Jónsdóttir eldri var eldhuginn á bak við stofnun Stígamóta og fyrsta talskonan (til vinstri á myndinni). Hún lést í byrjun árs 2024 en nánar er fjallað um hana síðar í þessari skýrslu. Annar eldhugi og alnafna Guðrúnar Jónsdóttur tók við hlutverki hennar sem talskona og lagði þung lóð á vogaskálar baráttunnar gegn ofbeldi og uppbyggingu Stígamóta. Brotapólar á Íslandi og samfélagið allt á þessum Guðrúnum Jónsdætrum mikið að þakka.

tengdar þeim sem því eru beitt. Vitundin um þetta form ofbeldis hefur áhrif á upplifun allra kvenna á því hvað það er að vera kona, og tilvist þess takmarkar einnig frelsi kvenna.

Kynjafræðilegar kenningar marka einnig viðhorf og grunn-gildi í starfi með þeim sem hafa verið beitt kynferðisofbeldi, hvort heldur er í einstaklingsstarfi eða sjálfshjálparhópum. Femínísk viðhorf fela í sér þau megingildi að líta ekki á þau sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi sem varnarlaus fórnarlömb eða sjúklinga, heldur einstaklinga sem hafa lifað af ógnandi ofbeldi og búa þess vegna yfir miklum styrk. Jafnframt lítum við svo á að viðbrögð einstaklinga við kynferðisofbeldi og afleiðingar þess á líf þeirra séu eðlileg viðbrögð við óeðlilegum aðstæðum.

Starfsemin

Vinnan á Stígamótum skiptist í grunninn í tvennt, þjónustu fyrir brotapolu kynferðisofbeldis annars vegar og hins vegar fjölbreytt pólitískt samfélagsstarf. Áherslan í þjónustunni við brotapolu er að gera einstaklinga meðvitaða um eigin styrk, aðstoða þá við að nota hann til að breyta eigin lífi og að sjá ofbeldið í félagslegu samhengi en ekki sem persónulega vankanta. Fólk sem leitar til Stígamóta ræður sjálft ferðinni, hve mikinn stuðning það vill og í hve langan tíma. Aðstandendur, svo sem foreldrar, makar og vinir, geta einnig fengið stuðning og ráðgjöf á Stígamótum.

Frá upphafi hafa Stígamót lagt kapp á það að þróa starfsemina á þann veg að ólíkir hópar brotapolu upplifi sig velkomna, og má það meðal annars nefna karla, fatlað fólk, hinsegin fólk og fólk af erlendum uppruna. Jafnframt hafa Stígamót boðið upp á ráðgjöf á ýmsum stöðum utan höfuðborgarsvæðisins í samstarfi við sveitarfélög á þeim

svæðum. Öll ráðgjafarþjónusta Stígamóta er ókeypis og því á færi allra að sækja hana, óháð efnahag. Stígamót eru stofnaðilar að Bjarkarhlíð sem er lágþröskuldaúrræði fyrir brotapolu ofbeldis byggt á hugmyndafræði „family justice center“, en Drífa Snædal er fulltrúi í stjórninni og Hrafnhildur Sigmarsdóttir varafulltrúi. Bjarkarhlíð er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, Félags- og vinnu-markaðsráðuneytisins, Dómsmálaráðuneytis, Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Samtaka um kvennaathvarf, Stígamóta, Mannréttindaskrifstofu Íslands og Kvennaráðgjafarinnar. Bjarkarhlíð tók formlega til starfa 1. febrúar 2017. Í byrjun árs fluttu Stígamót úr tímabundnu húsnæði í Síðumúlanum í framtíðarhúsnæði við Höfðabakka 9A og er húsnæðisraunum síðustu ára vonandi lokið þar með.

Pólitískt starf Stígamóta er hugsað sem framlenging af þjónustu við brotapolu. Þannig notum við þekkingu sem við fáum frá brotapolum til að stuðla að vitundarvakningu í samfélaginu og gera samfélagsbreytingar í þágu brotapolu. Þetta gerum við með margskonar fræðslu, námskeiðahaldi, forvarnaverkefnum og samstarfi við önnur félagasamtök og stjórnvöld.



Í október var haldin ráðstefnan Ofbeldismenn á Íslandi og það var sérstakur heiður að forseti Íslands hr. Guðni Th. Jóhannesson setti ráðstefnuna.

Tel starf þeirra ómetanlegt, einstaklingar fá þar hjálp, skráning upplýsinga er nauðsynleg til að vinna gegn kynbundnu ofbeldi í samfélaginu og Stígamót leggja þungt lóð á vogarskálar jafnréttisbaráttunnar.

(úr könnun meðal styrktaraðila Stígamóta)

Sjálfshjálparstarfið

Einstaklingsviðtöl

Einstaklingsmiðaður stuðningur við að ræða ofbeldið, rifja það upp og setja á það orð eru fyrstu skrefin í þá átt að ná tökum á afleiðingum ofbeldisins og áhrifum þess á sjálfsmynd þeirra sem því eru beitt. Árið 2023 sóttu 835 einstaklingar viðtöl á Stígamótum, þar af voru 376 nýir brotáþolar og 106 nýir aðstandendur. Ítarlegar tölfraeði-upplýsingar um ofbeldisbrotin, afleiðingar þeirra, gerendur og fleira er að finna í tölfraeðihluta þessarar ársskýrslu. Á árinu 2020 var farin sú leið að skrá á biðlista það fólk sem hafði samband til að fá tíma hjá ráðgjafa. Þetta var gert til að tryggja betri þjónustu fyrir brotáþola og tryggja að það væri styttri bið á milli fyrstu viðtala hvers aðila. Í lok ársins 2023 voru 179 einstaklingar á biðlistanum, 56 færri en á sama tíma árið áður.

Sjálfshjálparhópar

Frá upphafi hafa sjálfshjálparhópar verið mikilvægir í starfsemi Stígamóta. Í þessum hópum koma brotáþolar saman til að sækja sér styrk og takast á við erfiðleika sem rekja má til afleiðinga kynferðisofbeldis. Með þátttöku í hópastarfi er einangrun rofin og þátttakendur veita hver öðrum stuðning. Samkennd og trúnaður ríkir í samskiptum þátttakenda og rauði þráðurinn í starfinu er sjálfsefning. Hópunum er kynjaskipt og er reynt að raða í hópa eftir aldri. Sérstakir hópar eru starfræktir fyrir konur með reynslu af vændi til að vinna úr afleiðingum þess. Einnig hefur verið haldið sérstakt sjálfshjálparnámskeið fyrir konur á aldrinum 18-25 ára. Á þeim námskeiðum eru

6-8 þátttakendur og hittist hópurinn vikulega í 7 vikur, 3 klukkutíma í senn. Hefðbundnir sjálfshjálparhópar á Stígamótum hittast 12 sinnum, í 2,5 tíma í senn og þátttakendur skuldbinda sig til skyldumætingar.

Árið 2023 voru starfræktir 9 sjálfshjálparhópar með samtals 50 þátttakendum, þar af þrjú hópar sérstaklega ætlaðir ungum konum. Ásamt starfsfólki Stígamóta leiddu 5 leiðbeinendur hópana, en þeir hafa fengið sérstaka þjálfun í því. Leiðbeinendur hittust mánaðarlega á fundi undir handleiðslu Þórunnar Þórarinsdóttur, ráðgjafa á Stígamótum. Allir hópaleiðarar, sem eru ekki hluti af föstu starfsfólki Stígamóta, sækja handleiðslu hjá Stígamótaráðgjafa að eigin vali á meðan sjálfshjálparhópurinn er starfandi. Sú nýjung var reynd á haustdögum að bjóða uppá hópa á dagvinnutíma og aukin áhersla var á að ráðgjafar hjá Stígamótum tækju að sér hópaleiðslu.

Strákarnir á Stígó – sjálfshjálparkvöld fyrir karlkyns brotáþola

Strákakvöld Stígamóta hafa verið haldin síðan 2014 og í lok 2023 var búið að halda rúmlega 60 kvöld frá upphafi. Fyrirkomulagið hefur þróast í gegnum árin og mæting aukist. Þarna er þeim körlum sem hafa nýtt sér þjónustu Stígamóta gefið tækifæri til að hittast og ræða málin við aðra karlkyns brotáþola, í traustu og öruggu rými. Undanfarin ár hafa kvöldin verið skipulögð sem sjálfshjálparkvöld með valdeflingu og sjálfstyrkingu að markmiði. Fjölbreytt þemu eru tekin fyrir, aðferðir ræddar og verkfærum deilt.

Átta strákakvöld voru haldin á árinu. Á flest kvöld mæta að meðaltali 5 þátttakendur og yfir árið voru það hátt uppí 20 karlar sem nýttu sér þessa þjónustu. Viðfangsefnin sem tekin voru fyrir í ár voru: Svefn, heilbrigð sambönd og samskipti, sjálfsmýnd og sjálfsvirðing, að takast á við afleiðingar, karlar og tilfinningar, sjálfsumhyggja, að skila skömminni og mörk.

Kærastan mín hefur sótt þjónustu Stígamóta og hjálpað henni mikið. Virkilega gott starf unnið.

(úr könnun meðal styrktaraðila Stígamóta)

Stígamót á staðinn

Verkefnið *Stígamót á staðinn* hefur verið starfrækt í sextán ár. Það hefur það að markmiði að veita fólki á landsbyggðinni tækifæri á að nýta sér þjónustu Stígamóta í sinni heimabyggð. Ráðgjafi fer frá Stígamótum 1-2 sinnum í mánuði í ákveðið bæjarfélag og býður brotapolum þar upp á einstaklingsviðtöl. Stígamót hafa í gegnum árin verið með ráðgjöf m.a. í Grundarfirði, Selfossi, Vestmannaeyjum, Borgarnesi, Patreksfirði, Sauðárkróki og Egilsstöðum. Ráðgjöf á Ísafirði hófst árið 2016 og í ár var farið til Ísafjarðar 5 sinnum og var þjónustan nýtt af 6 einstaklingum í samtals 30 viðtölum, um var að ræða bæði viðtöl á staðnum og fjarviðtöl.

Börn og unglingar

Á Stígamótum fara ekki fram viðtöl eða annað sjálfshjálparstarf með börnum nema mál þeirra hafi fengið meðferð barnaverndaryfirvalda. Foreldrar, aðstandendur og fagfólk hringja þó iðulega og leitar ráða um hvernig skuli bregðast við grun um kynferðisbrot gagnvart barni. Þessum hópi er veitt ráðgjöf en jafnframt bent á að hafa samband við viðkomandi barnaverndarnefnd, hringja í 112, hafa samband við lögreglu eða leita ráða hjá Barnahúsi. Ráðgjöf fyrir aðstandendur er veitt á Stígamótum og eru foreldrar barna sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi sérstaklega boðnir velkomnir. Á árinu komu 16 einstaklingar undir 18 ára aldri í viðtöl á Stígamót. Vert er að nefna að þó Stígamót taki aðeins á móti fólki yfir 18 ára aldri (nema í þessum undantekningartilfellum) voru rúmlega helmingur þeirra sem leituðu til Stígamóta á árinu fyrst beitt kynferðisofbeldi áður en þau urðu 18 ára. Síðan í mars 2022 hafa Stígamót rekið nafnlaust netspjall fyrir ungmenni, sem ber heitið Sjúktspjall. Á spjallinu býðst ungu fólki

samtal, stuðningur og fræðsla í höndum fagfólks með mikla reynslu af aldurshópnum.

Fjölskyldur, pör og aðstandendur

Kynferðisofbeldi hefur mikil áhrif á fjölskyldur brotþola og aðra aðstandendur. Þess vegna er mikilvægt að þeir séu hluti af lausninni og fái upplýsingar um hvernig hægt er að styðja við brotþola í sínu umhverfi. Stígamót bjóða því bæði brotþolum og aðstandendum ráðgjöf. Stundum kemur fólk í viðtöl sem tengist bæði ofbeldismanni og brotþola nánnum böndum, en slíkar kringumstæður valda oft mikilli togstreitu innan fjölskyldu. Oft koma makar brotþola í aðstandendaviðtöl en það er gríðarlega mikilvægt að makinn trúi brotþolanum og fari ekki í það hlutverk að yfirheyra eða taka stjórnina. Undanfarin ár hefur verið aukning á að aðstandendur hafi samband og komi í viðtöl. Árið 2023 komu 103 aðstandendur á Stígamót sem er fækkun frá árinu á undan.

Stígamót bjóða einnig upp á fjölskyldu- og paraviðtöl sem eru frábrugðin venjulegum viðtölum, en minni áhersla var á paraviðtöl árið 2023. Þar er rýnt í samskiptamynstur og fjölskyldukerfi sem eru tilkomin vegna kynferðisofbeldis og afleiðinga þess. Mikilvægt er að fólk sé tilbúið að skoða viðbrögð sín og vinna að sameiginlegum markmiðum. Slík ráðgjöf býðst þeim sem hafa verið í viðtölum á Stígamótum og þarf beiðni að koma frá ráðgjafa viðkomandi aðila.

„Hef sjálf notið hjálpar Stígamóta sem breytti mínu lífi svo margfalt til hins betra. Ég vil eiga þátt í að breyta lífi annarra á sama hátt.“

(úr könnun meðal styrktaraðila Stígamóta)

Samtal við samfélagið

Samfélagsumræða

Á árinu fór talskona Stígamóta og annað starfsfólk í margskonar fjölmiðlaviðtöl og upptökur á heimildapáttum um ýmis viðfangsefni. Spjallþættir og rökræðuþættir voru einnig hluti af starfinu og talskona ritaði fjölda greina um hin ýmsu málefni tengd baráttunni gegn ofbeldi og mansali. Þar að auki skrifaði Hrafnhildur Sigmarsdóttir, ráðgjafi á Stígamótum, reglulegar greinar í Heimildina um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi í víðum skilningi. Þá vakti það sérstaka athygli fjölmiðla þegar Stígamót gáfu út yfirlýsingu um að hótanir, áreitni eða ógnvekjandi tilburðir við starfsfólk Stígamóta yrði kært í öllum tilvikum, en á árinu þurfti að kæra í tvígang og fara fram á nálgunarbann vegna ógnandi framkomu.

Nokkur mál risu hátt í umræðunni og má þar meðal annars nefna útgáfu ævisögu séra Friðriks Friðrikssonar þar sem kom fram vitnisburður um áreiti gagnvart drengjum af hendi Friðriks. Þetta voru ekki nýjar fréttir fyrir ráðgjafa Stígamóta og tók talskona þátt í umræðunum í kjölfarið, m.a. um hvort stytta af séra Friðriki ætti enn að vera á stalli. Talskona Stígamóta hélt til haga brotapolavænni nálgun.

Þá gagnrýndu Stígamót að leikritið „Kvöldstund með Heiðari snyrti“ væri sett upp þar sem um dæmdan kynferðisbrotamann væri að ræða og brotapolar hans óskuðu liðsinnis Stígamóta. Töluvert fjölmiðlafar varð af þessu og fulltrúar Stígamóta fóru á fund leikskáldsins og Borgarleikhússtjóra. Titli verksins var breytt í Lúna en engu öðru

og var það heldur snautleg niðurstaða. Verkið upplifðu brotapolar sem vanvirðingu við sig og olli þeim vanlíðan. Undir það tóku Stígamót heilshugar og lýstu vonbrigðum með Borgarleikhúsið.



Hjálmar Sigmarsson ráðgjafi hjá Stígamótum tók þátt í umræðum að lokinni sýningu á leikverkinu Orð gegn orði í Þjóðleikhúsinu.

Annað var uppi á teningnum hjá Þjóðleikhúsinu sem setti upp einleikinn Orð gegn orði eftir Suzie Miller en verkið hefur farið sigurför um heim allan og opnað augu fólks fyrir afleiðingum kynferðisofbeldis. Leikkona verksins, Ebba Katrín Finnsdóttir og leikstjóri, Þóra Karítas Árnadóttir voru í samtali við Stígamót við uppsetninguna. Verkið varð geysivinsælt og í lok árs var tilkynnt að það yrði fært upp á stóra svið Þjóðleikhússins.

Kynjaþing var haldið 13. maí í Veröld, húsi Vigdísar og héldu Stígamót þar málstofu undir heitinu „Ofbeldi og önnur áföll í æsku og lífið sem fullorðin“. Málstofan var haldin fyrir fullu húsi en þar töluðu Arna Hauksdóttir prófessor um niðurstöður úr Áfallasögu kvenna og Sigrún Braga, hannyrðapönkari bætti við rödd brotaþola.



Drífa Snædal talskona Stígamóta stýrði málstofu á Kynjaþingi fyrir fullum sal. Heiti málstofunnar var Ofbeldi og önnur áföll í æsku og lífið sem fullorðin.

Fræðsla

Stór hluti starfsins hjá Stígamótum sem beinist út á við er um fræðslu og kom starfsfólk Stígamóta víða við árið 2023. Þar má nefna að nokkrir tugir starfsmanna félagsmiðstöðva fengu fræðslu, bæði í sínum frístundamiðstöðvum en líka í tengslum við Sjúkást-átakið. Þá fengu ýmsir háskólanemar fræðslu, s.s. Ástráður, félag lækna-nema við HÍ, hjúkrunarnemar við HÍ og GRÓ GEST, nemendur í háskóla SP við HÍ. Stígamót var með kynningu á Jafnréttisdögum háskólanna og fengu fjöldi háskólanema úr hinum ýmsu greinum fræðslu. Ráðgjafar okkar settust

niður með fjölda nemenda úr framhaldsskólum sem voru að vinna verkefni um ýmis málefni, eins og t.d. klámvæðingu og kynbundið ofbeldi.



Frá heimsókn kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Að venju sóttu ýmsir faghópar fræðslu til Stígamóta og ber sérstakleg að nefna góða heimsókn frá kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Þá lét nýr ráðherra málaflöksins, Guðrún Hafsteinsdóttir það verða eitt af sínum fyrstu verkum í embætti að heimsækja Stígamót og ræða baráttuna gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi. Fleira stjórnmaðlafólk kom í heimsókn og ber þar sérstaklega að nefna heimsókn þingflokks Pírata auk fjölda annarra formlegra og óformlegra samtala við einstaklinga innan stjórnmalanna. Fjöldi annarra komu í heimsókn en það er fastur liður og hluti af okkar starfsemi að opna dyrnar fyrir fólki til að fræðast og taka þátt í umræðu um hvað má betur fara.

Erlent samstarf

Stígamót taka þátt í erlendu samstarfi í gegnum þrenn samtök: Norrænu hreyfinguna NKMV – Nordiska Kvinnor mot våld, evrópsku samtökin WAVE - Women Against Violence Europe og alþjóðlegu samtökin CAP – Coalition for the Abolition of Prostitution.

NKMV er áratuga gömul hreyfing samtaka um kvennaathvörf á Norðurlöndunum en ráðstefnur á vegum þeirra hafa verið stórar og innihaldsríkar og haldnar árlega. Engin ráðstefna hefur þó verið haldin eftir Covid og breytt staða kvennaathvarfa á Norðurlöndunum hefur töluverð áhrif á samtökin. Eftir að skylða var lögð á sveitarfélög til að reka athvörf hafa þau í síauknum mæli farið í útboð þar sem lægstbjóðandi fær að reka athvarf. Þetta hefur orðið til þess að grafa undan starfi kvennaathvarfa víða á Norðurlöndunum sem byggist á femínískri hugmyndafræði. Þessi staða gerir það mikilvægara en nokkurn tíman að stilla saman norræna strengi og sækja kraft hver til annarra. Til stendur að halda næstu ráðstefnu í Svíþjóð haustið 2024 en

fulltrúi Stígamóta sótti undirbúningsfund á árinu.

Auk NKMV eiga Stígámót í óformlegu samstarfi og samráði við hina norsku og sænsku útgáfu „sjúktspjall“ til að miðla reynslu og þekkingu á milli en

fyrirmyndin er einmitt sótt til „Unga relationer“

í Svíþjóð. Þá fékkst Norrænn styrkur til að bera saman lagaumgjörð til verndar ungu fólki gegn klámi og eru Stígámót hluti af því Norræna verkefni ásamt Kvinnefronten í Noregi og Sverigeskvinnoorganisationer í Svíþjóð.

WAVE eru afar virk samtök á Evrópuvettvangi og eru Evrópusambandinu til ráðgjafar um ofbeldisvarnir. Stígámót eiga sæti í ráðgefandi hópi samtakanna og sækja þing og ráðstefnur á þeirra vegum.

CAP var afar virkt á árinu í baráttu fyrir sænsku leiðinni í vændismálum og hefur meðal annars þrýst á Evrópusambandið um bættar reglur með þó nokkrum árangri, en mansal fer vaxandi og sú hugmynd að formgera vændi sem atvinnugrein verður síður en svo til að draga úr mansali og ofbeldi.

Auk hins formlega samstarfs í gegnum ofangreind samtök hafa Stígámót tekið á móti fjölmörgum erlendum sendinefndum til að kynna starfið sitt og ræða sameiginlegar áherslur. Róttækir aðgerðarsinnar frá Frakklandi, opinber sendinefnd þingkvenna frá Úkraínu og allt þar á milli sóttu Stígámót heim á árinu. Þá verður að geta þess að kvennaverkfallið í október 2023 vakti heimsathygli og máttu talskona Stígamóta og allra hinna samtakanna sem að verkfallinu stóðu hafa sig allar við að tala við fjölmiðla úr öllum heimshornum.

Bandamenn – Námskeið fyrir karla sem vilja beita sér í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi

Bandamenn er námskeið fyrir karla sem vilja leggja baráttunni lið og hafa Stígámót boðið upp á það síðan 2018. Meginmarkmið námskeiðsins er að varpa ljósi á hvað karlar geta gert í baráttunni gegn kynferðisofbeldi gegn konum, kynsegin einstaklingum og öðrum jaðarsettum hópum. Lögð er áhersla á að þátttakendur geti öðlast dýpri skilning á mikilvægum hugtökum og viðfangsefnum. Meðal þess efnis sem farið er yfir er reynsla brotþola kynferðisofbeldis og fjölbreyttar birtingarmyndir kynferðisofbeldis í samhengi við kynjakerfið og valdamismunun. Frá upphafi hafa verið haldin 15 námskeið þar sem rúmlega 150 karlar hafa sótt námskeiðið.

Á árinu voru haldin samtals 5 námskeið, í samstarfi við vinnustaði, fyrir rúmlega 30 karla á öllum aldri. Hver hópur hittist 2-3 sinnum í samtals 6 klukkustundir, þar sem blandað er saman fyrirlestrum, æfingum og umræðum. Haldin voru tvö netnámskeið og á árinu var sérstök áhersla lögð á að bjóða uppá námskeið fyrir starfsmenn í skólum og félagsmiðstöðvum. Þá voru einnig haldnar nokkrar styttri kynningar og vinnustofur með hluta af námsefninu, t.d. tveggja daga námskeið í alþjóðlega jafnréttisskólanum við HÍ - GRÓ GEST. Námskeiðið var sérstaklega kynnt á og í kringum ráðstefnu Stígamóta um ofbeldismenn á Íslandi.

„Hef verið svo heppinn að enginn sem ég þekki hefur þurft á þjónustu ykkar að halda, mér vitanlega. Fannst ég þurfa að þakka það með stuðningi við ykkur.“

(Úr könnun meðal styrktaraðila Stígamóta)



Úkraínskar þingkonur og kvennasamtök í heimsókn hjá Stígámótum en við tókum á móti fjölda erlendra sendinefnda á hverju ári.

RÁÐSTEFNA: Kynbundið ofbeldi og ábyrgð skólans

Í mars héldu Stígamót ráðstefnu um forvarnir, fræðslu og viðbrögð við kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi í skólum með yfirskriftinni Kynbundið ofbeldi og ábyrgð skólans. Ráðstefnan var haldin á Reykjavík Natura Hótel og samtals tóku um 500 manns þátt í ráðstefnunni. Tæplega helmingur þátttakenda mætti á staðinn og rúmlega helmingur tók þátt í gegnum streymi. Ráðstefnan var haldin í samstarfi við Forsætisráðuneytið, mennta- og barnamálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Kennarasamband Íslands.



Kynbundið ofbeldi og ábyrgð skólans
Reykjavík Natura, 10. mars 2023

SETNING 10:00
Þorsteinn V. Einarsson, fundarstjóri
Ávarp frá fulltrúum Sambands íslenskra framhaldsskólanna

1. HLUTI (10:15-11:30)
Í HVERJU FELST VANDINN: KYNBUNDIÐ OG KYNFERÐISLEGT OFBELDI Á MEDAL UNGMENNA

Sjúk þjall! Hvað geta skólar lært af ungum brotapolum?
Eygló Árnadóttir, verkefnastýra fræðslu og forvarna á Stígamótum

Hvað vitum við (ekki) um ungt fólk sem brýtur á öðrum?
Anna Kristín Newton, sólfraeðingur hjá Taktu skrifstofu

Stafrænt kynferðisofbeldi: Hin fullkoma þöggun?
Þóráð Elva Þorvaldsdóttir, stjórnarformaður Nordic Digital Rights and Equality Foundation

UMRÆÐUR

2. HLUTI (11:30-12:35)
HVERNIG FRÆÐUM VID NEMENDUR UM KYNBUNDIÐ OG KYNFERÐISLEGT OFBELDI?

Hvernig er draumakynfræðslan?
Kristín Blöndal Ragnarsdóttir, kynjafraeðingur og kennari í Lækjarskóla, og verkefnastýra Innléðingar kynjafraeði og kynfræðslu í grunnskóla Hafnarfjarðar

Hvar er ég? Minnihlutahópar í kyn- og ofbeldisforvarnafræðslu á Íslandi
Benná Sörensen, doktorsnemi í deild menntunar og margbreytileika við HÍ

Ábyrgð og orðræða við ofbeldisfræðslu: Kennarahandbók
Þóráður Kristjánsson, kennari og jafnréttisfulltrúi við Kvinnaskólann í Reykjavík

UMRÆÐUR

HÁDEGISHÉ 12:35-13:15

3. HLUTI (13:15-15:00)
HLUTVERK SKÓLA Í FORVÖRNUM OG VIÐBRÖGÐUM VID KYNFERÐISLEGU OG KYNBUNDNU OFBELDI

Gagnvirk netnámskeið um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni gegn börnum
Kristín Birna Björnsdóttir, sólfraeðingur og sérhæfður rannsakandi hjá Barnahúsi

EKKO-kerfi MI: Heildstæð nálgun, samstarf og forysta
Freyja Rós Haraldsdóttir, jafnréttisfulltrúi og gæðastjóri í Menntaskólanum að Laugavegi

Áfallamiðað nálgun í skólakerfinu: Hvernig mætum við nemendum með áttafögu?
Karen Njósadóttir, sérfræðingur í Atóllum

Á skólinn að reka réttarkerfi?
Steinninn Gyðu- og Guðjónsdóttir, talskona Stígamóta

UMRÆÐUR

Fjölbreytt og yfirgripsmikil dagskrá ráðstefnunar.

Ráðstefnan var skipulögð í ljósi þess að umræðan um kynferðisofbeldi og ungmenni hefur aukist heilmikið undanfarin ár. Stígamót hafa staðið fyrir umfangsmikilli fræðslu til unglinga í gegnum Sjúk ást verkefnið og hægt er að sjá að mörg ungmenni eru orðin miklu meðvitaðri um kynferðisofbeldi og afleiðingar þess en áður. Í kjölfar #metoo byltinga síðustu ára kom haustið 2022 fram ákall frá framhaldsskólanemum um að kynferðisofbeldi sé tekið alvarlega af skólayfirvöldum og að skapaðar verði ásættanlegar aðstæður til náms í framhaldsskólum fyrir þolendur kynferðisbrota. Í framhaldinu varð ljóst að marga skóla skortir áætlanir, þekkingu og verkferla í að takast á við ofbeldi á áfallamiðaðan og brotapolavænan hátt.

Á ráðstefnuna var sérstaklega boðið nýstofnuðum forvarnateymum grunnskólanna og tengiliðum við verkefnið Heilsueflandi framhaldsskóla á framhaldsskólastiginu. Þessir hópar gegna sérstöku hlutverki í aðgerðaáætlun stjórnvalda um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni og eiga að stuðla að forvörnum í sínum skólum. Dagskrá ráðstefnunnar var skipt í þrennt, fyrst var farið yfir eðli og afleiðingar kynferðislegs og kynbundins ofbeldis, síðan var fjallað um hvernig best sé að standa að fræðslu til nemenda þannig að tekið sé tillit til allra þeirra sjónarmiða sem skipta máli í umfjöllun um þennan viðkvæma málaflökk, og að endingu var fjallað sérstaklega um hlutverk skólans, hvað forvarna- og viðbragðsáætlanir þurfa að hafa til að bera og hvað skólastjórnendur þurfa að hafa í huga í viðbrögðum við kynbundnu ofbeldi meðal nemenda skólans. Sérstök áhersla var lögð á praktískar nálganir og skipulagðar umræður á öllum borðum. Efni ráðstefnunnar, þ.e. glærur og upptökur af fyrirlestrum voru gerðar aðgengilegar eftir ráðstefnuna.



Skipulag ráðstefnunnar fór fram í samstarfi við nemendur í MPM meistaranámi í verkefnastjórnun við Háskólann í Reykjavík. Í framhaldi af ráðstefnunni var þátttakendum send eftirfylgnikönnun til þess að afla upplýsinga um gagnsemi ráðstefnunnar og fá hugmyndir að leiðum til áframhaldandi úrbóta. Mikil ánægja var með ráðstefnuna og þátttakendur efdust við að finna fyrir áhuga fólks á málaflökknum og að hitta fagfólk í svipaðri stöðu. Margir sögðu umræðuna á borðum og í stafrænum vinnustofum hafa skipt miklu máli. Mörgum þótti standa upp úr þau hagnýtu atriði og verkfæri sem nýstast í starfi. Einnig fannst fólk mikilvægt að hafa fengið staðfestingu á því að hlutverk skólans sé að hlúa að og byggja upp, ekki að rétta yfir og dæma. Margir töldu að ráðstefnan ætti eftir að hjálpa sér við að sinna hlutverki sínu varðandi kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni meðal unglinga. Margir töldu að þeir sjálf myndu stuðla að framförum í tengslum við forvarnir, fræðslu, stuðning og viðbrögð á því sviði. Svarendur sáu einnig fyrir sér framfarir í formi skýrari verkferla og gerð viðbragðsáætlana. Þá voru margir þeirrar skoðunar að nauðsynlegt

væri að halda sam-
bærilega ráðstefnu að
minnsta kosti árlega,
þar sem þetta yrði
skoðað nánar frá fleirum
sjónarhornum, meðal annars
útfra ábyrgð stjórnvalda til að
tryggja þessum málaflokki stuðning
og eftirfylgni.



Steinunn og Eygló starfskonur Stígamóta, ásamt nemendum í MPM meistaranámi í verkefnastjórnun við HR: Eiríkur Vilhelm Sigurðarson, Eydís Perla Martindóttir, Flóki Guðmundsson og Kristín Harðardóttir.

RÁÐSTEFNA: Ofbeldismenn á Íslandi

Hinn 12. október stóðu Stígamót fyrir ráðstefnunni „Ofbeldismenn á Íslandi“ í þeim tilgangi að varpa ljósi á þá sem bera ábyrgð á ofbeldi í stað þess að einblína á fólk sem verður fyrir ofbeldi. Þetta hefur ekki oft verið gert og vissulega velgdi titillinn mörgum undir uggum enda talað tæpitungulaust. Töluverður fréttaflutningur var af ráðstefnunni auk viðtala við einstaka fyrirlesara dagana á eftir í fjölmiðlum. Ráðstefnan var ætluð öllum sem vilja dýpka skilning á því hverjir séu ofbeldismenn, af hverju þeir fremji ofbeldi, hvernig sé hægt að aðstoða menn til að hætta að beita ofbeldi og hvað það er í menningu okkar og samfélagi sem viðheldur ofbeldi. Skemmst er frá því að segja að gríðarlegur áhugi var fyrir



ráðstefnunni frá fag- og áhugafólki hvaðanæva að, hús-
fyllir var í stærsta ráðstefnusal Reykjavíkur á Hilton auk
fleiri í rafheimum, samtals um 400 manns. Forseti Íslands,

herra Guðni Th. Jóhannesson setti ráðstefnuna og fjöldi
fyrirlesara með sérþekkingu miðlaði úr pontu. Stígamót kynntu afrakstur gagnagreiningar á ofbeldis-
mönnum sem sagt er frá annars staðar í þessari skýrslu
og sama gerði Kvænnaathvarfið. Mikil ánægja var með
ráðstefnuna og ljóst að Stígamót voru þarna að svara kalli
sam tímans og áframhaldandi umfjöllun um ofbeldismenn
nauðsynleg. Dagskráin var svo:

OFBELDISMENN Á ÍSLANDI	
8:30	Skráning
9:00	Setning ráðstefnu - hr. Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands flytur ávarp
9:15	„Hverjir beita ofbeldi og af hverju?“ - kveikja
9:30	Stígamót – hverjir eru ofbeldismennirnir á bak við komur til Stígamóta? - Anna Þóra Kristinsdóttir, sálfræðingur og ráðgjafi hjá Stígamótum
9:45	Kvænnaathvarfið – hverjir eru ofbeldismennirnir á bak við komur til Kvænnaathvarfsins? - Linda Dröfn Gunnarsdóttir, framkvæmdastýra Kvænnaathvarfs
10:00	Getur ofbeldi verið hinsegin? - Svandís Anna Sigurðardóttir, verkefnastýra fræðslu og forvarna hjá Stígamótum
10:15	Typpamyndin í innhólfinu og nettröllið í rúminu: Um gerendur stafræns ofbeldis gegn konum á Norðurlöndunum - Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, stjórnarformaður NORDREF, Nordic Digital Rights and Equality Foundation
10:30	Morgunkaffi
11:00	Thinking about young men's violence against women - reflections from the Swedish context - Kalle Berggren, Associate Professor in department of Child and Youth Studies at Stockholm University.
11:30	„Hvað gerum við við gerendur?“ - kveikja
11:45	Taktu skrefið, meðferð ofbeldismanna og árangur - Anna Kristín Newton, sálfræðingur
12:00	Heimilisfriður, meðferð ofbeldismanna og árangur - Andrés Proppé Ragnarsson, sérfræðingur í klínískri sálfræði
12:15	Safe and accountable perpetrator work: current practices in Europe and quality standards - Sandra Jovanovic Belotic, Training and Capacity Building Manager, Work with perpetrators in Europe
12:45	Umræður
13:00	Hádegismatur
13:45	„Menningin, samfélagið og ofbeldismennirnir“ - kveikja
14:00	„Ég sagði fyrirgefðu“: Ábyrgðarkrafa og samfélagslegar væntingar til gerenda ofbeldis - Dr. Katrín Ólafsdóttir, doktor í gagnrýnum fræðum.
14:30	Incel hópurinn: Kvenhatur, öfgavæðing og samsæri á internetinu - Dr. Bjarki Þór Grönlfeldt, lektor við Háskólann á Bifröst
15:00	Umræður á borðum
15:30	Umbreytingar og ódæmigert réttlæti - Dr. Gyða Margrét Pétursdóttir, prófessor í kynjafræði við Stjórnmalafraeðideild Háskóla Íslands og Dr. Hildur Fjóra Antonsdóttir lektor í lögreglufræði við Félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri
16:00	Bandamenn í baráttunni gegn ofbeldi - Stígamót kynnrir hvernig þú getur lagt baráttunni lið
16:15	Ráðstefnulok

Ofbeldismannaskýrslan – Greining á gögnum Stígamóta

Í tengslum við ráðstefnu Stígamóta um ofbeldismenn á Íslandi kom út ný skýrsla með greiningu á gögnum Stígamóta um ofbeldismenn kynferðisofbeldis. Umræðan um kynbundið- og kynferðisofbeldi hefur aukist mikið undanfarin ár, en áherslan á hverjir beita ofbeldinu er ekki mjög áberandi. Leiðin til að auka umræðuna er meðal annars að safna og greina gögn um þá sem beita ofbeldi og gera tilraun til að kortleggja ofbeldismenn, birtingarmyndir ofbeldisins og þá ofbeldismenningu sem við erum að glíma við. Skýrslan er framlag Stígamóta til umræðunnar um hverjir séu ofbeldismenn og af hverju þeir beiti ofbeldi.



Anna Þóra Kristinsdóttir sálfræðingur kynnti rannsókn um ofbeldismenn brotaþola sem leitað hafa til Stígamóta á ráðstefnu Stígamóta um ofbeldismenn á Íslandi.

Skýrslan skiptist í þrennt: Fyrsti hlutinn skoðar af hverju það er mikilvægt að safna gögnum um ofbeldismenn. Í öðrum hluta skýrslunnar er að finna greiningu Önnu Þóru Kristinsdóttur sálfræðings og starfskonu Stígamóta á tölfraðigögnum sem safnað er meðal þeirra sem sóttu þjónustu samtakanna vegna

kynferðisofbeldis á árunum 2013–2021. Niðurstöðurnar eru unnar upp úr gögnum sem Stígamót hafa safnað saman um það ofbeldi sem notendur þjónustu okkar hafa orðið fyrir. Við höfum um árabíl spurt um ofbeldismennina, hverjir þeir séu, hver tengsl þeirra eru við brotaþola og hvernig þeir hafi til dæmis brugðist við þegar þeir eru gerðir ábyrgir fyrir ofbeldinu. Í þriðja hlutanum er að finna efni til að styðja við aukna umræðu um ofbeldismenn. Tekið er saman hvað er hægt að gera til þess að vinna gegn kynbundnu ofbeldi, nánar tiltekið hvað við getum öll gert til þess að skapa ábyrgðamenningu í okkar daglega lífi, það er menningu þar sem er ekki bara sjálfgefið að styðja við brotaþola, heldur þar sem ofbeldismenn eru kallaðir til ábyrgðar og þeir aðstoðaðir við að axla ábyrgð. Aftast í skýrslunni er að finna samantekt á ýmsum innlendum og erlendum rannsóknum um ofbeldismenn.

Allir ráðstefnugestir fengu eintak af skýrslunni með hvatningu til að nota fróðleik úr henni og erindum ráðstefnunnar til að takast á við ofbeldismenningu í sínu umhverfi. Skýrslan fékk ágætis umfjöllun í nokkrum fjölmiðlum.

Helstu niðurstöður

- Langflestir ofbeldismanna eru íslenskir karlar og yfir helmingur ofbeldismanna var á aldrinum 18 til 39 ára þegar þeir beittu brotaþola kynferðisofbeldi.
- Meirihluti ofbeldismanna voru tengdir þeim sem þeir brutu á fjölskylduböndum eða voru vinir og kunningjar þeirra.
- Ofbeldismenn gerðu oft eitthvað til að undirbúa og/eða viðhalda kynferðisofbeldinu sem þeir beittu. Um 43% ofbeldismanna unnu sér inn traust brotaþola og um 32% þeirra byggði upp tilfinningaleg tengsl.
- Lágur hlutfall brotaþola höfðu rætt við ofbeldismann um kynferðisofbeldið sem þeir beittu þá. Í um helmingi tilfella, þar sem brotaþoli hafði rætt ofbeldið við ofbeldismanninn og greint frá því hvernig ofbeldismaður brást við, kenndi ofbeldismaður brotaþola um ofbeldið eða hafnaði því alfarið.
- Meðalaldur brotaþola sem ræddu kynferðisofbeldið við ofbeldismann var lægri borið saman við meðalaldur brotaþola sem höfðu ekki rætt kynferðisofbeldið við ofbeldismann.
- Fáir ofbeldismenn voru kærðir til lögreglu. Enn færri fengu dóm á hærri dómstigum.
- Meirihluti ofbeldismenn sem beitti stafrænu kynferðisofbeldi voru makar, fyrrverandi makar, vinir eða kunningjar þeirra sem þeir brutu á.
- Munur er á því ofbeldi sem karlar og konur beita. Hærra hlutfall þeirra kvenna sem skráðar eru gerendur eru líklegri til að hafa beitt sífjaspelli eða kynferðislegri áreitni borið saman við sambærilegt hlutfall karla.
- Munur var á aðferðum ofbeldismanna af ólíkum kynjum. Hærra hlutfall karla sem beittu kynferðisofbeldi gáfu brotaþola gjafir borið saman við konur sem beittu kynferðisofbeldi.
- Munur er á því ofbeldi sem ofbeldismenn á ólíkum aldri beittu. Hærra hlutfall ofbeldismanna sem voru 18 ára eða eldri nauðgaði borið saman við sambærileg hlutföll ofbeldismanna í yngri aldurshópum. Hærra hlutfall ofbeldismanna sem voru 13 ára eða yngri beittu sífjaspelli eða kynferðislegri áreitni borið saman við sambærileg hlutföll í eldri aldurshópum. Hærra hlutfall ofbeldismanna á aldrinum 14 til 17 ára gerðu tilraun til nauðgunar borið saman við sambærilegt hlutfall hinna hópanna.

- Eftir því sem ofbeldismenn eru eldri eru meiri líkur á að þeir gefi gjafir eða veiti aðgang að hlutum, beiti líkamlegu ofbeldi eða kenna brotapolum um samanborið við yngri ofbeldismenn.

- Yngri ofbeldismenn eru líklegri til að nota hótanir samanborið við þá sem eldri eru.

- Vitað er að 18,5% ofbeldismanna hafa beitt aðra en brotþola kynferðisofbeldi.
- Kynferðisofbeldi hefur áhrif á aðstandendur ofbeldismanna. Í rúmlega helmingi tilfella hafði kynferðisofbeldið gert samskipti aðstandanda ofbeldismanns og ofbeldismanns sjálfs erfiðari.

Mansalsmál og flóttafólk

Straumhvörf urðu í málefnum flóttafólks og hælisleitenda á árinu þegar ný lög um útlendinga voru samþykkt en þau heimiluðu að fólki sem hafði verið neitað um vernd væri svipt allri þjónustu, húsnæði, fæðispeningum, strætókorti, lögfræðiráðgjöf og svo framvegis. Meðal þeirra fyrstu sem urðu fyrir barðinu á þessum breyttu lögum voru skjól-stæðingar Stígamóta, þolendur mansals sem Stígamót hafa beitt sér fyrir. Í kjölfarið tóku Stígamót þátt í að koma brotapolunum fyrir í húsnæði og þrýsta á um úrbætur. Hluti af því var að ganga til samstarfs við önnur félagasamtök, senda út yfirlýsingar og boða til stórs fundar með ráðherrum. Sá fundur var haldinn í húsnæði Hjálpræðis-hersins hinn 21. ágúst og stýrði Drífa Snædal fundinum en 23 samtök stóðu að honum. Í kjölfarið, en þó ekki fyrr en tveimur mánuðum síðar, var sett á fót næturathvarf fyrir þjónustusvipt fólk á vegum Rauða krossins með stuðningi félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins. Enn eru mansalsþolendur þó í lausu lofti og geta ekkert farið af ótta við að lenda aftur í mansali og telja Stígamót það vera brot á alþjóðaskuldbindingum Íslands um vernd mansals-brotþola.

Í Bjarkarhlíð er starfrækt mansalsteymi sem samanstendur af Jenný Kristín Valberg, teymisstjóra Bjarkarhlíðar, Margréti Steinarsdóttur framkvæmdastjóra Mannréttindaskrifstofu Íslands og Drífu Snædal talskonu Stígamóta sem tók sæti í teyminu í mars 2023. Auk þeirra er ávallt einn fulltrúi frá lögreglu höfuðborgarsvæðisins í teyminu. Fjöldmörg mál komu til kasta teymisins sem hefur það verkefni að samræma aðgerðir til að tryggja öryggi brotþola og vinna að framgangi rannsókna mansalsmála og voru um 50 hugsanlegir brotþolar undir í þessum málum. Flest þessara mála vörðudu grun um vinnuman-

sal og var það unnið náið með verkalýðshreyfingunni en skráðir voru 44 fundir teymisins í gegnum teams. Mansalsteymið er tilraunaverkefni en með tilkomu þess eru meiri líkur á að mansalsmál fái framgang í kerfinu og ekki síst að brotþolarnir njóti verndar og öryggis. Auk vinnu í teyminu og fyrir einstaka brotþola stóðu Stígamót að námskeiðshaldi um mansalsmál í samstarfi við verkalýðs-hreyfinguna, lögregluna og Bjarkarhlíð auk þess að halda fjölda fyrirlestra um mansalsmál.



Blessing er þjónustusvipt og þolandi mansals en hefur beitt sér og ljáð baráttunni rödd.

Vændi

Vændi er ein alvarlegasta birtingarmynd kynbundins ofbeldis þar sem enn þrífst það viðhorf víða í samfélaginu að líkamar (oftast kvenna) séu til kaups og afnota fyrir karlmenn í flestum tilvikum. Árum saman hafa Stígamót tekið á móti fólki úr vændi, veitt ráðgjöf og verið með sérstakt hópastarf fyrir brotþola vændis. Árið 2022 var haldin ráðstefna á vegum Stígamóta og samtökin studdu einnig við útgáfu bókarinnar Venjulegar konur eftir Brynhildi Björnsdóttur þar sem konur sögðu frá reynslu sinni af vændi. Sama ár gerðu Stígamót rannsókn á eigin gögnum sem var sláandi og kom í ljós að fólk í vændi glímdi við alvarlegri afleiðingar brotanna en brotþolar annars konar ofbeldis. Árið 2023 var lögð áhersla á að dreifa þessari vitneskju sem víðast, bæði innanlands og erlendis og létum við þýða rannsókn okkar á ensku. Rannsóknin vakti töluverða athygli og var til þekkingarauka víða um heim. Þá var töluverð vinna unnin í samstarfi við brotþola vændis við að miðla þekkingu þeirra á þessum heimi til fagfólks í þeim tilgangi að bæta verklag og móttökuskilyrði félagsþjónustu, lögreglu og heilbrigðisþjónustu. Sú vinna mun vonandi skila sér á næstu misserum í forvörnum, greiðari leið út úr vændi og betri skilning gagnvart brotþolum og skaðsemi vændis yfir höfuð fyrir einstaklinga og

samfélagið. Stígamót halda áfram samstarfi á erlendum vettvangi um þessi mál, bæði í gegnum CAP (Coalition for the Abolition of Prostitution) og *Gloria Steinem Equality Fund To End Sex Trafficking*.

Málþing um Guðrúnu eldri og útgáfa baráttusögu



Á haustdögum kom út baráttusaga dr. Guðrúnar Jónsdóttur félagsráðgjafa og einn stofnanda Stígamóta í ritun Ingibjargar Daggar Kjartansdóttur.

Fáar ef nokkur kona hefur lagt jafn þung lóð á vogaskálar baráttunnar gegn ofbeldi og dr. Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi. Það var fyrir eldmóð hennar sem Stígamót voru stofnuð árið 1990 en auk þess kom hún að stofnun Samtaka um kvennaathvarf, Kvennaráðgjafarinnar, Kvennaframboðsins og Kvennalistsans á níunda áratug síðustu aldar svo eitthvað sé talið. Hún var fyrsti félagsráðgjafinn á Íslandi og sótti sér menntunar út fyrir landsteinana. Hún var kjörin fulltrúi í borgarstjórn Reykjavíkur og fyrsta talskona Stígamóta.

Það var því mikill hvalreki að Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir skyldi skrá niður ævi og baráttusögu dr. Guðrúnar og kom bókin „Ég verð aldrei ungrú meðfærileg“ út í lok árs 2023 og hlaut tilnefningu til íslensku bókmenntaverðlaunanna. Guðrún lifði það að bókin kæmi út en lést í byrjun janúar árið 2024 södd lífdaga. Hún var sæmd ridd-

arakrossi hinnar íslensku fálkaorðu árið 2007 fyrir frumherjastörf í félagsráðgjöf og framlag til réttindabaráttu.

Í tilefni útgáfu bókarinnar var haldið málþing um Guðrúnu fyrir fullum sal í Veröld og tóku Stígamót þátt í þeim viðburði með því að skreyta salinn með skiltum og öðrum munum úr kvennasögunni, ræðu sem Drífa Snædal flutti fyrir hönd Stígamóta og tónlistaratriðum á málþinginu í flutningi Kristjönu Stefánsdóttur.

Í umfjöllun um málþingið sagði Guðrún Jónsdóttir (yngri) sem tók við talskonuhlutverki Stígamóta af eldri nöfnu sinni:

„Hún hafði tileinkað sér hina nýju hugsun og hinar nýju aðferðir og varð snillingur í að gera grín að hinu grafalvarlega ofbeldi og þeirri grafalvarlegu kúgun sem konur voru beittar og það gat verið beittasta verkfærið í baráttunni ... hún er snillingur í að virkja grasrótina, óhrædd, eldklár, skrifaði doktorsritgerðina sína um kynferðisofbeldi þannig að það var ákaflega vel vandað til verka við tilurð Stígamóta. Mig langar bara að segja að ég er svo þakklát fyrir að sagan hennar sé komin á bók vegna þess að mér finnst að sagan hennar Guðrúnar sé saga okkar allra“.

En gefum Guðrúnu sjálfri orðið, en í baráttusögunni segir hún meðal annars:

Fram undan er ný orrusta í stríðinu gegn konum. „Nú þarf að ná saman stórum hópi kvenna sem beinir öllum sínum kröftum að tveimur þáttum, baráttunni gegn launamisrétti og baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi. Þessa baráttu þarf að nálgast sem alvöru stríð,“ segir Guðrún.

„Fram til þessa hafa ekki náðst neinar verulegar breytingar, aðeins lítil skref í átt að breytingum, áfangasigrar.“ Guðrún segir einkennandi fyrir kvennabaráttuna hvernig þráðurinn sem heldur öllu saman slitnar. Þekking og reynsla færast ekki á milli kynslóða, svo að allt of mikil orka fer í endurtekningar, með örlitlum breytingum á orðavali eða framkomu.

Enn er einkennandi hvað baráttan hvílir á herðum fárra einstaklinga. „Það er þreytandi að taka alla slag, þannig að konur sem standa í fremstu víglínunni brenna út. Því þarf að nálgast baráttuna sem alvöru stríð. Í stríði leggja herforingjar upp með heri þannig að það komi maður í manns stað, þar eru baksveitir og framvarðarsveitir. Af hverju ættu konur ekki að nota kerfi sem búið er að sannreyna að virkar? Með því að skapa slíkt kerfi þyrftu sömu konur ekki að taka alla slag. Konur gætu stigið inn og út úr baráttunni. Þegar ein væri búin með vaktina tæki önnur við. Á meðan gæti hún farið í sund og gufu, borðað góðan mat og drukkíð vín, og komið endurnærð í næsta slag.“

Strákarnir á Stígó - greining á gögnum um karlkyns brotaþola

Í júní var haldin í Háskólanum í Reykjavík ráðstefna um kynferðisbrot gegn drengjum. Á dagskrá var fjöldi erinda fagfólks og rannsakanda. Hjálmar Sigmarsón ráðgjafi Stígamóta var með erindi þar sem hann fór yfir þjónustu fyrir karlkyns brotaþola. Einnig kynnti hann nýlega greiningu á gögnum okkar sem var unninn af Önnu Þóru Kristinsdóttur sálfræðingi og starfskonu á Stígamótum.



Í úttektinni kom meðal annars fram að á tímabilinu 1990 til 2022 hafa 903 karlkyns brotaþolar leitað aðstoðar á Stígamótum. Þessi greining notaðist við gögn frá tímabilinu 2013-2021 og á þeim tíma leituðu 458 karlkyns brotaþolar sér aðstoðar vegna kynferðisofbeldis. Greiningin á gögnunum var tvíþætt, annars vegar var gerður samannburður á svörum karla og kvenna þegar þau mættu fyrst til Stígamóta á þessu tímabili og hins vegar var gerður samannburður á svörum karlkyns brotaþola sem urðu fyrst fyrir kynferðisofbeldi 17 ára eða yngri og karlkyns brotaþola sem urðu fyrst fyrir kynferðisofbeldi 18 ára eða eldri. Stór meirihluti karlanna urðu fyrst fyrir ofbeldi 17 ára eða yngri.

Þegar borið er saman hvaða afleiðingar kynferðisofbeldis einstaklingar merkja við, þá merkja karlkyns brotaþolar oftast við sjálfsvígshugsanir, reiði, einangrun og hegðunar-erfiðleikar. Auk þess nefna fleiri karlar samannborið við konur, neyslu eða athafnir sem skerða lífsgæði eða trufla

daglegt líf sem sjálf skaðandi hegðun. Þar nefna karlar oftast neyslu áfengis og vímuefna og lyfja, ásamt kynlífsiðkun, þátttaka í fjárhættuspil/tölvuleik og klámnotkun.

Þegar bornir eru saman karlkyns brotaþolar sem urðu fyrst fyrir kynferðisofbeldi fyrir 18 ára aldur við karla sem urðu fyrir kynferðisofbeldi fyrst eftir 18 ára aldur kemur í ljós að yngri hópurinn er að glíma við meiri og flóknari afleiðingar, eins og reiði, sjálfsvígshugsanir, tilfinningalegan doða, erfiðleika í samböndum og samskiptum, einangrun og hegðunarerfiðleika. Einnig tiltaka þeir oftast afleiðingar eða athafnir sem skerða lífsgæði eða trufla daglegt líf, eins og neysla áfengis, vímuefna/lyfja, neysla matar, kynlífsiðkun, þátttaka í fjárhættuspilum og/eða tölvuleikjum og klámnotkun. Þetta er í takt við niðurstöður bæði kven- og karlkyns brotaþola.

Einnig kom fram í þessum gögnum að karlar hafa oftast gert tilraun til sjálfsvígs en konur og þeir sem lenda fyrst í kynferðisofbeldi 17 ára eða yngri hafa oftast gert tilraun til sjálfsvígs en þeir sem lenda fyrst í kynferðisofbeldi eftir 18 ára aldur.

Ráðstefnan vakti mikla athygli og var rætt við Hjálmar um þessar niðurstöður í nokkrum fjölmiðlum.

Hugrekki- og viðurkenning Stígamóta 2023

Síðan 2008 hafa Stígamót veitt viðurkenningar fyrir mikilvægt starf í þágu baráttunnar gegn kynferðisofbeldi. Við höfum veitt jafnréttisviðurkenningar, réttlætisviðurkenningar, sannleiksviðurkenningar, samstöðuviðurkenningar og ýmislegt fleira sem okkur hefur þótt mikilvægt. Í ár voru veittar viðurkenningar til þeirra sem lögðu hönd á plóg til að vekja athygli á brotum Skeggja Ásbjarnarsonar kennara við Laugarnesskólann í Reykjavík. Af því tilefni var haldin lítil samkoma á Stígamótum 14. nóvember til að afhenda aðstandendum og þátttakendum verkefnisins viðurkenningar.



Á myndinni eru: Anna Björg Thorsteinsón, Grétar Guðmundsson, Björg Guðrún Gísladóttir, Dr. Sólveig Ólafsdóttir, Grétar Sigmarsón, Sigurður Ingi Jónsson og Þorsteinn J. Vilhjálmsson.

Þorsteinn J. Vilhjálmsson og Dr. Sólveig Ólafsdóttir fengu viðurkenningu fyrir útvarps- og sjónvarpsþættina um Skeggja. Í umfjöllun sinni rannsökuðu þau brot hans gegn drengjum og stúlkum. Þættirnir vörpuð ljósi á hvernig horft var fram hjá alvarlegum kynferðisbrotum gegn börnum áratugum saman. Með vandaðri umfjöllun sinni fengu brotapolar loksins rödd eftir kerfisbundna þöggun samfélagsins.

Einnig fengu brotapolar sem komu fram í þáttunum hugrekki viðurkenningu. Með því að segja frá reynslu sinni og hvaða áhrif ofbeldið, þöggunin og afleiðingarnar hafa haft á þeirra líf greiddu þau leiðina fyrir aðra brotþola.

Átök stór og smá

Reglulega fara Stígamót í stærri og minni átök til að bregðast við umræðu, fræða eða afla fjár. Nokkur slík minni átök voru framkvæmd á árinu og má þar helst nefna:

Klámsspjall

Í febrúar komu út leiðbeiningar fyrir foreldra um hvernig gott er að taka samtal við börn og unglunga um klám. Verkefnið var unnið á vegum Stígamóta í samstarfi við Frístundamiðstöðina Tjörnina, Jafnréttisskóla Reykjavíkurborgar, Menntavísindasvið Háskóla Íslands og RannKYN (Rannsóknarstofu um jafnrétti, kyngervi og menntun).

Áhorf á klám er mjög almennt og reglulegt meðal stórs hóps unglunga hér á landi samkvæmt lýðheilsurannsóknnum enda hefur aðgengi að því stóraukist síðustu 20 ár. Öll börn og unglingar sem eiga snjalltæki hafa svo til óheftan aðgang að grófu og ofbeldisfullu klámefni. Erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á að skaðlegar afleiðingar áhorfs á klám geta verið miklar og langvarandi, ekki síst fyrir börn og unglunga sem ekki eru fullmótuð með tilliti til bæði sjálfsmyndar og heilaproska. Skaðsemi kláms felst m.a. í því að ýta undir verulega óraunhæfar væntingar um útlit líkama (bæði eigin og annarra) sem og frammistöðu í kynlífi.

Megnið af klámi sem er framleitt er samtvinnað niðurlægingu, kvenfyrirlitningu, sífjaspellum, rasisma eða öðru ofbeldi. Þetta gera margir foreldrar sér ekki grein fyrir þó þau vilji vernda börn sín eftir fremsta megni. Til að auðvelda foreldrum samtalið gáfu Stígamót út samtalsleiðbeiningar til að hjálpa foreldrum að finna öryggi og réttu orðin til að taka spjallið.

Leiðbeiningarnar eru skrifaðar með ólíka aldurshópa í huga og snerta á hlutum eins og hvaða tón er gott að nota, hvar og hvenær er gott að spjalla og til hvaða orða sé gagnlegt að grípa. Í leiðbeiningunum felst nánari

fræðsla um skaðsemi kláms þannig að foreldrar öðlist þekkingu sem nýtist þeim í samtali við börn sín. Þá er líka fjallað um hvernig sé hægt að bregðast við ef barnið hefur þegar séð klám eða notar það reglulega. Foreldrar geta gegnt lykilhlutverki í að fræða börn og unglunga þannig að þau geti svo nálgast kynlíf á jákvæðan, skemmtilegan og öruggan hátt á eigin forsendum.



Leiðbeiningarnar er hægt að nálgast á heimasíðu Stígamóta. <https://stigamot.is/klamspjall/>



Til að kynna leiðbeiningarnar var framleitt kynningarmyndband þar sem foreldrar ungmenna bregðast við ýmsu sem tengist umræðunni um klám og ungmenni.

Styrktu um eitt samtal

Til að auglýsa Sjúkt spjall og styrkja fjárhagslega við áframhaldandi verkefni var rekin herferðin „Styrktu um eitt samtal/spjall.“ Samkvæmt útreikningum kostar eitt spjall í kringum 2.500 krónur og vefborðar voru kynntir vel og víða til að gefa fólki færi á að smella á hlekkinn og styðja við starfið. Verkefnið var árangursríkt og lifir enn á vefsíðu Stígamóta. Í tengslum við átakið var einnig vakinn athygli á ráðgjöf og stuðning fyrir aðstandendur brotþola auk þess sem fólki gafst tækifæri til að taka fræðsluþróf um einkenni ofbeldis meðal ungs fólks.

Taktu afstöðu gegn ofbeldi

Í aðdraganda verslunarmannahelgarinnar var svo farið af stað með litla sumarherferð undir heitinu „Njótum sumarsins án ofbeldis.“ Tilgangurinn var að sjálfsögðu að vekja athygli á því að ofbeldi sé ekki eðlilegur fylgifiskur útihátíða eða sumarskemmtana auk þess að vekja athygli á starfsemi Stígamóta

meðal yngri hópanna. Herferðin var rekin á samfélagsmiðlum þar sem fólk fékk tækifæri til að taka afstöðu með gagnvirku efni og í lok sumars var dregin út heppinn þátttakandi sem fékk gjafabréf í útivistaverslun. Þau sem tóku þátt fengu svo símtal um haustið þar sem þeim var boðið að gerast mánaðarlegir styrktaraðilar Stígamóta. Texti gagnvirka efnisins var svo:

1. **Ég stunda ekki kynlíf eða önnur kynferðismök með manneskju sem;**
 - a. gefur ekki samþykki,
 - b. er ekki í aðstöðu eða ástandi til að gefa samþykki, og
 - c. dregur samþykki sitt til baka á einhvern hátt hvort sem það sé með orðum eða hátterni.
2. **Ég hlæ ekki né bregst jákvætt við drusluskömmun, nauðgunarbröndurum eða réttlætingu á kynferðisofbeldi.**
3. **Ég styð fólk í kringum mig sem hefur orðið fyrir ofbeldi og geri ekki lítið úr upplifun eða líðan þeirra.**

Takk fyrir að taka þátt og styðja okkur í baráttunni gegn kynferðisofbeldi. Samfélagsleg vitundarvakning gegnir mikilvægu hlutverki í að gera helgina ánægjulega fyrir okkur öll. Stígamót bjóða upp á ýmis úrræði fyrir brotaþola og aðstandendur þeirra ásamt fræðslu fyrir hópa og einstaklinga. Ekki hika við að leita til okkar ef þú eða einhver sem þú þekkir hefur orðið fyrir ofbeldi.

Þau sem tóku þátt fengu einnig tölvupóst með þökkum fyrir að leggja baráttunni lið, úrræðum fyrir brotaþola og leiðir til að leggja frekar hönd á plóg í baráttunni gegn ofbeldi.


Of margir menn

Samhliða ráðstefnunni „Ofbeldismenn á Íslandi“ fóru Stígamót af stað með herferðina „Of margir menn“ í samstarfi við TAKK-miðlun. Herferðin var aðallega birt á samfélagsmiðlum og heiti hennar kallast á við þrástefið „not all men“ sem oft er notað til að gera lítið úr baráttunni gegn ofbeldi. Að einblína á ofbeldismenn er, ótrúlegt en satt árið 2023, frekar róttæk hugmynd og vakti ráðstefnan og herferðin töluverðar tilfinningar í brjóstum fólks og fóru ýmsir hamförum á samfélagsmiðlum. Með gervigreind voru búnar til myndir af þremur mönnum, þeim Jonna, Magga og Óla. Allir eru þeir venjulegir menn sem fólk í kringum þá þykir vænt um og njóta virðingar meðal almennings en beita engu að síður ofbeldi í ákveðnum aðstæðum.

Herferðin talaði beint inn í hjörtu fólks enda ekki úr lausu lofti gripin og finna má samlíkingu í opinberri umræðu síðustu ára. Ljóst er að með gervigreind hafa möguleikar til framleiðslu á kynningarefni margfaldast til að koma mikilvægum en oft viðkvæmum skilaboðum áleiðis. Hluti herferðarinnar var að fólk gafst tækifæri til að undirrita áskoronina „Ég ætla hvorki að viðhalda ofbeldismenningu né upphefja ofbeldismenn“ en þar má einnig finna herferðina auk upplýsinga úr skýrslu Stígamóta um ofbeldismenn.



Hluti af átakinu „Of margir menn.“



Kvennaverkfallið 2023

Hinn 24. október lögðu konur og kvár niður störf utan og innan heimila til að krefjast jafnréttis undir slagorðinu „Kallarðu þetta jafnrétti?“ Talið er að um 100.000 einstaklingar hafi safnast saman á útifundi á Arnarhóli en baráttufundur og göngur voru haldnar um allt land, alls á 20 stöðum. Undirbúningurinn stóð í nokkra mánuði og kom starfsfólk Stígamóta að hluta undirbúningsins sem þó var aðallega á herðum starfsfólks BSRB og verkefnastýru sem ráðin var í átakið. Kröfurnar fjölluðu um jafnrétti á vinnumarkaði og í launum en einnig inni á heimilum og frelsi undan ofbeldi. Þar með var viðurkennt að baráttan fyrir launajafnrétti og baráttan gegn kynbundnu ofbeldi sé í raun sama baráttan með ólíkum birtingamyndum.

Kvennaverkfallið varð fréttafni út um allan heim og hingað streyndu erlendir fjölmiðlar til að fjalla um fram-sækna kynjavaráttu á meðan víða um heim ríkir bakslag.



Talið er að um 100 þúsund konur og kvár hafi tekið þátt í baráttufundi kvennaverkfallsins á Arnarhóli 24. október.

Áhuginn hélt út árið 2023 og talskona Stígamóta fór í fleiri viðtöl við erlenda miðla en tölu er á. Almenn er talið að áhrif þess þegar konur lögðu niður störf í fyrsta sinn árið 1975 hafi varað næstu ár og jafnvel áratugi. Áhrif aðgerða sem þessa verður því ekki mæld í þátttöku á deginum sjálfum heldur næstu ár í valdeflingu kvenna, samstöðunni og endurómum krafna frá deginum. Þá er ekki síður mikilvægt að minna sig á baráttu undan-ginginna áratuga og hvað konur og kvár geta gert stór kraftaverk þegar svo ber undir. Kröfur dagsins munu því vonandi enduróma næstu ár og áratugi þar til fullu jafnrétti er náð en kröfurnar sem lesnar voru upp á Arnarhóli og um allt land eru:

- **Við krefjumst leiðréttingar á vanmati „svokallaðra“ kvennastarfa!**
- **Að atvinnurekendur hætti að veita sér afslátt á launum kvenna og kvára!**
- **Við krefjumst sértækra aðgerða til þess að leiðrétta kjör þeirra kvenna og kvára sem lægstar tekjur hafa, því engin á að þurfa að lifa við fátækt!**
- **Við krefjumst þess að launamisrétti og mismunun verði útrýmt!**
- **Að konur og kvár geti lifað af launum sínum og fái tækifæri til að þróast í starfi til jafns við karla!**
- **Að fatlaðar konur og kvár hafi tækifæri til atvinnuþátttöku til að geta bætt kjör sín!**
- **Að menntun og hæfni kvenna af erlendum uppruna sé metin að verðleikum!**
- **Að konum og kvárum verði ekki lengur refsað fjárhagslega fyrir þá ólaunuðu umönnunarábyrgð sem þau axla yfir ævina og gjalda fyrir þegar á lífeyrisaldur er komið.**
- **Að gert verði samfélagslegt átak til að útrýma fordómum gegn fólki með fötlun, hinsegin fólki, fólki af erlendum uppruna og öðrum jaðarhópum.**
- **Við krefjumst þess að karlar taki ábyrgð á við konur og kvár!**
- **Taki ábyrgð á ólaunuðum heimilisstörfum og við umönnun fjölskyldumeðlima!**
- **Taki ábyrgð á ólaunaðri þriðju vaktinni!**

- **Við krefjumst þess að konur og kvár séu ekki í fjárhagslegum fjötrum ofbeldismanna!**
- **Að konur og kvár fái stuðning við að byggja upp fjárhagslegt sjálfstæði eftir að hafa lifað af kynbundið fjárhagslegt ofbeldi!**
- **Við krefjumst réttlætis og réttarbóta fyrir þolendur kynferðislegs og kynbundins ofbeldis!**
- **Að ofbeldismenn sæti ábyrgð og kynfrelsi sé virt!**
- **Að konur og kvár njóti öryggis og frelsi frá ofbeldi og áreitni í vinnunni, heima og í almannarými!**
- **Að kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi verði útrýmt!**
- **Við krefjumst þess að stjórn málin geri kröfur Kvennaverkfalls að forgangsmáli! STRAX!**

VIÐ KREFJUMST AÐGERÐA OG BREYTINGA! NÚNA!



Í október afhenti Þórunn Þórarinsdóttir ráðgjafi hjá Stígamótum Rakel Adolphsdóttur hjá Kvennasögusafinu gögn er varða sögu Stígamóta. Gögn þessi eru mörg frá stofnun Stígamóta og fyrstu starfsárum samtakanna. Þau verða héðan í frá varðveitt af Kvennasögusafninu og eru öllum aðgengileg sem áhuga hafa á að kynna sér sögu Stígamóta.

Fjármál og skipulag Stígamóta

Mánaðarlegir styrktaraðilar



Götukynnar Stígamóta voru á ferð sumarið 2023 og var vel tekið. Á myndinni eru taldar frá vinstri: Gréta Dögg Þórisdóttir, Íris Birna Hammer og Hafdís Lind Magnúsdóttir.

Framlög mánaðarlegra styrktaraðila til starfsemi Stígamóta eru stærsti tekjuliður samtakanna. Í lok árs voru mánaðarlegir styrktaraðilar rétt tæplega 7500 talsins og mynda þeir styrkan fjárhagslegan grunn fyrir samtökin. Þessir styrktaraðilar hafa hjálpað til við að svara aukinni eftirspurn eftir aðstoð við brotaþola kynferðisofbeldis og gert forvarnaverkefni á borð við Sjúkást að veruleika. Framlögín eru Stígamótum ómetanleg en heildarframlag einstaklinga á árinu voru rúmar 142 milljónir króna.

Framlög opinberra aðila

Frá stofnun hafa Stígamót fengið rekstrarframlag frá stjórnvöldum í gegnum félagsmálaráðuneytið. Án þessa stuðnings frá ríkinu gætu Stígamót ekki haldið úti ráð-

gjafaþjónustunni fyrir þau mörg hundruð manns sem hana sækja á hverju ári. Á árinu 2023 nam þessi upphæð kr. 85.883.333. Stígamót þjónustar fólk á öllu landinu, stundum með því að mæta á staðinn en aðallega í gegnum fjarfundi ef fólk treystir sér ekki eða kemst ekki til Stígamóta. Ár hvert senda Stígamót fjárbeiðni til allra sveitarfélaga á Íslandi og bjóða þeim að taka þátt í baráttunni gegn kynferðisofbeldi með því að styrkja starfsemina. Stígamót og Reykjavíkurborg hafa verið með þjónustusamning til margra ára og nemur framlag borgarinnar nú kr. 11.880.000 á ári. Minni sveitarfélög leggja til lægri upphæðir en á árinu styrktu önnur sveitarfélög Stígamót um samtals kr. 7.935.000.

Til viðbótar fast rekstrarframlag fengu Stígamót framlög frá hinu opinbera í tilgreind verkefni. Jafnréttissjóður styrkti netspjallið sérstaklega um eina milljón króna, Forsætisráðuneytið styrkti ráðstefnuna um Ofbeldismenn á Íslandi um 1.500.000 og mennta- og barnamálaráðuneytið styrkti ráðstefnuna: „Kynbundið ofbeldi og ábyrgð skólans“ um hálfa milljón og Kennarasambandið gerði slíkt hið sama. Að auki var Forsætisráðuneytið bakhjarl Sjúkást herferðarinnar eins og fyrri ár með stuðning uppá 12.000.000 króna sem fer lang leiðina með að fjármagna þetta umfangsmikla verkefni. Þá veitti Reykjavíkurborg glæsilegan styrk uppá 3.326.960 krónur fyrir verkefninu Klámspjall, þar sem aðstandendum var leiðbeint um hvernig þau spjalla um klám og afleiðingar þess við börn og unglinga.

Aðrir styrkir

Á árinu kom enn á ný styrkur frá hinum frábæru samtökum *Donor Direct Action* en það eru femínísk samtök sem styðja kvennasamtök sem vinna á vettvangi víðsvegar um heim. Styrkurinn er ætlaður í baráttuna gegn vændi og mansali og kom úr sjóði sem heitir *Gloria Steinem Equality Fund To End Sex Trafficking*. Samtals nam styrkurinn tæpum 2 milljónum króna.



Talskona Stígamóta tekur við styrk frá Soroptimistaklúbbi Kópavogs en styrkurinn var hluti af átakinu „roðagyllum heiminn“. Mynd: Margrét Kjartansdóttir.

Stígamót njóta mikillar velvildar meðal almennings, fyrirtækja, félagasamtaka og ýmissa hópa um allt land. Á árinu fengu Stígamót nokkra sérlega veglega styrki. Soroptimistar veittu tvo veglega styrki til starfsins, en þær hafa stutt dyggilega við baráttuna gegn kynferðislegu ofbeldi í gegnum tíðina. VIRK starfsendurhæfing hefur síðustu ár lagt aukna áherslu á baráttu gegn áreitni og ofbeldi, enda beintengd skertri starfsorku kvenna. Frá VIRK fengu Stígamót 3.500.000 krónur til ráðgjafastarfa. Þátttakendur í Reykjavíkumaraþoninu söfnuðu 483.559 krónum fyrir Stígamót og fjöldi fyrirtækja studdi við bakið á starfinu.



Starfskonur Stígamóta að hvetja hlaupara í Reykjavíkumaraþoninu.

Stígamót áttu varasjóð sem kom sér vel síðustu ár til að fjölga ráðgjöfum og vinna niður biðlista. Það hefur tekist að einhverju leiti en varasjóðurinn er nánast uppurinn.

Starfshópur:

Á árinu byrjaði einn nýr ráðgjafi, Sigrún Elsa Stefánsdóttir, en hún er Stígamótafólki vel kunn þar sem hún hefur unnið sem hópleiðbeinandi og leyst af síðustu sumur. Hún kemur í stað Bjargar Guðrúnar Gísladóttur sem lætur af störfum sökum aldurs í upphafi árs 2024 en sökum langra biðlista var ákveðið að fjölga tímabundið um stöðugildi.

Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir fyrrum talskona Stígamóta hvarf til annarra starfa í upphafi árs 2023 og var Drífa Snædal ráðin í hennar stað. Þá var Svandís Anna Sigurðardóttir ráðin í starf verkefnastýru fræðslu og forvarna í september en Eygló Árnadóttir lét af þeim starfa í upphafi árs.

Starfsfólk Stígamóta er allt háskólamenntað og kemur úr ýmsum áttum. Starfshópurinn hefur menntun í félagsráðgjöf, sálfræði, jákvæðri sálfræði, fjölskyldumeðferð, uppeldis- og menntunarfræði, listmeðferð, kynjafræði, guðfræði, bókmenntafræði, náms- og starfsráðgjöf, mannafræði, kennslufræði, jógakennslu, viðskiptafræði, vinnu- markaðsfræði, ritstjórn og alþjóðasamskiptum. Ábyrgð á daglegu starfi deilir starfsfólk jafnt en þó hefur verkskipting innan starfshópsins aukist á síðustu árum. Helstu verkefni eru ráðgjöf, fræðsla, pólitískt starf og fjáröflun. Starfshópurinn skipulagði tvenna starfsdaga á árinu til að fara yfir skipulags- og stefnumótunarmál auk þess að leggja línurnar í fræðslumálum og pólitísku starfi.

Lögð er áhersla á að starfsfólk leggi stund á endurmenntun og sjálfsvinnu. Starfsfólk sem sinnir kjarnahlutverki Stígamóta, sem er að binda endi á kynferðisofbeldi með samfélagsvakningu og þjónustu fyrir brotaþola, hittist í hóphandleiðslu aðra hverja viku, auk þess sem starfsfólk hefur aðgang að 10 tímum á ári í einkahandleiðslu. Jafnframt eru Stígamót með samstarfssamning við Heilsuvernd um uppbyggilega vinnustaðamenningu. Auk þess sótti starfsfólk Stígamóta margskonar námskeið og ráðstefnur um málaflokkinn á árinu.



Starfshópurinn hjá Stígamótum á góðri stundu eftir starfsdag.

Starfsfólk:

Stígamót voru svo skipuð starfsfólki í lok árs:

Anna Rakel Aðalsteinsdóttir, ráðgjafi
 Anna Þóra Kristinsdóttir, ráðgjafi
 Björg Guðrún Gísladóttir, ráðgjafi
 Drífa Snædal, talskona
 Eva Bryndís Pálsdóttir, ráðgjafi
 Guðrún Gísladóttir, ráðgjafi
 Hjálmar Gunnar Sigmarsson, ráðgjafi
 Hrafnhildur Sigmarsdóttir, ráðgjafi
 Ingigerður Fanney Heiðarsdóttir, ritari
 Jóhanna Lind Jónsdóttir, ráðgjafi
 Lora Elín Einarsdóttir, ráðgjafi
 Sigrún Elsa Stefánsdóttir, ráðgjafi
 Svandís Anna Sigurðardóttir, verkefnastýra fræðslu og forvarna
 Þóra Björt Sveinsdóttir, ráðgjafi
 Þórunn Þórarinsdóttir, ráðgjafi
 Auk þess vann Hanna Björg Vilhjálmsdóttir sumarið 2023 sem ráðgjafi.

Framkvæmdahópur:

Í framkvæmdahópi í lok árs sátu:

Drífa Snædal
 Elva Dögg Ásudóttir
 Eva Bryndís Pálsdóttir
 Dr. Gyða Margrét Pétursdóttir
 Dr. Hildur Fjólá Antonsdóttir

Leiðbeinendur og aðstoðarleiðbeinendur sjálfshjálparhópa:

Sigrún Bragadóttir
 Sigrún Júlía Hansdóttir
 Sigrún Elsa Stefánsdóttir
 Hulda Haraldsdóttir

Hrafnhildur Sigmarsdóttir
 Þórunn Þórarinsdóttir
 Björg Guðrún Gísladóttir
 Lora Elín Einarsdóttir

Sjúktspjall:

Þær sem hafa tekið þátt á síðasta ári um skemmri eða lengri tíma sem spjallarar á Sjúkt spjall eru:

Anna Rakel Aðalsteinsdóttir
 Sigrún Elsa Stefánsdóttir
 Steinunn Gyðu-og Guðjónsdóttir
 Birta Ósk Hönnudóttir
 Hjördís Unnur Másdóttir
 Oddný Jónsdóttir
 Helga Maren Hauksdóttir
 Hanna Björg Vilhjálmsdóttir
 Heiða Brynja Heiðarsdóttir
 Kristín Blöndal Ragnarsdóttir

Önnur hlutverk:

Handleiðsla starfshóps: Elísabet Lorange, listmeðferðarfræðingur
 Bókhald: Guðrún Inga Bjarnadóttir
 Tölvumál: Sigurbrandur Dagbjartsson
 Innláttur tölfraeðigagna: Elín Sigurðardóttir

Framkvæmdahópur:

Framkvæmdahópur er hin eiginlega stjórn Stígamóta og hittist í hverjum mánuði. Hópurinn tekur ákvarðanir í stefnumarkandi málum og hefur yfirsýn yfir og stjórn á fjármálum Stígamóta. Í framkvæmdahópi sitja tveir fulltrúar úr starfshópi Stígamóta og þrír fulltrúar með mikla þekkingu og reynslu af störfum á sviði kynferðisofbeldis, valdir með samþykki framkvæmdahóps og í samstarfi við starfshóp.

Sjúkást

Sjötta herferð forvarnaverkefnisins Sjúkást fór af stað þann 9. mars 2023 en slík herferð hefur verið árlegur viðburður síðan árið 2018. Eins og áður snerist herferðin um að fræða ungt fólk um samskipti, mörk og samþykki, og muninn á heilbrigðum, óheilbrigðum og ofbeldisfullum samböndum. Í ár var efni úr Sjúktspjall notað til þess að bæði varpa ljósi á ofbeldi sem ungmenni eru að upplifa sem og leggja áherslu á úrræðið sjálft.



Sjúkt spjall er nafnlaust netspjall fyrir ungmenni um sambönd, samskipti og ofbeldi þar sem þau geta rætt við fagaðila um reynslu sína í trúnaði (Nánar um spjallið í næsta kafla). Á fyrsta ári spjallsins fóru fram samtöl við tæplega 250 ungmenni en stærsti hópurinn sem hefur leitað aðstoðar eru unglingsstúlkur með reynslu af ofbeldissambandi. Rúmlega helmingur þeirra sem höfðu samband, þetta fyrsta starfsár spjallsins, vantaði ráðgjöf vegna ofbeldis – flest sem þolendur, en einnig sem gerendur og aðstandendur. Mörg lýstu grófu andlegu, líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi. Fæst þessara ungmenna höfðu rætt upplifun sína við nokkurn fullorðinn áður en þau leituðu á Sjúkt spjall eftir ráðgjöf og fræðslu.



Herferðin

Til þess að vekja athygli á spjallinu og til að varpa ljósi á þau viðfangsefni sem ungmenni eru að takast á við voru fyrir þessa herferð dregin fram nokkur algeng þemu og spurningar sem unglíngarnir varpa fram. Markmiðið var að notast við tilvitnanir úr spjallinu til að sýna öðrum unglíngum að þau eru ekki ein og gera sýnilegan reynsluheim jafningja þeirra úr skóla og félagslífi. Einnig var tilgangurinn að færa unglíngunum svör við algengum vangaveltum og hvetja þau til að leita sér hjálpar. Valin voru algengustu þemun og undir hverju þema er var notað eitt dæmi af mörgum af Sjúktspjall:

- Var mér nauðgað?
 - » „Hann hélt alltaf áfram að spyrja þangað til ég þorði ekki lengur að segja nei. Er það nauðgun?“ – Stelpa 14 ára
- Er ég í ofbeldissambandi?
 - » „Er ekki líka til eitthvað sem heitir andlegt ofbeldi? Þúst ég hef aldrei verið í sambandi, veit ekki hvað er eðlilegt.“ – Stelpa 19 ára
- Er eðlilegt að líða svona?
 - » „Mér líður ógeðslega og ég fæ martraðir. Er ég ekki bara að vera dramatískt?“ – Stálp 14 ára
- Þarf ég að gera þetta?
 - » „Mér finnst ekkert gaman að taka svona myndir af mér. Þarf ég að senda nudes?“ – Stelpa 15 ára
- Fór ég yfir mörk?
 - » „Mér fannst ég hafa spurt hana.“ – Strákur 20 ára
- Ég get ekki sagt frá
 - » „Ég get ekki sagt neinum frá, mér finnst þetta allt vera mér að kenna.“ – Stelpa 14 ára
- Má ég spyrja?
 - » „Hvernig veit ég hvort ég eigi að hætta með kærustunni minni?“ – strákur 18 ára.

Eins og í undanförunum herferðum voru framleidd veggspjöld og myndbönd um þessi meginþemu þar sem er að finna tilvitnanir úr spjallinu. Plakötunum var dreift í allar félagsmiðstöðvar og framhaldsskóla á Íslandi. Auk þess var efni herferðarinnar dreift víða á samfélagsmiðlum, ýmsum netmiðlum og einnig voru auglýsingar uppi á strætóskýlum og auglýsingaskiltum víða um höfuðborgarsvæðið.

Fræðsla í félagsmiðstöðvum

Pungamiðja Sjúkást herferðarinnar á hverju ári er samstarf við félags- og frístundamiðstöðvar landsins. Félagsmiðstöðvar bjóða upp á Sjúk ást fræðslu í samvinnu við Stígamót. Starfsfólk félagsmiðstöðva um allt land notast við fræðslupakka sem Stígamót hefur sett saman fyrir unga áheyrendur. Í pakkanum eru


glæsur með ítarlegu handriti fyrir fræðarana til að styðja sig við. Þann 28. mars var starfsfólki félagsmiðstöðva boðið á fræðslufund á Teams um notkun efnisins.

Vel var mætt á fundinn, en einnig voru þessar leiðbeiningar um notkun

fræðslupakkans teknar upp á myndband og það sent á allar félagsmiðstöðvar. Félagsmiðstöðvarnar setja fræðsluna sem skilyrði fyrir miðakaupum ungmenna á árlegt ball Samfés, Samfestinginn, en u.þ.b. 4500 unglingar sækja ballið. Aðkoma félagsmiðstöðvanna hefur haldið áfram að þróast og er það orðið algengara að öllum unglingahópi hverfisins er boðið á fræðsluna óháð miðakaupum á ballið, og í sumum hverfum er fræðslan færð inn í unglingadeildir grunnskólanna til að tryggja fræðslu heilu árganganna. Eftir Samfestingin senda Stígamót könnun á allar félagsmiðstöðvar til þess að fá upplýsingar um hvernig gekk með fræðsluna og einnig til að fá endurgjöf um efnistöð og uppsetningu fræðslupakkans. Þessar upplýsingar eru síðan nýttar til að halda áfram að þróa herferðina og fræðsluna.

Sjúkt spjall

Þann 3. mars 2022 opnaði Sjúktspjall og var árið 2023 því fyrsta heila árið sem spjallið var starfrækt. Sjúktspjall er nafnlaust netspjall fyrir ungmenni til að ræða áhyggjur af samböndum sínum, samskiptum eða ofbeldi. Spjallið er ætlað ungu fólki undir 20 ára og var sett á laggirnar sem viðbragð bæði við úrræðaleysi fyrir þennan hóp sem og við þeirri staðreynd að um 50-70% brotþola sem leita til Stígamóta voru beittir ofbeldi fyrir 18 ára aldur.



Í myndböndunum fengum við aðstoð frá ýmsum ungum áhrifavöldum sem lásu upp tilvitnanir sem voru notaðar í herferðinni. Þar á meðal voru Katla Njáls, Thelma Trunt, Donna Cruz, Júlíana Dögg, Gunnar og Sæmundur úr Æði, Kjalar, Lil' Curly, Gugusar, Styrmir og Tómas Þrastarsýnir.

Þörfin á því að mæta ungmennum til að ræða kynferðisofbeldi er því mikil.

Sjúktspjall er lágþröskuldabjónusta, hún er nafnlaus og því í fullum trúnaði. Á spjallinu býðst ungu fólki samtali, stuðningur og fræðsla í höndum fagfólks með mikla reynslu af aldurshópnum. Netspjall mætir vel þessum aldurshópi þar sem langflest ungmenni eiga eigin farsíma og tryggir um leið jafnan aðgang unglunga um allt land að þessari bjónustu

Nafnleysið

Nafnleysið og trúnaðurinn á Sjúktspjall er mikilvægur og spyrja ungmenni reglulega út í það, enda eru þau að ræða um viðkvæm mál, oft í fyrsta skiptið. Það getur einnig verið mikilvægt fyrir þau að fá að fjalla um



ofbeldi án þess að það verði tilkynnt til yfirvalda og forsjáraðilar upplýstir. Í mörgum tilfellum eru þau að opna á ofbeldi eða atvik sem þau hafa ekki rætt áður, eiga erfitt með að skilja og þurfa á hlustun og speglun að halda. Þau eru oftast að lýsa ofbeldi þar sem einhver nákominn þeim er gerandi, oft einhver sem þeim þykir vænt um, og er mikilvægt að þau fái að opna á það af öryggi og geti treyst því að það fari ekki lengra nema þau sjálf velji það.



Tölfræði

Erfitt er að draga fram nákvæm og endanleg gögn af spjallinu þar sem spjöllin eru mjög mismunandi og ekki alltaf hægt að skrá allar upplýsingar um þau sem þangað leita. Sum spjöll vara stutt og er erfitt að átta sig á aðstæðum og atvikum, á meðan önnur vara lengi og koma fram miklar upplýsingar um viðkomandi. Hér er stiklað á stóru og farið yfir helstu tölur og þemu sem koma úr gögnum spjallsins árið 2023.

Frá opnun spjallsins í mars 2022 og til loka þess árs höfðu ráðgjafar spjallsins tekið við 239 spjöllum. Árið 2023 tóku ráðgjafar við 299 spjöllum við unga einstaklinga sem voru að leita aðstoðar og upplýsinga um sambönd, samskipti, kynlíf og ofbeldi. Að auki voru yfir 200 önnur spjöll sem voru ómarktæk þar sem um var að ræða grín, prufur eða spjall sem varð ekkert úr. Slíkt tekur þó tíma ráðgjafa að yfirfara og svara. Ráðgjafar stóðu 149 vaktir yfir árið, en spjallið er opið mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga milli kl. 20-22.



Meðalaldur þeirra sem leituðu á spjallið árið 2023 var 16, flest voru 15 ára. 75% þeirra sem leituðu á spjallið voru kvenkyns (skráðu fornafnið hún), 24% karlkyns (fornafnið hann) og 1% kynsegin (fornafnið hán). Flest sem leituðu á spjallið voru á höfuðborgarsvæðinu, eða um 84%.

Ástæður þess að ungmennin nýttu sér spjallið voru fjölbreyttar, allt frá spurningum um verjur, kynfæri og viðreynslur yfir í óheilbrigð samskipti, sjálfsskaða og kynferðisofbeldi. Oftast leituðu ungmenni á spjallið til að ræða um sambönd, m.a. hvernig skal byrja samband, óheilbrigð sambönd, pressa á kynlíf í sambandi og hvernig eigi að enda samband. Þar á eftir voru flestar fyrirspurnir og spjöll um kynferðisofbeldi, en þau lýstu nauðgunum, stafrænu kynferðisofbeldi og kynferðisbrotum sem þau upplifðu sem (enn yngri) börn, þ.m.t. sífjaspell. Mörg hver leituðu á spjallið til að ræða um samband eða annað, en um leið greindu frá kynferðisofbeldi sem þau höfðu orðið fyrir. Meirihluti gerenda þeirra sem greindu frá ofbeldi voru karlkyns, í flestum tilvikum nátengdir brotapolum, oftast kærasti eða sambærileg tengsl. Mjög fá leituðu á spjallið vegna þess að þau höfðu farið yfir mörk og/eða brotið á öðrum, eða innan við 4% af þeim 299 spjöllum sem voru marktæk árið 2023.



Ljóst er að Sjúktspjall veitir ungu fólki öruggan vettvang til að ræða ofbeldi og erfiða hluti í fyrsta sinn sem og að fá áframhaldandi stuðning við úrvinnslu kynferðisofbeldis ásamt svo mörgu öðru. Gögnin af spjallinu veitir starfsfólki Stígamóta dýrmæta sýn í stöðu ungmenna, þannig að hægt sé að aðlaga bæði þjónustu og verkefni á borð við Sjúkást betur að þeim.

Tölulegar upplýsingar

Tölulegar upplýsingar í ársskýrslu Stígamóta eru mikilvægt tæki til að lýsa þeim hliðum íslensks samfélags sem birtast í starfsemi Stígamóta. Með söfnun tölulegra upplýsinga í 34 ár búum við yfir mikilli þekkingu um kynbundið ofbeldi, birtingarmyndir þess og afleiðingar, fólkið sem er beitt ofbeldinu og ofbeldismennina. Hér fara á eftir þær skilgreiningar á kynferðisofbeldi gegn barni, nauðgunum, nauðgunartilraunum, klámi (klámefni), vændi, kynferðislegri áreitni og staf-rænu kynferðisofbeldi sem til viðmiðunar eru við tölfræðilega úrvinnslu í þessari skýrslu.

Kynferðisofbeldi gegn barni skilgreinum við sem allt kynferðislegt atferli gagnvart barni. Slíkt hæfir ekki aldri og þroska barnsins. Börn geta ekki veitt samþykki fyrir kynferðislegum athöfnum sem þau hafa ekki aldur og þroska til að skilja (slíkt atferli getur t.d. átt sér stað þegar einstaklingur eða annað barn sem eru tengd barninu misnotar traust, undirgefni, valdamun (eins og aldursmun og meiri reyngslu) á einhvern máta).

Nauðgun eða nauðgunartilraun skilgreinum við sem kynferðisofbeldi þar sem einhver hefur eða gerir til-raun til að hafa samræði eða önnur kynferðismök við manneskju gegn vilja hennar og brýtur þar með sjálfsákvörðunar-rétt og sjálfsstjórn hennar á bak aftur.

Klámefni er beitt sem kynferðisofbeldi þegar einhver notar klámefni til að misbjóða manneskju á einhvern hátt. Eða þegar klámnotkun einhvers misbýður manneskju á einhvern hátt.

Vændi/mansal skilgreinum við sem kynferðisofbeldi þar sem einstaklingur eða þriðji aðili þiggur einhverskonar greiða eða greiðslu í skiptum fyrir kynferðislega athöfn/athafnir.

Kynferðislega áreitni skilgreinum við sem kynferðisofbeldi þar sem einhver sýnir manneskju kynferðislega hegðun sem er særandi og er gegn vilja hennar. Kynferðisleg áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknað.

Staf-rænt kynferðisofbeldi skilgreinum við sem kynferðisofbeldi þar sem einhver birtir, dreifir eða geymir eða hótar að birta, dreifa eða geyma texta og/eða myndefni; til dæmis ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilegt efni þar sem manneskja er sýnd nakin eða á kynferðislegan hátt, gegn vilja hennar.

Grunnupplýsingar

Eins og í ársskýrslum síðustu ára eru allar tölfræðilegar upplýsingar í þessari skýrslu unnar út frá spurningalistum sem notendur þjónustunnar fylltu sjálfir út. Spurningalistarnir eru þrennskonar og fylla notendur þjónustunnar út lista þegar þeir koma í fyrsta skipti í viðtal á Stígamót. Í fyrsta lagi eru sérstakir spurningalistar sem brotapolar svara. Í öðru lagi eru sérstakir spurningalistar sem brotapolar svara um þá ofbeldismenn sem hafa beitt þá kynferðisofbeldi. Í þriðja lagi eru sérstakir spurningalistar sem þeir aðstandendur brotþola sem sækja viðtöl svara. Ef spurningar á spurningalistunum hafa breyst frá fyrri árum er þess getið í texta ársskýrslunnar.

Árið 2023 leituðu 835 einstaklingar til Stígamóta, af þeim voru 376 einstaklingar sem leituðu aðstoðar vegna eigin mála í fyrsta skipti. Þá leituðu 106 aðstandendur í fyrsta sinn til Stígamóta á árinu og þar af voru 47 með upplýsingar um mál sem ekki voru þekkt hjá Stígamótum. Þær tölulegu upplýsingar sem hér fara á eftir varðandi árið 2023 miðast við fjölda skýrslna sem fyrir liggja um hvern hóp fyrir sig, þ.e. brotþola, ofbeldismenn og aðstandendur.

Í þau 34 ár sem liðin eru frá stofnun Stígamóta hafa 11.101¹ einstaklingar leitað aðstoðar hjá Stígamótum. Jafnframt má geta þess að ofbeldismennirnir teljast vera 15.673 en eru væntanlega nokkuð færri þar sem einhverjir þeirra hafa beitt fleiri en einn einstakling ofbeldi.

Það vekur athygli að ofbeldismennirnir eru töluvert fleiri en þeir sem beittir eru ofbeldi. Sami einstaklingurinn er stundum beittur kynferðisofbeldi af fleiri en einum ofbeldismanni á lífsleiðinni. Einnig getur það gerst að sami ofbeldismaðurinn beitir fleiri en einn einstakling kynferðisofbeldi.

Í þeim tölulegu upplýsingum sem hér fara á eftir er annars vegar fjallað um starfsárið 2023 og hins vegar er að finna í nokkrum tilvikum samanburð við fyrri starfsár. Upplýsingar um starfsemina á fyrri starfsárum má nálgast hjá Stígamótum og á vefsíðunni www.stigamot.is.


1 Heildarfjöldi einstaklinga frá stofnun Stígamóta er fenginn með því að leggja heildarfjölda nýrra brotþola og heildarfjölda nýrra aðstandanda árið 2023 við heildarfjölda einstaklinga frá stofnun Stígamóta sem fram kemur í Ársskýrslu Stígamóta árið 2022. Árið 2023 höfðu 5 af nýjum brotþolum komið á Stígamót áður sem aðstandendur, því dragast 5 einstaklingar frá í tölunni hér fyrir ofan. Einnig höfðu 12 aðstandendur komið áður á Stígamót sem brotþolar og dragast þeir því einnig frá tölunni hér að ofan.

Tafla 1. Fjöldi viðtala og einstaklinga árið 2023

Ný mál - brotapolar komu sjálfir ²	376
Upplýsingar um ný mál í gegnum aðstandendur ³	47
Heildarfjöldi ofbeldismanna ⁴	635
Fjöldi nýrra aðstandenda ⁵	106
Heildarfjöldi einstaklinga sem komu í viðtöl	835
Heildarfjöldi viðtala	3264

Árið 2023 voru 376 ný mál þar sem brotapolar komu sjálfir með mál sín til Stígamóta. Þetta er um 5,3 % fækkun slíkra mála frá árinu 2022. En árið 2022 voru ný mál brotþola 397 talsins.

Ofbeldismenn teljast 635, sem er um 2,7% fækkun frá árinu 2022 en þá voru ofbeldismenn 653. Þá leituðu 106 nýir aðstandendur til Stígamóta árið 2023 en það er um 14,5% fækkun frá árinu 2022 þegar aðstandendur voru 124 talsins.



Mynd 1. Fjöldi nýrra brotþola sem sótti viðtöl hvert ár á tímabilinu 1991 til 2023

Mynd 1 sýnir fjölda nýrra brotþola sem komu ár hvert til Stígamóta undanfarin 34 ár. Upplýsingar vantar um heildarfjölda nýrra brotþola sem sótti þjónustu Stígamóta árin 1990 og 2007 og því eru þessi ár ekki með á mynd 1.


Mynd 1 og tafla 1 sýna að árið 2023 voru nýir brotþolar 376, sem eru 21 brotþolum færri en árið 2022 en þá voru nýir brotþolar 397. Þetta eru einnig færri brotþolar borið saman við árin 2017 til 2021 að undanskildu árinu 2020. Þrátt fyrir þessa fækkun árið 2023 má sjá að fjöldi brotþola hefur verið að aukast frá árinu 2017. Árið 1992 var fjöldi nýrra brotþola einnig hár en gera má ráð fyrir að þá hafi verið um uppsafnaðan fjölda að ræða þar sem Stígamót voru nýbyrjuð með starfsemi sína.

2 Heildarfjöldi nýrra mála var 376 en 15 skýrslur voru ekki fylltar út og því ómarktækar. Þess vegna byggir öll tölfraeðiurvinnsla um brotþola á þeim 361 skýrslum sem fylltar voru út. Hins vegar lágu fyrir upplýsingar um kyn og í hvaða mánuði brotþoli kom í fyrsta skipti í þessum 15 skýrslum sem ekki voru fylltar út, þess vegna er heildarfjöldi einstaklinga hærri en 361 á mynd 1 og 4 og í töflu 6.

3 Upplýsingar um ný mál í gegnum aðstandendur gætu verið færri þar sem ekki er alltaf hægt að vita með vissu hvort fleiri en einn aðstandandi hafi komið vegna sama brotþola.


4 Samanlagður fjöldi ofbeldismanna er 635, bæði ný mál og upplýsingar um ný mál frá aðstandendum. Eins og fram hefur komið vantaði 15 komuskýrslur og þá um leið allar upplýsingar um ofbeldismenn í þeim málum en hér er miðað við einn ofbeldismann fyrir hverja óútfyllta skýrslu (sem er lágmarkstalning). Ekki liggja fyrir upplýsingar um ofbeldismenn þegar ný mál komu til Stígamóta í gegnum aðstandendur, en hér er talinn einn ofbeldismaður fyrir hvert nýtt mál sem upplýsingar fást um hjá aðstandendum (sem er lágmarkstalning). Því er hægt að segja með vissu að ofbeldismennirnir hafi verið 635 en hins vegar byggja tölfraeðilegar upplýsingar í ársskýrslu þessari á 573 skýrslu sem lá fyrir um ofbeldismenn. Þess ber að geta að í einhverjum tilfellum gáfu brotþolar ekki upplýsingar um alla ofbeldismenn. Ástæða þess gat til dæmis verið að þeir vissu ekki hve margir þeir voru eða það átti ekki við.

5 Heildarfjöldi nýrra aðstandenda var 106 en 3 skýrslur voru ekki fylltar út og eru því ómarktækar. Þess vegna byggir öll tölfraeðiurvinnsla um brotþola á þeim 103 skýrslum sem fylltar voru út. Hins vegar lágu fyrir upplýsingar um kyn brotþola í þessum 3 skýrslum sem ekki voru fylltar út, þess vegna er heildarfjöldi einstaklinga hærri en 103 í töflu 43.



Mynd 2. Heildarfjöldi einstaklinga sem sóttu viðtöl hvert ár fyrir tímabilið 1990 til 2023

Mynd 2 sýnir heildarfjölda þeirra einstaklinga sem sóttu viðtöl á Stígamótum á hverju ári frá árinu 1990 til ársins 2023. Heildarfjöldi einstaklinga samanstendur af einstaklingum sem voru að koma í fyrsta skipti til Stígamóta, sem og einstaklingum sem hafa fylgt Stígamótum á milli ára. Þarna eru allir einstaklingar sem sótt hafa viðtöl á Stígamótum á tilteknu ári, bæði brotaþolar og aðstandendur brotaþola. Þess ber að geta að upplýsingar vantar um heildarfjölda allra einstaklinga sem sóttu þjónustu Stígamóta á árunum 1991 til ársins 1993 og því eru þessi ár ekki með á mynd 2. Mynd 2 sýnir hversu stórum hópi Stígamót veita þjónustu á hverju ári. Heildarfjöldi einstaklinga sem kom í viðtöl til Stígamóta árið 2023 var 835, sem er um 8,2% færri en árið 2022. Heildarfjöldi einstaklinga er aðeins lægri en árin 2017, 2019, 2021 og 2022, en hærri en önnur ár.



Mynd 3. Heildarfjöldi viðtala sem veitt voru á hverju ári á Stígamótum 1990 til 2023

Mynd 3 sýnir umfang einstaklingsþjónustu Stígamóta á hverju ári frá því Stígamót hófu starfsemi sína, það er hversu mörg viðtöl voru veitt brotaþolum og aðstandendum þeirra á hverju ári frá upphafi Stígamóta. Þess ber að geta að upplýsingar vantar um heildarfjölda viðtala árið 1997 og því er það ár ekki með á mynd 3. Heildarfjöldi viðtala árið 2023 var 3.264, sem er um 2% fækkun frá árinu 2022. Heildarfjöldi viðtala var einnig lægri en árið 2021. Að undanskildum árunum 2021 og 2022 hefur heildarfjöldi viðtala sem veitt voru á einu ári ekki verið fleiri frá stofnun Stígamóta.

Ef ofangreindar upplýsingar sem fram koma í myndum 1 til 3 eru dregnar saman kemur fram að heildarfjöldi nýrra brotaþola, heildarfjöldi allra einstaklinga sem sóttu þjónustu Stígamóta og heildarfjöldi viðtala hefur verið að aukast frá og með árinu 2017. Frá árinu 2017 og fram til ársins 2023 hefur þó verið einhver munur á milli ára en þegar litið er yfir heildina hefur heildarfjöldi nýrra brotaþola, einstaklinga og viðtala verið að aukast frá og með árinu 2017.

Gera má ráð fyrir að þessi mikla ásókn í þjónustu Stígamóta frá árinu 2017 tengist aukinni samfélagsumræðu um kynferðisofbeldi og #metoo bylgjum. Þess ber að geta að #metoo hreyfingin náði útbreiðslu árið 2017 þegar fjöldi brotþola um víða veröld steig opinberlega fram á samfélagsmiðlum með reynslu sína af kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Vorið 2021 fór svo aftur af stað #metoo bylgja á Íslandi. Þá stigu hundruð íslenskra kvenna fram með sögu sína. Þær byltingar og vitundarvakningar um umfang ofbeldis og kerfisbundins kynjamisréttis sem áttu sér stað á þessum árum má tengja við þann mikla fjölda sem leitað hefur til Stígamóta frá árinu 2017. Einnig má gera ráð fyrir að COVID-19 faraldurinn sem hófst árið 2020 hafi haft áhrif á þessa aukningu. Gera má ráð fyrir að uppsafnaður fjöldi einstaklinga hafi leitað sér aðstoðar á Stígamótum eftir að samkomutakmörkunum var hætt og faraldurinn rénaði.

Tafla 2. Fjöldi einstaklinga á biðlista í lok árana 2020 til 2023

	Lok árs 2020	Lok árs 2021	Lok árs 2022	Lok árs 2023
Fjöldi einstaklinga	52	200	235	179

Í júlí 2020 var tekinn upp í fyrsta skipti biðlisti hjá Stígamótum vegna mikillar aðsóknar í viðtöl og hefur biðlistinn því miður verið til síðan. Fjöldi einstaklinga sem biðu eftir viðtali á biðlistanum jókst mikið milli árana 2020 til 2022. Um 56 færri einstaklingar biðu þó á biðlistanum í lok árs 2023 borið saman við lok árs 2022, en í lok árs 2023 biðu 179 einstaklingar eftir viðtali.


Til að minnka eða eyða biðlista voru 2 ráðgjafar ráðnir í starf yfir sumarmánuði ársins 2023. Þrátt fyrir að reynt hafi verið að minnka eða eyða biðlista með því að ráða inn tímabundið nýja ráðgjafa árið 2023 er biðlistinn enn til staðar. Ein af áskorunum sem Stígamót standa frammi fyrir er að finna leiðir til að minnka eða eyða biðlistanum.

Tafla 3. Fjöldi brotþola sem kom í fyrsta skipti í viðtal á Stígamót eða í Bjarkarhlíð, skipt eftir árum

	2019		2020		2021		2022		2023	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Brotþoli kom í viðtal á Stígamót	325	84,4%	239	79,9%	395	88,4%	326	87,4%	311	86,1%
Brotþoli kom í viðtal í Bjarkarhlíð	60	15,6%	60	20,1%	52	11,6%	47	12,6%	50	13,9%
Alls	385	100%	299	100%	447	100%	373	100%	361	100%

Tvisvar í mánuði árið 2023 veitti ráðgjafi frá Stígamótum viðtöl fyrir þolendur kynferðisofbeldis í Bjarkarhlíð. Eins og tafla 3 sýnir sóttu 50 einstaklingar, af þeim 361 (eða 13,9%) sem komu til Stígamóta í fyrsta skipti árið 2023, fyrsta viðtal til ráðgjafa Stígamóta í Bjarkarhlíð. Þetta er aðeins hærra hlutfall borið saman við árin 2021 og 2022, en lægra hlutfall borið saman við árin 2019 og 2020. Þess ber að geta að auk þessa 50 brotþola sem sótti þjónustu Stígamóta í gegnum Bjarkarhlíð sótti einn aðstandandi brotþola þjónustu Stígamóta í gegnum Bjarkarhlíð.

Öll tölfræðileg úrvinnsla um brotþola á myndum og í töflum byggir á þeim 361 brotþolum sem komu í fyrsta skipti til Stígamóta árið 2023 og svöruðu spurningalista um brotþola. Öll tölfræðileg úrvinnsla um ofbeldismenn á myndum og töflum byggir á 573 skýrslu sem þessir 361 brotþolar svöruðu um þá ofbeldismenn sem beittu þá kynferðisofbeldi. Fimmtán brotþolar sem komu í fyrsta skipti til Stígamóta árið 2023 svöruðu ekki spurningalistunum og eru því ekki með í þessari úrvinnslu. Upplýsingar um þessa 15 einstaklinga eru á mynd 4 og í töflu 6, það er þar sem upplýsingar lágu fyrir.



Mynd 4. Fjöldi nýrra viðtala eftir mánuðum árið 2023

Aðsókn í viðtöl er breytileg á milli ára og mánaða, og því erfitt að segja fyrir um vinnuálag ársins. Mynd 4 sýnir að fjöldi nýrra viðtala var mestur í júní (76 viðtöl) og næstmestur í janúar (36 viðtöl). Fjöldi nýrra viðtala var minnstur í júlí (17 viðtöl). Mikill fjöldi viðtala í júní er tilkominn vegna ráðgjafa sem ráðnir voru tímabundið inn yfir sumarmánuðina til að stytta biðlista. Í júní voru einnig margir af fastráðnum ráðgjöfum enn í vinnu en í júlí voru flestir fastráðinna ráðgjafa í sumarfrí sem skýrir að fjöldi viðtala var minnstur þann mánuð.

Tafla 4. Ástæður þess að leitað var til Stígamóta árið 2023

	Fjöldi	Hlutfall
Kynferðisofbeldi gegn barni	188	52,1%
Nauðgun	251	69,5%
Nauðgunartilraun	77	21,3%
Klám	22	6,1%
Vændi	17	4,7%
Kynferðisleg áreitni	152	42,1%
Stafrænt kynferðisofbeldi	53	14,7%
Annað	22	6,1%
Fjöldi einstaklinga	361	

Tafla 4 sýnir ástæður þess að einstaklingar leituðu til Stígamóta árið 2023. Það fólk sem nýtir sér þjónustu Stígamóta kemur gjarnan til að vinna úr gömlum áföllum og þau geta verið fleiri en eitt. Þess vegna eru ástæður komu sem nefndar eru fleiri en einstaklingarnir (361).

Flestir brotapolar nefndu nauðgun sem ástæðu komu til Stígamóta (eða 69,5%), næst hæsta hlutfall brotapola nefndi kynferðisofbeldi gegn barni (eða 52,1%) og þriðja hæsta hlutfall brotapola nefndi kynferðislega áreitni (eða 42,1%). Þetta eru svipuð hlutföll og fram komu í árskýrslu ársins 2022 en þá hafði hæsta hlutfall brotapola nefnt nauðgun sem ástæðu komu (eða um 70,8%), næst hæsta hlutfall brotapola nefndi kynferðisofbeldi gegn barni (eða 52%) og þriðja hæsta hlutfall brotapola nefndi kynferðislega áreitni (eða 46,4%).

Tafla 4 sýnir fjölda þeirra einstaklinga sem nefndu vændi sérstaklega sem ástæðu komu og sóttu í fyrsta skipti viðtöl á Stígamót árið 2023, samtals 17 einstaklingar. Til viðbótar koma fram upplýsingar um þolendur vændis þegar skoðað er hvaða afleiðingar brotapolar eru að glíma við (sjá mynd 12) en 5 þeirra sem nefndu vændi sem afleiðingu nefndu vændi ekki sérstaklega sem ástæðu komu.

Það eru því 22 nýir brotapolar sem nefndu að þeir væru þolendur vændis.

Á Stígamótum hefur það sama sýnt sig og hjá erlendum systursamtökum að langan tíma tekur að vinna úr þeirri ofbeldis-reynslu sem vændi er. Mikilvægt er að hafa í huga við túlkun niðurstaðna að vændi er falið vandamál og oft koma upplýsingarnar um það ekki í ljós fyrr en eftir margra mánaða viðtöl. Skráningar fara hins vegar fram eftir fyrsta viðtal og þolendur vændis því vantaldir.

Til að fá skýrari mynd af heildarfjölda allra einstaklinga sem eru þolendur vændis og sóttu viðtöl á Stígamótum árið 2023 var upplýsingum safnað um hversu margir þeirra sem voru í viðtölum á Stígamótum á árinu, en komu ekki í fyrsta viðtal það ár, hefðu verið í vændi og/eða klámiðnaði. Vitað er að árið 2023 voru í viðtölum 14 einstaklingar (13 konur og 1 karl) sem höfðu verið í vændi og/eða klámiðnaði og leituðu í fyrsta skipti til Stígamóta fyrir árið 2023. Þetta er sami fjöldi og kom fram í ársskýrslu ársins 2022.

Staðfest er að í það minnsta 36 af þeim 835 einstaklingum sem sóttu viðtöl á Stígamótum árið 2023 eru þolendur vændis og/eða klámiðnaðs.

Tafla 5. Stafrænt kynferðisofbeldi og ólíkar birtingarmyndir stafræns kynferðisofbeldis árið 2023

	Hefur brotaþoli verið beittur einhverskonar stafrænu kynferðisofbeldi eða verið hótað að vera beittur slíku ofbeldi?		Myndefni (ljósmyndir, kvikmyndir eða annað myndefni):		Texti:	
			Hefur brotaþoli verið beittur stafrænu kynferðisofbeldi sem felst í að myndefni þar sem hann er sýndur nakinn eða á kynferðislegan hátt hefur verið birt, dreift eða geymt gegn vilja brotaþola eða því hótað?		Hefur brotaþoli verið beittur stafrænu kynferðisofbeldi sem felst í að texti þar sem talað er um hann á kynferðislegan hátt hefur verið birtur, dreift eða geymdur gegn vilja brotaþola eða því hótað?	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Já	101	28,0%	77	21,3%	33	9,1%
Nei	260	72,0%	261	72,3%	307	85,0%
Upplýsingar vantar	-	-	23	6,4%	21	5,8%
Alls	361	100%	361	100%	361	100%

Tafla 5 sýnir hvort brotaþoli hafi verið beittur (eða hótað að vera beittur) einhverskonar stafrænu kynferðisofbeldi. Tafla 5 sýnir einnig hvort brotaþoli hafi verið beittur stafrænu kynferðisofbeldi, þar sem annarsvegar myndefni (það er ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilegt efni) og hinsvegar texti hafði verið birtur, dreift eða geymdur gegn vilja brotaþola eða því hótað. Þessar upplýsingar eru ekki frekar aðgreindar. Fram kemur í töflu 5 að 28% brotaþola (eða 101 brotaþoli) nefndu að þeir hefðu verið beittir einhverskonar stafrænu kynferðisofbeldi eða verið hótað slíku ofbeldi. Um 21,3% brotaþola (eða 77 brotaþolar) höfðu verið beittir stafrænu kynferðisofbeldi þar sem myndefni sem sýndi þá nakta eða á kynferðislegan hátt hafði verið birt, dreift eða geymt gegn vilja þeirra eða því hótað. Tafla 5 sýnir einnig að 9,1% brotaþola (eða 33 brotaþolar) nefndu að þeir hefðu verið beittir stafrænu kynferðisofbeldi þar sem texti þar sem talað var um þá á kynferðislegan hátt hafði verið birtur, dreift eða geymdur gegn vilja þeirra eða því hótað. Þetta eru svipuð hlutföll og fram komu í ársskýrslu ársins 2022, en þá var hlutfall brotaþola sem hafði verið beittur (eða hótað að vera beittur) einhverskonar stafrænu kynferðisofbeldi 29,8% og hlutfall þeirra brotaþola sem beittur hafði verið stafrænu kynferðisofbeldi þar sem myndefni var birt, dreift, geymt eða því hótað var 22,3%. Í ársskýrslu ársins 2022 var hinsvegar hærra hlutfall brotaþola beittir eða hótað að vera beittir stafrænu kynferðisofbeldi þar sem texti þar sem talað var um þá á kynferðislega hátt hafði verið birtur, en þá var hlutfallið 13,1%.

Hafa verður í huga að einstaklingur getur tilgreint annað ofbeldi sem ástæðu komu (sjá töflu 4) en svo er merkt við að hann hafi einnig verið beittur stafrænu ofbeldi í töflu 5. Skýringin á því er sú að einstaklingur getur talið ástæðu fyrir komu til Stígamóta vera aðra, en þegar spurt er frekar um stafrænt kynferðisofbeldi svarar viðkomandi að hann hafi verið beittur slíku ofbeldi. Einnig gæti einstaklingur hafa tilgreint stafrænt kynferðisofbeldi sem ástæðu komu en ekki svarað frekari spurningum um stafrænt kynferðisofbeldi hér að ofan þar sem spurt er nánar um ólíkar birtingarmyndir stafræns kynferðisofbeldis. Því er ekki samræmi í fjölda einstaklinga sem nefna stafrænt kynferðisofbeldi sem ástæðu komu og fjölda þeirra sem tilgreina að þeir hafi verið beittir stafrænu kynferðisofbeldi.

Lýðupplýsingar um brotaþola

Tafla 6. Skipting einstaklinga eftir kyni árið 2023

	Fjöldi	Hlutfall
Kona	327	87,0%
Karl	43	11,4%
Kynsegin	5	1,3%
Skilgreinir kyn á annan hátt	1	0,3%
Alls	376	100%

Tafla 6 sýnir fjölda og hlutfall einstaklinga skipt eftir kyni. Tafla sex sýnir að fimm einstaklingar skilgreindu sig kynsegin. Eins og öll ár leituðu umtalsvert fleiri konur en karlar til Stígamóta árið 2023. Athyglisvert var hinsvegar að hlutfall karla var 11,4% og er það hærra hlutfall en kom fram í ársskýrslu ársins 2022 (en þá var hlutfall karla um 7,1%) en svipað og hlutfall karla í ársskýrslu ársins 2021 (en þá var hlutfallið 11,2%).

Tafla 7. Þjóðerni brotaþola árið 2023

	Fjöldi	Hlutfall
Íslendingur	321	88,9%
Blandað þjóðerni	16	4,4%
Frá öðrum löndum	24	6,6%
Alls	361	100%

Tafla 7 sýnir að flest þeirra sem komu til Stígamóta árið 2023 voru íslensk eða um 88,9%. Þetta er svipað hlutfall og árin 2008 til 2022.

Tafla 8a/b. Aldur fólks þegar aðstoðar var leitað og þegar ofbeldið var framið árið 2023


Tafla 8a. Aldur er aðstoðar var leitað

	Fjöldi	Hlutfall
11 - 17 ára	16	4,4%
18 - 29 ára	179	49,6%
30 - 39 ára	62	17,2%
40 - 49 ára	42	11,6%
50 - 59 ára	34	9,4%
60 ára og eldri	27	7,5%
Upplýsingar vantar	1	0,3%
Alls	361	100%

Tafla 8b. Aldur er ofbeldi var fyrst framið

	Fjöldi	Hlutfall
0 - 4 ára	11	3,0%
5 - 10 ára	88	24,4%
11 - 17 ára	140	38,8%
18 - 29 ára	94	26,0%
30 - 39 ára	14	3,9%
40 - 49 ára	3	0,8%
Ekki viss	8	2,2%
Upplýsingar vantar	3	0,8%
Alls	361	100%

Tafla 8a sýnir aldur fólks þegar það leitaði til Stígamóta og tafla 8b sýnir aldur þess þegar ofbeldið hófst eða þegar það var fyrst beitt ofbeldi. Um 67% þeirra sem nýttu sér þjónustu Stígamóta árið 2023 voru á aldrinum 18 til 39 ára, en ofbeldið hófst hins vegar fyrir 18 ára aldur hjá um 66,2% brotþola. Þetta er í samræmi við úttektir sem gerðar voru á einstaklingum sem leituðu til Stígamóta annars vegar á árunum 2009 til 2011⁶ og hins vegar á árunum 2016 til 2018⁷ en í báðum úttektum kom fram að tæplega 70% einstaklinga voru yngri en 18 ára þegar þeir voru fyrst beittir kynferðis- ofbeldi. Á árunum 2009 til 2011 voru það 68,5% einstaklinga, en á árunum 2016 til 2018 voru það 64,8%.



Mynd 5. Samanburður á aldri einstaklinga þegar aðstoðar var leitað árið 2023 og aldri þeirra þegar ofbeldi var fyrst framið

Það er eftirtektarvert að nokkur tími líður frá því að kynferðisofbeldi á sér stað þar til fólk leitar sér hjálpar vegna þess (sjá mynd 5). Samskonar niðurstöður koma fram í tölum Stígamóta frá fyrri árum. Ein af þeim áskorunum sem Stígamót standa frammi fyrir er að vinna að því að stytta tímunn sem fólk lætur líða frá því að brotið er gegn því og þar til það leitar sér hjálpar. Jafnframt sýnir þessi mynd að megnið af fólkinu sem leitar til Stígamóta var fyrst beitt kynferðisofbeldi fyrir 18 ára aldur, þ.e. meðan það var enn á barns- og unglingsaldri.

6 Anna Þ. Kristinsdóttir. (2013). *Samunburður á afleiðingum hjá þeim sem upplifðu kynferðisofbeldi fyrst fyrir 18 ára aldur og þeim sem upplifðu kynferðisofbeldið fyrst 18 ára eða eldri*. Óútgefin skýrsla.

7 Anna Þ. Kristinsdóttir. (2019). *Upplýsingar um einstaklinga sem leituðu til Stígamóta í fyrsta skipti á árunum 2016 til 2018 og höfðu verið beittir kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára aldur*. Óútgefin skýrsla.

Tafla 9. Brotaþoli skilgreinir sig með einhverja af eftirtöldum fötlunum: þroskahömlun, hreyfihömlun, blindu/sjónskerðingu, geðsjúkdóm, einhverfu, heyrnarskerðingu eða aðra fötlun, skipt eftir örorku árið 2023

	Fjöldi	Hlutfall
Brotaþoli skilgreinir sig ekki með neina fötlun	222	61,5%
Brotaþoli skilgreinir sig með fötlun/fatlanir en er ekki metinn til örorku vegna hennar/þeirra	70	19,4%
Brotaþoli skilgreinir sig með fötlun/fatlanir og er metinn til örorku vegna hennar/þeirra	40	11,1%
Brotaþoli skilgreinir sig með fötlun/fatlanir en ekki er vitað hvort viðkomandi er metinn til örorku vegna hennar/þeirra	21	5,8%
Upplýsingar vantar	8	2,2%
Alls	361	100%


Tafla 9 sýnir að um 36,3% einstaklinga sem leituðu til Stígamóta í fyrsta skipti árið 2023 skilgreindu sig með einhverja af ofangreindum fötlunum, óháð því hvort þeir voru metnir til örorku vegna hennar/þeirra eða ekki. Þetta hlutfall er hærra borið saman við sambærilegt hlutfall úr ársskýrslu ársins 2022 (en þá var hlutfallið 26,2%). Tafla 9 sýnir einnig að 11,1% þeirra sem komu í fyrsta skipti til Stígamóta árið 2023 og skilgreindu sig með einhverja af ofangreindum fötlunum, voru metnir til örorku vegna hennar/þeirra. Þetta hlutfall er hærra en sambærilegu hlutfalli í ársskýrslu ársins 2022 (en þá var hlutfallið 7,5%).

Tafla 10. Fötlun skipt eftir því hvort brotaþoli var metinn til örorku vegna hennar árið 2023

	Metin til örorku		Ekki metin til örorku og óvíst		Alls	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Þroskahömlun	1	2,5	-	-	1	0,8
Hreyfihömlun	4	10,0	-	-	4	3,1
Blinda/sjónskerðing	3	7,5	4	4,4	7	5,3
Langvarandi geðrænar áskoranir (sem valda því að viðkomandi þarf talsverðan stuðning til að taka þátt í samfélaginu)	27	67,5	61	67,0	88	67,2
Einhverfa	6	15,0	12	13,2	18	13,7
Heyrnarleysi/-skerðing	-	-	4	4,4	4	3,1
Annað	12	30,0	29	31,9	41	31,3
Fjöldi einstaklinga	40		91		131	

Hlutfallið í töflu 10 miðast annars vegar við 40 einstaklinga sem skilgreina sig með einhverja af ofantöldum fötlunum og eru metnir til örorku vegna hennar/þeirra, og hins vegar við 91 einstakling sem skilgreindu sig með fötlun en var ekki metinn til örorku vegna hennar/þeirra eða óvíst hvort hann væri metinn til örorku vegna fötlunar. Í töflu 10 byggir fjöldi brotaþola sem skilgreindu sig með fötlun eingöngu á því þegar upplýsingar liggja fyrir um fötlun og örorku vegna hennar/þeirra. Hér eru því ekki taldir með brotaþolar þar sem ekki fengust upplýsingar um annað hvort fötlun eða örorku. Hafa ber þetta í huga við túlkun upplýsinga. Þá er mikilvægt að taka fram að samanlagður fjöldi í töflu 10 getur verið hærri en fjöldi einstaklinga í hverjum brotaflokk, þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eina fötlun.

Tafla 10 sýnir að flest þeirra sem leituðu til Stígamóta árið 2023 og merktu við einhverja fötlun skilgreindu sig með langvarandi geðrænar áskoranir (eða 67,2%). Þetta er hærra hlutfall en sambærilegt hlutfall sem kom fram í ársskýrslu ársins 2022 (en þá var hlutfallið 62,2%). Markmiðið með þessum tveimur ofangreindu töflum er að fá betri mynd af því hversu vel Stígamót ná til fólks sem skilgreinir sig með fatlanir og fyrir hvaða hópa þarf að auka aðgengi sérstaklega. Stígamót leggja ríka áherslu á að auka aðgengi fyrir fólk sem skilgreinir sig með fatlanir.




Mynd 6. Búseta þeirra sem leituðu til Stígamóta árið 2023

Á mynd 6 má sjá búsetu fólks þegar það leitaði til Stígamóta, en um 79% þeirra bjuggu á höfuðborgarsvæðinu. Árið 2023 bjuggu 63,8% landsmanna á höfuðborgarsvæðinu en það er fyrst og fremst sá hópur sem hefur verulegt gagn af starfi Stígamóta. Úr þessum hópi eru flest þeirra sem nýta sér viðtöl í langan tíma og hafa möguleika á að taka þátt í starfi sjálfs-hjálparhópanna. Þó er einnig boðið upp á símaviðtöl eða viðtöl í gegnum annan fjarfundabúnað sem fólk utan höfuðborgarsvæðisins hefur nýtt sér. Verkefnið „Stígamót á staðinn“ hefur opnað möguleika fyrir þá sem búa á Ísafirði og nágrenni, að nýta sér þjónustu Stígamóta á sínu heimasvæði. Ráðgjafi frá Stígamótum fer reglulega og veitir viðtöl á Ísafirði og hefur svo verið frá september 2016.


Síðustu ár hafa tekið til starfa önnur úrræði fyrir brotþola bæði á Akureyri og á Selfossi.

Um ofbeldisverkin



Mynd 7. Hve lengi stóð kynferðisofbeldi gegn barni yfir?

Hlutfallið á mynd 7 miðast við þá 177 einstaklinga sem beittir höfðu verið kynferðisofbeldi sem barn og svöruðu spurningu um hve lengi kynferðisofbeldið stóð yfir. Tölum um hve lengi kynferðisofbeldi gegn barni stendur yfir ber að taka með varúð. Það reynist fólki oft erfitt að tímasetja ofbeldið nákvæmlega og þær tölur um tímalengd sem hér eru nefndar eru varlega áætlaðar. Ljóst er að kynferðisofbeldi gegn barni er ofbeldi sem er oft viðvarandi í mörg ár. Mynd 7 sýnir að í um 33,9% tilfella stóð kynferðisofbeldi gegn barni yfir í eitt ár eða lengur. Þetta er lægra hlutfall en sambærilegt hlutfall í ársskýrslu ársins 2022 en þá var hlutfallið 45,1%.



Mynd 8. Mismunandi birtingarmyndir nauðgana árið 2023

Spurningarlistar sem lagðir eru fyrir eru í stöðugri þróun og reynt er að betrubæta þá þegar þörf er á. Þær breytingar voru gerðar árið 2023 að spurt var um mismunandi birtingarmyndir nauðgana sérstaklega en ekki birtingarmyndir bæði nauðgana/nauðganartilrauna eins og gert var í fyrri ársskýrslum. Mynd 8 sýnir birtingarmyndir nauðgana. Hlutfallið á myndinni miðast við heildarfjölda þeirra tilvika þar sem greint var frá mismunandi birtingarmyndum nauðgana eða 301 tilvik. Á mynd 8 er greint frá birtingarmyndum nauðgana og getur sami brotaboli merkt við fleiri en eina birtingarmynd og þess vegna getur fjöldinn verið meiri en í fjölda ástæðna fyrir komu á Stígamót. Þá svöruðu ekki allir sem merktu við nauðgun sem ástæðu fyrir komu spurningunni um mismunandi birtingarmyndir.

Á mynd 8 vísar svarmöguleikinn „annað“ til nauðgana sem falla undir aðrar skilgreiningar nauðgunar en þær sem settar eru fram á myndinni.

Mynd 8 sýnir að í hlutfallslega flestum tilvikum nauðgana upplifði brotaboli ekki byrlun, hópnauðgun eða að meðvitundarleysi þeirra væri nýtt (eða um 62,8%). Þetta er svipað hlutfall og kemur fram í ársskýrslu frá árinu 2022 (þá var sambærilegt hlutfall nauðgana og/eða nauðgunartilrauna um 63%). Hafa ber þó í huga við samanburð að breytingar voru gerðar á spurningunni milli ára. Um 15,9% nauðgana (eða í 48 tilvikum) áttu sér stað þegar meðvitundarleysi brotabola vegna áfengis eða lyfja var nýtt. Þetta er lægra hlutfall en kemur fram í ársskýrslu ársins 2022 (þá var sambærilegt hlutfall nauðgana og/eða nauðgunartilrauna 17,1%). Mynd 8 sýnir að í 10,3% tilvika (eða í 31 tilvikum) var um byrlun að ræða, sem er lægra hlutfall en í ársskýrslu ársins 2022 en þá var sambærilegt hlutfall nauðgana og/eða nauðgunartilrauna um 11,4%. Mynd 8 sýnir einnig að í 20 tilvikum (eða 6,6%) þeirra nauðgana sem nefndar voru, var um hópnauðgun að ræða. Þetta eru aðeins fleiri tilvik en í ársskýrslu ársins 2022 (þá voru það 18 tilvik nauðgunar og/eða nauðgunartilraunar eða 5,7%). Í 6 tilfellum hópnauðgana voru tveir ofbeldismenn, í 3 tilfellum hópnauðgana voru 3 ofbeldismenn og í tveimur tilfellum voru ofbeldismennirnir fjórir. Í 9 tilfellum vantaði upplýsingar um fjölda ofbeldismanna.

Rétt er að ítreka að þrátt fyrir ólíkar birtingarmyndir nauðgana er sá sem beitir ofbeldinu alltaf ábyrgur fyrir ofbeldinu.

Tafla 11. Brotapola var byrjað lyf þegar ofbeldið var framið, skipt eftir tegund ofbeldis árið 2023

	Kynferðis- ofbeldi gegn barni		Nauðgun		Nauðgunar- tilraun		Klám		Vændi		Kynferðisleg áreitni		Annað	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Nei	159	84,6	188	74,9	50	64,9	13	59,1	7	41,2	99	65,1	8	36,4
Já	-	-	19	7,6	4	5,2	-	-	-	-	1	0,7	-	-
Í sumum tilvikum	2	1,1	9	3,6	1	1,3	-	-	-	-	3	2,0	-	-
Já grunar það	1	0,5	9	3,6	2	2,6	-	-	1	5,9	1	0,7	-	-
Ekki viss	-	-	10	4,0	3	3,9	1	4,5	3	17,6	1	0,7	1	4,5
Upplýsingar vantar	26	13,8	16	6,4	17	22,1	8	36,4	6	35,3	47	30,9	13	59,1
Alls	188	100	251	100	77	100	22	100	17	100	152	100	22	100

Tafla 11 greinir frá hvort einstaklingi hafi verið byrjað lyf þegar ofbeldið átti sér stað, skipt eftir brotaflokk. Hlutfallið í töflunni miðast við hvern brotaflokk og fjölda þeirra einstaklinga sem nefndi að þeir hefðu orðið fyrir slíku broti.

Í 7,6% tilvika þegar um nauðgun var að ræða var brotapola byrjað lyf og engu tilvika þegar um kynferðisofbeldi gegn barni var að ræða.

Eins og tafla 11 sýnir þá nefndu 19 einstaklingar sem hafði verið nauðgað að þeim hefði verið byrjað lyf, þetta eru færri einstaklingar sem hafði verið nauðgað og byrjað lyf en fram kom í ársskýrslum árána 2021 og 2022 (bæði árin voru þetta 28 einstaklingar). Þegar mynd 8 er borin saman við töflu 11 kemur í ljós að í 31 tilvikum nauðgana byrjaði ofbeldismaðurinn brotapolanum samkvæmt mynd 8, en tafla 11 sýnir aftur á móti 37 tilvik þar sem ofbeldismaður byrjaði brotapola eða brotapola grunaði að honum hafi verið byrjað þegar um nauðgun var að ræða. Hafa ber í huga að einstaklingur getur tilgreint að um lyfjanauðgun hafi verið að ræða þegar hann svarar hverjar birtingarmyndir nauðgunar voru en ekki tilgreint eða svarað spurningu um hvort honum hafi verið byrjað lyf, eða öfugt. Því er ekki alltaf samræmi í fjölda tilvika þar sem um lyfjanauðgun var að ræða (sem mynd 8 sýnir) og fjölda tilvika þar sem lyfjum var byrjað (sem tafla 11 sýnir).

Um 13,3% (48 einstaklingar) þeirra 361 brotapola sem komu í fyrsta skipti til Stígamóta árið 2023 nefndu að þeim hafði verið byrjað lyf (eða þá grunaði það) þegar þeir voru beittir kynferðisofbeldi. Þetta er aðeins lægra hlutfall en kom fram í ársskýrslu ársins 2022 en þá var hlutfallið 14,7%.

Mikilvægt er að taka það fram að oft er erfitt að átta sig á því hvort brotapolum hafi verið byrjað og lyf eru oft fljót að fara úr líkamanum. Því fæst sjaldan staðfesting á því að ofbeldismenn hafi byrjað brotapolum og án efa eru hér einhverjar skuggatölur.

Tafla 12. Landsvæði þar sem ofbeldinu var beitt, skipt eftir tegund ofbeldis árið 2023

	Kynferðis- ofbeldi gegn barni	Nauðgun	Nauðgunar- tilraun	Klám	Vændi	Kynferðisleg áreitni	Annað
Reykjavík	39,7%	43,7%	39,1%	28,6%	18,2%	43,0%	35,7%
Annað höfuðborgar- svæði	14,9%	16,4%	7,2%	4,8%	45,5%	14,5%	14,3%
Utan höfuðborgar- svæðis	27,8%	22,5%	33,3%	42,9%	15,2%	24,2%	28,6%
Erlendis	15,5%	16,4%	15,9%	14,3%	18,2%	15,2%	21,4%
Ekki viss	2,1%	1,0%	4,3%	9,5%	3,0%	3,0%	-
Alls Fjöldi tilvika	100% (194)	100% (293)	100% (69)	100% (21)	100% (33)	100% (165)	100% (14)

Í töflu 12 er greint frá hvar ólíkum tegundum ofbeldis var beitt. Í hverjum brotaflokkum fyrir sig geta staðirnir sem nefndir eru verið fleiri en einstaklingarnir sem orðið hafa fyrir ofbeldinu. Skýringin á þessu er sú að ofbeldi var beitt á fleiri en einum stað hjá sumum einstaklingum. Hlutfallið í töflu 12 miðast við heildarfjölda tilvika þar sem ofbeldi var beitt í hverjum brotaflokkum. Tafla 12 sýnir að kynferðisofbeldi á sér ekki landfræðileg mörk. Hæsta hlutfall tilvika í öllum tilgreindum brotaflokkum að undanskildum brotaflokknum „klám“ er á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er í samræmi við það að flestir sem leita til Stígamóta búa á höfuðborgarsvæðinu og þar eru flestir landsmenn búsettir. Athyglisvert var að hæsta hlutfall tilvika í brotaflokknum „klám“ átti sér stað utan höfuðborgarsvæðisins, en hafa verður í huga við túlkun þessara niðurstaðna að þetta eru einungis 21 tilvik.

Þess ber að geta að brotaflokkurinn *stafrænt kynferðisofbeldi* er ekki tekinn með í töflu 12 vegna þess að stafrænt kynferðisofbeldi er í eðli sínu ekki staðbundið.

Tafla 13. Hvar kynferðisofbeldinu var beitt, skipt eftir tegund ofbeldis árið 2023

	Kynferðis- ofbeldi gegn barni		Nauðgun		Nauðgunar- tilraun		Klám		Vændi		Kynferðis- leg áreitni		Annað	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Á sameiginlegu heimili	34	14,3	67	19,5	8	9,8	5	26,3	6	18,2	18	7,1	6	37,5
Á heimili ofbeldis- mannsins	78	32,8	110	32,0	29	35,4	4	21,1	4	12,1	36	14,2	3	18,8
Á heimil brotaþola	39	16,4	51	14,8	8	9,8	4	21,1	5	15,2	23	9,1	1	6,3
Í heimahúsi	15	6,3	33	9,6	11	13,4	1	5,3	4	12,1	22	8,7	-	-
Á vinnustað	3	1,3	2	0,6	2	2,4	-	-	1	3,0	32	12,6	-	-
Á eða við skemmti- stað	1	0,4	8	2,3	3	3,7	-	-	-	-	39	15,4	1	6,3
Á útihátíð	-	-	7	2,0	1	1,2	-	-	-	-	6	2,4	-	-
Í tómstundum eða íþróttastarfi	7	2,9	1	0,3	-	-	-	-	-	-	5	2,0	1	6,3
Á opinberri stofnun	11	4,6	5	1,5	1	1,2	-	-	-	-	17	6,7	-	-
Utandyra	24	10,1	25	7,3	4	4,9	-	-	3	9,1	24	9,4	-	-
Á internetinu	7	2,9	1	0,3	-	-	5	26,3	4	12,1	17	6,7	1	6,3
Annað	15	6,3	30	8,7	12	14,6	-	-	5	15,2	14	5,5	3	18,8
Ekki viss	4	1,7	4	1,2	3	3,7	-	-	1	3,0	1	0,4	-	-
Alls	238	100	344	100	82	100	19	100	33	100	254	100	16	100

Tafla 13 greinir frá því hvar ólíkum tegundum ofbeldis var beitt. Í hverjum brotaflokki fyrir sig geta þeir staðir verið fleiri en einstaklingarnir sem orðið hafa fyrir ofbeldinu. Skýringin á þessu er sú að ofbeldi var beitt á fleiri en einum stað hjá sumum einstaklingum. Hlutfallið í töflu 13 miðast við heildarfjölda tilvika þar sem ofbeldi átti sér stað í hverjum brotaflokki.

Í töflu 13 kemur fram að kynferðisofbeldi gegn barni á sér oftast stað á heimili ofbeldismanns, á heimili þess sem er beittur ofbeldinu eða á sameiginlegu heimili brotaþola og ofbeldismann (samtals í um 63,4% tilfella). Þetta er sambærilegt við niðurstöður sem komu fram kom í ársskýrslu ársins 2022, en þá var það í 64,1% tilfella að kynferðisofbeldi gegn barni hafi verið beitt á áður nefndum stöðum.

Nauðganir og nauðgunartilraunir eiga sér oftast stað á heimili ofbeldismanns, á heimili þess sem er beittur ofbeldinu, á sameiginlegu heimili brotaþola og ofbeldismanns og í heimahúsi (nauðganir í um 76% tilvika og nauðgunartilraunir í um 68% tilvika). Þessar niðurstöður eru í samræmi við ársskýrslu ársins 2022 en þar kemur fram að nauðgunum er beitt á áður nefndum stöðum í um 78,9% tilvika og tilraunum til nauðgana í um 73% tilvika. Athyglisvert er að kynferðislegri áreitni er beitt utan heimila í um 55% tilvika, sem er hærra hlutfall og fram kemur í ársskýrslu ársins 2022 (þá var það í um 49% tilvika). Eftirtektarvert er að í um 57,6% tilvika verða þolendur vændis fyrir því á sameiginlegu heimili, heimili ofbeldismanns, heimili brotaþola eða í heimahúsi.


Í dálkinum *annað* getur verið um að ræða staði eins og bifreiðar eða á stöðum sem ekki falla undir aðrar skilgreiningar í töflunni.

Þess ber að geta að brotaflokkurinn *stafrænt kynferðisofbeldi* var ekki tekinn með í töflu 13 og mynd 9 vegna þess að stafrænt kynferðisofbeldi verður ekki staðsett í þessari merkingu.

Mynd 9. Hvar kynferðisofbeldinu var beitt árið 2023

Mynd 9 greinir frá því hvar ólíkum tegundum ofbeldis var beitt, þegar búið er að sameina alla brotaflokkka í eina heild. Í hverjum brotaflokki fyrir sig geta staðirnir sem nefndir eru verið fleiri en einstaklingarnir sem orðið hafa fyrir ofbeldinu, vegna þess að ofbeldi var beitt á fleiri en einum stað hjá sumum einstaklingum. Hlutfallið á mynd 9 miðast við heildarfjölda tilvika þar sem ofbeldi var beitt (að undanskildu stafrænu kynferðisofbeldi), en heildarfjöldi tilvika var 986.

Fram kemur á mynd 9 að kynferðisofbeldi á sér oftast stað á heimili ofbeldismanns, á heimili þess sem er beittur ofbeldinu, á sameiginlegu heimili brotaþola og ofbeldismanns eða í heimahúsi (samtals í um 63,4% tilvika). Þetta aðeins lægra hlutfall en það sem fram koma í ársskýrslu frá árinu 2022 (þá var það 68,1%).



Tafla 14. Hverjum brotaþoli hefur sagt frá, skipt eftir tegund ofbeldis árið 2023

	Kynferðis- ofbeldi gegn barni		Nauðgun		Nauðgunar- tilraun		Klám		Vændi		Kynferðisleg áreitni		Stafrænt kyn- ferðisofbeldi		Annað	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Engum sagt frá ofbeldinu	15	8,0	16	6,4	7	9,1	3	13,6	4	23,5	13	8,6	4	7,5	1	4,5
Sagt maka frá ofbeldinu	59	31,4	86	34,3	17	22,1	3	13,6	2	11,8	35	23,0	5	9,4	3	13,6
Sagt fyrr- verandi maka frá ofbeldinu	40	21,3	43	17,1	15	19,5	-	-	1	5,9	19	12,5	4	7,5	2	9,1
Sagt móður frá ofbeldinu	75	39,9	110	43,8	21	27,3	2	9,1	3	17,6	45	29,6	4	7,5	4	18,2
Sagt föður frá ofbeldinu	40	21,3	54	21,5	10	13,0	3	13,6	2	11,8	24	15,8	4	7,5	-	-
Sagt öðrum í fjölskyldunni frá ofbeldinu	62	33,0	86	34,3	22	28,6	4	18,2	3	17,6	36	23,7	6	11,3	4	18,2
Sagt vinkonu/ vini frá ofbeldinu	97	51,6	176	70,1	46	59,7	6	27,3	5	29,4	79	52,0	11	20,8	5	22,7
Sagt spon- sor í 12 spora samtökum frá ofbeldinu	13	6,9	13	5,2	6	7,8	2	9,1	2	11,8	5	3,3	2	3,8	-	-
Sagt öðrum frá ofbeldinu	17	9,0	13	5,2	3	3,9	2	9,1	1	5,9	9	5,9	2	3,8	1	4,5
Óvíst hverjum hefur verið sagt frá ofbeldinu	1	0,5	1	0,4	-	-	1	4,5	-	-	1	0,7	-	-	-	-
Upplýsingar vantar	19	10,1	18	7,2	15	19,5	6	27,3	5	29,4	36	23,7	32	60,4	11	50,0
Fjöldi einstaklinga	188		251		77		22		17		152		53		22	

Tafla 14 greinir frá því hverjum brotaþoli hefur áður sagt frá ofbeldinu. Hlutfallið í töflunni miðast við hvern brotaflokk og fjölda þeirra einstaklinga sem nefndu að þeir hefðu orðið fyrir slíku broti. Þannig er samanlagður fjöldi í töflu 14 hærri en fjöldi einstaklinga í hverjum brotaflokki, þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt atriði.


Eins og sést í töflu 14 hefur yfir helmingur einstaklinga sem beittir hafa verið kynferðisofbeldi sem barn, einstaklinga sem beittir hafa verið nauðgun og einstaklinga sem beittir hafa verið nauðgunartilraun sagt vinkonu/vini frá ofbeldinu. Athyglisvert er að þegar brotaþolar ólíkra brotaflokka er bornir saman hafði hærra hlutfall brotaþola vændis (23,5%) ekki sagt neinum frá ofbeldinu borið saman við um 4,5 til 13,6% brotaþola annarra brotaflokka. Þessar niðurstöður geta gefið ákveðna vísbendingu um það að brotaþolar vændis eigi erfiðara að tala um það ofbeldi sem þeir hafa verið beittir borið saman við brotaþola annars kynferðisofbeldis. Ekki er þó hægt að alhæfa út frá þessum niðurstöðum þar sem brotaþolar vændis voru einungis 17. En niðurstöðurnar eru þó í samræmi við⁸ rannsókn sem Anna Þóra Kristinsdóttir gerði á brotaþolum vændis sem leituðu til Stígamóta á árunum 2013 til 2021. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að hærra hlutfall kvenna sem voru brotaþolar vændis hafði engum sagt frá vændinu borið saman við hlutfall kvenna sem voru brotaþolar nauðgunar og/eða sífjaspells og höfðu engum sagt frá sífjaspellinu og/eða nauðguninni. Það getur ýtt undir meiri afleiðingar ef brotaþolar geta ekki sagt frá því ofbeldi sem þeir hafa verið beittir. Því er mikilvægt að leggja áherslu á að brotaþolar vændis geti rætt vændið og upplifi skilning á því ofbeldi sem þeir hafa verið beittir og séu ekki einangraðir með reynslu sína.

8 Anna Þóra Kristinsdóttir. (2022). *Birtingarmyndir vændis hjá brotaþolum sem leitað hafa til Stígamóta: Hefur vændi áhrif á líðan brotaþola þess?* Reykjavík: Stígamót

Mynd 10. Hverjum brotaþoli hefur sagt frá árið 2023

Mynd 10 sýnir hvaða aðila brotaþoli hafði áður sagt frá kynferðisofbeldinu, óháð brotaflokkum. Hlutfallið á mynd 10 miðast við heildarfjölda einstaklinga (361) en upplýsingar vantar frá 12 (3,3%). Þá er mikilvægt að taka fram að samantlagður fjöldi á mynd 10 er hærri en fjöldi einstaklinga þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt atriði.

Á mynd 10 sést að um 72,6% höfðu sagt vinkonu/vini frá ofbeldinu og um 38,2% höfðu sagt maka frá ofbeldinu. Þetta eru svipaðar niðurstöður og koma fram í ársskýrslu ársins 2022, en þá höfðu um 68,4% sagt vinkonu/vini frá ofbeldinu og 39,1% sagt maka frá.



Tafla 15. Fagaðilar sem ofbeldið hafði verið rætt við áður en komið var til Stigamóta árið 2023, skipt eftir tegund ofbeldis


	Kynferðis- ofbeldi gegn barni		Nauðgun		Nauðgunar- tilraun		Klám		Vændi		Kynferðisleg áreitni		Stafrænt kyn- ferðisofbeldi		Annað	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Enginn fagaðili	51	27,1	65	25,9	21	27,3	7	31,8	4	23,5	37	24,3	8	15,1	3	13,6
Læknir	13	6,9	24	9,6	5	6,5	-	-	1	5,9	5	3,3	-	-	1	4,5
Starfsfólk geð- deildar	5	2,7	13	5,2	-	-	-	-	-	-	1	0,7	-	-	-	-
Geðlæknir	16	8,5	20	8,0	5	6,5	1	4,5	1	5,9	7	4,6	-	-	1	4,5
Hjúkrunarfræðingur	4	2,1	14	5,6	-	-	-	-	-	-	1	0,7	-	-	-	-
Sjúkraliði	-	-	2	0,8	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Félagsráðgjafi	13	6,9	22	8,8	2	2,6	1	4,5	3	17,6	2	1,3	2	3,8	-	-
Félagsþjónusta	6	3,2	8	3,2	2	2,6	-	-	-	-	2	1,3	-	-	1	4,5
Sálfræðingur	73	38,8	108	43,0	25	32,5	4	18,2	3	17,6	47	30,9	4	7,5	6	27,3
Fagaðili í vímuefna- merðferð	11	5,9	9	3,6	4	5,2	1	4,5	-	-	5	3,3	1	1,9	-	-
Almennur ráðgjafi	4	2,1	6	2,4	2	2,6	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Prestur	6	3,2	3	1,2	-	-	-	-	-	-	4	2,6	-	-	-	-
Skólastarfsmaður	3	1,6	3	1,2	-	-	-	-	-	-	2	1,3	-	-	-	-
Lögreglufulltrúi	7	3,7	20	8,0	7	9,1	3	13,6	2	11,8	2	1,3	-	-	1	4,5
Önnur samtök sem vinna fyrir brota- þola ofbeldis	19	10,1	42	16,7	7	9,1	4	18,2	4	23,5	12	7,9	-	-	5	22,7
Neyðarmóttaka	1	0,5	12	4,8	1	1,3	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Barnahús	16	8,5	5	2,0	1	1,3	-	-	-	-	2	1,3	-	-	-	-
Annar fagaðili	5	2,7	14	5,6	7	9,1	1	4,5	2	11,8	8	5,3	2	3,8	1	4,5
Ekki viss	1	0,5	1	0,4	-	-	-	-	-	-	2	1,3	-	-	-	-
Upplýsingar vantar	26	13,8	16	6,4	18	23,4	8	36,4	5	29,4	51	33,6	38	71,7	12	54,5
Fjöldi einstaklinga	188		251		77		22		17		152		53		22	

Tafla 15 greinir frá því hvort brotaþoli hafi rætt ofbeldið við fagaðila og þá hverskonar, skipt eftir brotaflokk. Hlutfallið í töflunni miðast við hvern brotaflokk og fjölda þeirra einstaklinga sem nefndu að þeir hefðu orðið fyrir slíku broti. Þá er mikilvægt að taka fram að samanlagður fjöldi í töflu 15 getur verið hærri en fjöldi einstaklinga í hverjum brotaflokk, þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt atriði.


Um 27,1% þeirra sem beittir höfðu verið kynferðisofbeldi sem barn og um 25,9% þeirra sem beittir höfðu verið nauðgun höfðu ekki rætt við neinn fagaðila um ofbeldið. Í ársskýrslu ársins 2022 kemur fram svipað hlutfall þeirra sem beittir höfðu verið kynferðisofbeldi sem barn og höfðu ekki rætt við neinn fagaðila um ofbeldið eða um 26,3%. Í ársskýrslu ársins 2022 kom fram lægra hlutfall þeirra sem beittir höfðu verið nauðgun og höfðu ekki rætt við neinn fagaðila (eða 19,7%). Yfir 20% þeirra sem beittir höfðu verið nauðgunartilraun, kynferðislegri áreitni, klámi eða vændi höfðu ekki rætt við neinn fagaðila um ofbeldið (sjá töflu 15). Athyglisvert er að um og yfir 40% þeirra sem beittir höfðu verið kynferðisofbeldi sem barn og nauðgunum höfðu rætt við sálfræðing um ofbeldið. Um 32,5% þeirra sem beittir hafa verið nauðgunartilraun höfðu rætt við sálfræðing um ofbeldið.

Mynd 11. Við hvaða fagaðila hefur ofbeldið verið rætt áður en komið var til Stígamóta árið 2023

Mynd 11 sýnir við hvaða fagaðila brotapolí hafði rætt áður en hann kom til Stígamóta, óháð brotaflokkum. Hlutfallið á myndinni miðast við heildarfjölda einstaklinga (361) en upplýsingar vantar frá 19 (5,3%). Þá er mikilvægt að taka fram að samanlagður fjöldi á mynd 11 er hærri en heildarfjöldi einstaklinga, þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt atriði. Um 28,8% höfðu ekki rætt við neinn fagaðila um ofbeldið og er þetta svipað hlutfall og fram kemur í ársskýrslu ársins 2022 (30%). Einnig er athyglisvert að um 47,1% höfðu rætt við sálfræðing um ofbeldið (sjá mynd 11) og er þetta aðeins hærra hlutfall en fram kom í ársskýrslu ársins 2022 (þá var hlutfallið 44,5%).




Afleiðingar kynferðisofbeldis



Mynd 12. Erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis árið 2023

Mynd 12 sýnir þær afleiðingar kynferðisofbeldis sem oftast eru nefndar í viðtölum. Hlutfallið á myndinni miðast við heildarfjölda einstaklinga (361) en upplýsingar um afleiðingar vantar frá 11 manns (3%) af heildarfjölda einstaklinga. Í súluritinu er getið um svipmyndir. Hér getur verið um að ræða myndir eða minningar tengdar kynferðisofbeldinu sem skjótast skyndilega og án fyrirvara upp í hugann og valda viðkomandi miklu hugarangri.

Mynd 12 sýnir að hlutfallslega flestir nefndu kvíða, skömm, lélega sjálfsmynd, depurð og sektarkennd. Í ársskýrslum fyrri ára kemur einnig fram að hátt hlutfall brotþola nefna depurð, lélega sjálfsmynd og sektarkennd sem afleiðingu kynferðisofbeldis, og frá því byrjað var að spyrja um skömm og kvíða hefur hlutfall þess alltaf verið hátt.



Mynd 13. Neysla eða athafnir sem eru afleiðingar kynferðisofbeldis og skerða lífsgæði og trufla daglegt líf árið 2023

Hlutföllin á mynd 13 miðast við heildarfjölda einstaklinga (361), af þeim vantaði upplýsingar frá 37 (10,2%).

Mynd 13 sýnir að hlutfallslega flestir nefndu að áfengi eða matur hefði skert lífsgæði eða truflað daglegt líf (27,4% nefndu áfengi og 23,8% nefndu mat). Um 19,9% nefndu að önnur vímuefni/lyf hefðu skert lífsgæði eða truflað daglegt líf. Um 28,3% einstaklinga töldu að ekkert af ofangreindu hefði skert lífsgæði eða truflað daglegt líf. Ársskýrslur frá árunum 2012 til 2022 sýna einnig að hlutfallslega flestir þeirra sem nefna að neysla eða athafnir hafi skert lífsgæði nefndu áfengi, önnur vímuefni og mat.

Tafla 16. Sjálfsvígstilraunir árið 2023

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	257	71,2%
Já	88	24,4%
Upplýsingar vantar	16	4,4%
Alls	361	100%

Tafla 16 sýnir að 88 einstaklingar eða 24,4% af þeim sem leituðu til Stígamóta árið 2023 höfðu gert eina eða fleiri tilraunir til sjálfsvígs.

Tafla 17. Sjálfsvígstílaunir, fleiri ár


	2019	2020	2021	2022	2023
Já	28,0%	23,1%	23,0%	26,5%	24,4%
Nei	68,5%	70,6%	70,5%	68,4%	71,2%
Fjöldi⁹	355	280	418	354	345

Eins og sést í töflu 17 hér að ofan hefur hlutfall þeirra sem gert hafa eina eða fleiri tílaunir til sjálfsvígs verið á bilinu 23 til 28% á árunum 2019 til 2023.

Tafla 18. Viðbrögð brotaþola þegar ofbeldið átti sér stað, skipt eftir tegund ofbeldis árið 2023

	Kynferðis- ofbeldi gegn barni		Nauðgun		Nauðgunar- tílaun		Kynferðisleg áreitni	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Ég barðist á móti með líkamlegu afli eða orðum	38	20,2	82	32,7	31	40,3	35	23,0
Ég flúði eða reyndi að flýja	10	5,3	19	7,6	22	28,6	17	11,2
Ég fraus/ eða mér fannst líkami minn lamast	75	39,9	138	55,0	16	20,8	33	21,7
Ég gerði ekkert	71	37,8	69	27,5	4	5,2	42	27,6
Ég lét sem ekkert væri	47	25,0	57	22,7	5	6,5	35	23,0
Ég þóttist vera sofandi	22	11,7	33	13,1	1	1,3	6	3,9
Ég brást ekki við þar sem ég var sofandi	2	1,1	20	8,0	2	2,6	1	0,7
Ég brást ekki við þar sem ég var sofandi vegna áfengis og/eða annarra vímuefna/lyfja	6	3,2	61	24,3	5	6,5	2	1,3
Ég brást við með öðrum hætti	8	4,3	11	4,4	-	-	2	1,3
Ekki viss	10	5,3	5	2,0	3	3,9	2	1,3
Upplýsingar vantar	24	12,8	16	6,4	19	24,7	44	28,9
Fjöldi einstaklinga	188		251		77		152	

9 Fjöldi einstaklinga nær eingöngu til þeirra sem svöruðu með já eða nei en ekki þegar svarið var óvíst eða upplýsingar vantar. Hlutfallið miðast hins vegar við heildarfjölda einstaklinga.



Mynd 14. Viðbrögð brotaþola þegar annars vegar nauðgun og hins vegar kynferðisofbeldi gegn barni átti sér stað

Tafla 18 greinir frá því hver viðbrögð brotaþola voru þegar ofbeldinu var beitt, skipt eftir brotaflokk. Hlutfallið í töflu 18 miðast við hvern brotaflokk og fjölda þeirra einstaklinga sem nefndu að þeir hefðu orðið fyrir slíku broti. Mynd 14 greinir frá viðbrögðum brotaþola, annars vegar þeirra sem beittir höfðu verið nauðgun og hins vegar þeirra sem beittir voru kynferðisofbeldi þegar þeir voru börn. Mikilvægt er að taka fram að samanlagður fjöldi í töflu 18 og á mynd 14 er hærri en fjöldi einstaklinga í hverjum brotaflokk, þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt atriði.

Tafla 18 og mynd 14 sýna að meirihluti þeirra sem var nauðgað greindu frá að þeir hefðu frosið eða fundist líkami sinn lamast (eða 55%). Einnig kom fram að 27,5% þeirra sem var nauðgað gerðu ekkert og 22,7% létu sem ekkert væri. Þá kemur fram á mynd 14 og töflu 18 að hæsta hlutfall einstaklinga sem beittir höfðu verið kynferðisofbeldi sem barn hafði frosið eða fundist líkami sinn lamast (39,9%), næsthæsta hlutfall gerðu ekkert (eða 37,8%) og þriðja hæsta hlutfallið sagðist hafa látið sem ekkert væri (eða um 25%). Tafla 18 sýnir að flestir þeirra sem beittir höfðu verið nauðgunartilraun og greindu frá viðbrögðum við ofbeldinu höfðu barist á móti, næstflestir greindu frá því að hafa flúið eða reynt að flýja og þriðja hæsta hlutfallið greindi frá því að þeir hefðu frosið eða fundist líkami sinn lamast. Tafla 18 sýnir einnig að flestir þeirra sem beittir höfðu verið kynferðislegri áreitni greindu frá því að þeir hefðu ekkert gert, næstflestir greindu frá því að þeir hefðu barist á móti eða látið sem ekkert væri og þriðja hæsta hlutfallið greindi frá því að þeir hefðu frosið, fundist líkami sinn lamast.

Þegar tafla 18 og mynd 14 eru bornar saman við samskonar töflur og myndir í ársskýrslum frá árunum 2018 til 2022 sést að öll árin nefndu hlutfallslega flestir sem var nauðgað eftirfarandi viðbrögð: 1) að þeir hefðu frosið eða þeim hafi fundist líkami sinn lamast, 2) að þeir hefðu barist móti, eða 3) að þeir gerðu ekkert. Einnig sýna niðurstöður frá þessum árum að hlutfallslega flestir sem máttu þola sífjaspell eða kynferðisofbeldi sem börn nefndu eftirfarandi: 1) að þeir gerðu ekkert, 2) að þeir hefðu frosið eða þeim hafi fundist líkami sinn lamast, eða 3) að þeir létu sem ekkert væri.

Þessar niðurstöður sýna að algeng viðbrögð við kynferðisofbeldi eru að frjóska eða finnast líkami sinn lamast, gera ekki neitt, eða berjast á móti með líkamlegu afli eða orðum. Allt eru þetta eðlileg viðbrögð við þeim óeðlilegu aðstæðum sem kynferðisofbeldi er. Levine (1997)¹⁰ talar um að viðbrögð einstaklinga, líkt og dýra, geti verið þrenns konar þegar einstaklingur upplifir áfall eða mikinn ótta. Einstaklingar geta frosið, reynt að flýja eða barist á móti. Allt eru þetta viðbrögð sem geta hjálpað okkur að lifa af erfiðar aðstæður. Á Stígamótum lítum við svo á að það að frjóska eða gera ekki neitt séu eðlileg viðbrögð við kynferðisofbeldi, líkt og það að flýja eða berjast á móti. Stundum er besta leiðin til að lifa af að gera ekki neitt eða frjóska.

10 Levine, P.A. (1997). *Waking the tiger: Healing trauma*. Berkeley California: North Atlantic Books.

Tafla 19. Hefur brotaþoli verið hræddur um að eiga eftir að beita aðra kynferðisofbeldi?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	294	81,4%
Já	34	9,4%
Ekki viss	10	2,8%
Upplýsingar vantar	23	6,4%
Alls	361	100%

Tafla 20. Hefur brotaþoli beitt aðra kynferðisofbeldi?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	317	87,8%
Já	11	3,0%
Ekki viss	12	3,3%
Upplýsingar vantar	21	5,8%
Alls	361	100%

Tafla 19 sýnir að meirihluti brotaþola er ekki hræddur um að eiga eftir að beita aðra kynferðisofbeldi (eða 81,4%) en 9,4% brotaþola nefndu að þeir væru hræddir um að eiga eftir að beita aðra kynferðisofbeldi. Samkvæmt ársskýrslu ársins 2022 nefndi aðeins hærra hlutfall brotaþola að óttast það ekki að eiga eftir að beita kynferðisofbeldi (eða um 82,6%), en aðeins lægra hlutfall brotaþola nefndi þá að þeir væru hræddir um að eiga eftir að beita kynferðisofbeldi (eða um 8%). Rétt er að ítreka að það að vera hræddur um að eiga eftir að beita aðra kynferðisofbeldi getur verið eðlileg afleiðing af kynferðisofbeldi og jafngildir ekki því að slíkt muni gerast. Meirihluti brotaþola beitir ekki aðra kynferðisofbeldi jafnvel þótt þeir upplifi ótta um að eiga eftir að beita slíku ofbeldi. Eins og sést í töflu 20 hér fyrir ofan hefur meirihluti brotaþola (eða 87,8%) ekki beitt aðra kynferðisofbeldi.

Lífseig goðsögn segir að þeir sem beittir eru kynferðisofbeldi beiti síðar á ævinni aðra slíku ofbeldi. Frá 87% til 93% þeirra sem komu til Stígamóta árin 2008 til 2023 höfðu þó ekki beitt aðra kynferðisofbeldi. Þó er mikilvægt að muna að spurningar um hvort brotaþoli sé hræddur um að eiga eftir að beita aðra kynferðisofbeldi eða hafi beitt aðra kynferðisofbeldi (tafla 19 og 20) eru erfiðar spurningar og án efa eru einhverjar skuggatölur hér. Þessar niðurstöður gefa ákveðnar vísbendingar þótt ekki sé hægt að alhæfa út frá þeim.

Kynjamunur á kynferðis- ofbeldi og afleiðingum þess fyrir brotþola

Rétt er að ítreka að á árinu skilgreindu 5 einstaklingar sem leituðu í fyrsta skipti til Stígamóta kyn sitt sem kynsegin og 1 skilgreindi kyn sitt ekki sem karl, kona eða kynsegin heldur á annan hátt. Vegna smæðar þessara hópa og út frá sjónarmiðum persónuverndar eru þeir ekki hafðir með í samanburði á kyni í töflum og myndum hér fyrir neðan.

Tafla 21. Ástæður þess að leitað var til Stígamóta árið 2023, skipt eftir kyni

	Kona		Karl	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Kynferðisofbeldi gegn barni	148	47,3	36	85,7
Nauðgun	233	74,4	14	33,3
Nauðgunartilraun	70	22,4	4	9,5
Klám	19	6,1	2	4,8
Vændi	16	5,1	1	2,4
Kynferðisleg áreitni	138	44,1	9	21,4
Stafrænt kynferðisofbeldi	47	15,0	2	4,8
Annað	22	7,0	-	-
Fjöldi einstaklinga	313		42	

Hlutfallið í töflu 21 miðast við þá 42 karla og 313 konur sem nefndu að þau hefðu orðið fyrir tilteknu broti. Þá byggir fjöldi einstaklinga eingöngu á því þegar upplýsingar liggja fyrir um bæði kyn brotþola og tegund ofbeldis. Ef upplýsingar vantar um annað hvort þessara atriða teljast þeir einstaklingar ekki með í þessari töflu. Ber að hafa þetta í huga við túlkun upplýsinga.

Það fólk sem nýtir sér þjónustu Stígamóta kemur gjarnan til að vinna úr gömlum áföllum og þau geta verið fleiri en eitt. Þess vegna eru ástæður komu fleiri en sá fjöldi karla og kvenna sem tilgreindur er í töflunni. Tafla 21 sýnir að meðal þeirra karla sem leituðu til Stígamóta á árinu kom hæsta hlutfall þeirra vegna kynferðisofbeldi sem þeir voru beittir sem börn og næsthæsta hlutfall vegna nauðgunar. Þetta er í samræmi við ársskýrslu ársins 2022 en þá nefndu karlar í flestum tilvikum kynferðisofbeldi sem barn sem ástæðu fyrir komu til Stígamóta.

Af þeim konum sem leituðu til Stígamóta á árinu nefndi meirihluti nauðgun sem ástæðu fyrir komu, og eru það sambærilegar niðurstöður og koma fram í ársskýrslu ársins 2022.

Tafla 22. Mismunandi birtingarmyndir nauðgana árið 2023, skipt eftir kyni

	Kona		Karl	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Nauðgun	173	79,4	13	92,9
Nauðgun þar sem meðvitundarleysi brotaþola vegna áfengis og/eða lyfja var nýtt	43	19,7	4	28,6
Lyfjanauðgun (nauðgun þar sem brotaþola voru einnig byrðuð lyf)	28	12,8	1	7,1
Hópnauðgun	18	8,3	2	14,3
Annað	6	2,8	-	-
Ekki viss	5	2,3	2	14,3
Fjöldi einstaklinga	218		14	


Þær breytingar voru gerðar árið 2023 að spurt var um mismunandi birtingarmyndir nauðgana sérstaklega en ekki birtingarmyndir bæði nauðgana/nauðganartilrauna eins og gert var í sambærilegri töflu í fyrri ársskýrslum. Hlutfallið í töflu 22 miðast við þá 14 karla og 218 konur sem nefndu að þau hefðu orðið fyrir tiltekinni nauðgun. Þá byggir fjöldi einstaklinga eingöngu á því þegar upplýsingar liggja fyrir um bæði kyn brotaþola og tegund ofbeldis. Ef upplýsingar vantar um annað hvort, eru þeir aðilar ekki taldir með í þessari töflu. Heildarfjöldi mismunandi birtingarmynda nauðgana er ekki 251 líkt og fjöldi nauðgana í ástæðum þess að leitað var til Stígamóta, þar sem einstaklingur getur merkt við fleiri en eina tegund nauðgunar. Þess má einnig geta að þeir sem merktu við nauðgun sem ástæðu komu, svöruðu ekki allir spurningunni um mismunandi birtingarmyndir nauðgana.

Tafla 22 sýnir að í hlutfallslega flestum tilvikum nauðgana upplifðu brotaþolar af báðum kynjum ekki byrlun, hópnauðgun eða að meðvitundarleysi þeirra væri nýtt. Þetta eru sambærilegar niðurstöður og fram koma í ársskýrslum frá árunum 2018 til 2022. Athygli vekur að næsthæsta hlutfall beggja kynja nefndi að þeim hefði verið nauðgað og meðvitundarleysi þeirra vegna áfengis og/eða lyfja var nýtt.

Þá nefndu 28 konur og 1 karl að þeim hefði verið byrðuð lyf, og 18 konur og 2 karlar að þau hefðu orðið fyrir hópnauðgun/-nauðgunartilraun (sjá töflu 22).

Tafla 23. Erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis, skipt eftir kyni árið 2023

	Kona		Karl	
	Fjöldi	Hlutfall%	Fjöldi	Hlutfall%
Kvíði	275	90,5	31	75,6
Skömm	261	85,9	32	78,0
Léleg sjálfsmýnd	256	84,2	34	82,9
Depurð	251	82,6	31	75,6
Sektarkennd	241	79,3	31	75,6
Svipmyndir	242	79,6	29	70,7
Tilfinningalegur doði	236	77,6	30	73,2
Ótti	222	73,0	28	68,3
Erfiðleikar með svefn	216	71,1	29	70,7
Erfitt með einbeitingu	212	69,7	25	61,0
Reiði	200	65,8	32	78,0
Einangrun	196	64,5	27	65,9
Erfið tengsl við maka/vini	192	63,2	28	68,3
Kynlíf erfitt	177	58,2	26	63,4
Erfiðleikar í öðrum félagslegum samskiptum	164	53,9	22	53,7
Sjálfsvígshugleiðingar	146	48,0	26	63,4
Líkamlegir verkir	123	40,5	12	29,3
Hegðunarerfiðleikar	122	40,1	21	51,2
Átröskun	118	38,8	9	22,0
Kynferðisleg hegðun	101	33,2	14	34,1
Sjálfsköðun	96	31,6	17	41,5
Efasemdir um kynhneigð	62	20,4	17	41,5
Vændi	10	3,3	-	-
Annað	14	4,6	1	2,4
Ekki viss	4	1,3	-	-
Fjöldi einstaklinga	304		41	



Mynd 15. Erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis, skipt eftir kyni árið 2023

Hlutfallið í töflu 23 og á mynd 15 miðast við þann 41 karl og 304 konur sem tilgreindu hvaða afleiðingar þau hafa glímt við. Einstaklingar greina oftast frá fleiri en einni afleiðingu í kjölfar kynferðisofbeldis, og þess vegna er fjöldi tilgreindra afleiðinga hærrí en sá fjöldi karla og kvenna sem tilgreindur er.

Við lestur og túlkun á töflu 23 og mynd 15 er mikilvægt að hafa í huga að fjöldi karla er aðeins 41. Fram kemur að karlar og konur nefna svipaðar afleiðingar; um og yfir 76% kvenna og karla nefna kvíða, skömm, lélega sjálfsmýnd, depurð og sektarkennd. Þessar niðurstöður eru í samræmi rannsókn sem Særún Ómarsdóttir (2014)¹¹ gerði á gögnum Stígamóta frá árunum 2011 til 2013. Þar kemur fram að karlar og konur glíma við svipaðar afleiðingar í kjölfar ofbeldis og nefna um og yfir 80% bæði kvenna og karla skömm, lélega sjálfsmýnd og depurð. Þessar niðurstöður eru einnig í samræmi við ársskýrslur frá árunum 2014 til 2022 en þar kemur fram að um og yfir 60% bæði karla og kvenna nefna kvíða, skömm og lélega sjálfsmýnd.

Athyglisvert er að samkvæmt töflu 23 og mynd 15 nefnir hærrí hlutfall karla en kvenna reiði, einangrun, erfið tengsl við maka og vini, erfiðleika með kynlíf, sjálfsvígshugleiðingar, hegðunarerfiðleika, kynferðislega hegðun, sjálfsköðun og efasemdir um kynhneigð.

11 Særún Ómarsdóttir. (2014). Afleiðingar kynferðisofbeldis; Alvarleiki, tengsl við geranda, tímalengd, tíðni, aldur og kyn þolenda. MA ritgerð í félagsráðgjöf: Háskóli Íslands.


Tafla 24. Neysla eða athafnir sem eru afleiðingar kynferðisofbeldis og skerða lífsgæði og trufla daglegt líf, skipt eftir kyni árið 2023

	Kona		Karl	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Áfengi	73	26,1	25	64,1
Önnur vímuefni/lyf	54	19,3	17	43,6
Matur	71	25,4	11	28,2
Vinna	51	18,2	13	33,3
Kynlíf	48	17,1	18	46,2
Klám	6	2,1	11	28,2
Íþróttaiðkun	28	10,0	3	7,7
Fjárhættuspil/tölvuleikir	4	1,4	9	23,1
Annað	14	5,0	-	-
Ekkert af þessu	96	34,3	5	12,8
Ekki viss	19	6,8	-	-
Fjöldi einstaklinga	280		39	

Mynd 16. Neysla eða athafnir sem eru afleiðingar kynferðisofbeldis og skerða lífsgæði og trufla daglegt líf, skipt eftir kyni árið 2023

Hlutfallið í töflu 24 og á mynd 16 miðast við þá 39 karla og 280 konur sem tilgreindu hvaða neysla eða athafnir hefðu skert lífsgæði þeirra. Einstaklingar greina oft frá mörgum atriðum sem skerða lífsgæði í kjölfar kynferðisofbeldis og þess vegna er fjöldi tilgreindra skerðinga hærri en sá fjöldi karla og kvenna sem tilgreindur er.


Hærra hlutfall kvenna en karla nefnir að ekkert af ofangreindu hafi skert lífsgæði þeirra. Athygli vekur að herra hlutfall karla nefnir að áfengi, önnur vímuefni/lyf, matur, vinna, kynlíf, klám eða fjárhættuspil/tölvuleikir, hafi skert lífsgæði þeirra, borið saman við konur. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður úr ársskýrslum frá árunum 2014 til 2022.



Niðurstöður ársskýrslna áráanna 2014 til 2022 sýndu einnig að herra hlutfall kvenna nefndi að ekkert ofangreint hafi skert lífsgæði þeirra og herra hlutfall karla nefndi að áfengi, önnur vímuefni/lyf, klám eða fjárhættuspil/tölvuleikir hafi skert lífsgæði þeirra. Mikilvægt er þó að hafa í huga við túlkun og lestur á töflu 24 og mynd 16 að fjöldi karla er aðeins 39 en kvenna 280.

Tafla 25. Sjálfsvígstíraunir, skipt eftir kyni árið 2023

	Kona		Karl	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Nei	234	77,5	20	52,6
Já	68	22,5	18	47,4
Fjöldi einstaklinga	302		38	




Mynd 17. Sjálfsvígstíraunir, skipt eftir kyni árið 2023

Hlutfallið í töflu 25 og á mynd 17 miðast við þá 38 karla og 302 konur sem tilgreindu hvort þau hefðu gert tilraun til sjálfsvígs.

Eins og sést í töflu 25 og á mynd 17 tilgreindi herra hlutfall karla en kvenna að þeir hefðu gert tilraun til sjálfsvígs. Þessar niðurstöður eru ekki sambærilegar við niðurstöður úr ársskýrslu frá árinu 2022, en þar kom fram að herra hlutfall kvenna en karla tilgreindu að þær hefðu gert tilraun til sjálfsvígs. Þessar niðurstöður eru hinsvegar í samræmi við niðurstöður ársskýrslna frá árunum 2015 til 2021, en þar kom fram að herra hlutfall karla hefðu gert tilraun til sjálfsvígs. Mikilvægt er þó að hafa í huga við túlkun og lestur á töflu 25 og mynd 17 að karlar eru aðeins 38 en konur 302.

Tafla 26. Er brotaþoli hræddur um að eiga eftir að beita aðra kynferðisofbeldi, skipt eftir kyni árið 2023

	Kona		Karl	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Nei	265	89,2	26	72,2
Já	22	7,4	10	27,8
Ekki viss	10	3,4	-	-
Fjöldi einstaklinga	297		36	



Mynd 18. Er brotaþoli hræddur um að eiga eftir að beita aðra kynferðisofbeldi, skipt eftir kyni árið 2023

Hlutfallið í töflu 26 og á mynd 18 miðast við þá 36 karla og 297 konur sem svöruðu spurningunni hvort þau væru hrædd um að eiga eftir að beita aðra kynferðisofbeldi.

Eins og sést í töflu 26 og á mynd 18 svöruðu um og yfir 72% bæði karla og kvenna að þau væru ekki hrædd um að eiga eftir að beita kynferðisofbeldi. Aðeins um 7,4% kvenna tilgreindi að vera hrædd um að eiga eftir að beita aðra kynferðisofbeldi borið saman við um 27,8% karla. Þessar niðurstöður eru sambærilegar við ársskýrslur árána 2018 til 2022, en þar kom fram að hæsta hlutfall bæði karla og kvenna tilgreindu að vera ekki hrædd um að eiga eftir að beita kynferðisofbeldi. Þessar niðurstöður eru einnig í samræmi við hlutföll sem komu fram í ársskýrslum árána 2018 til 2021 en þar kom líka fram að herra hlutfall karla borið saman við hlutfall kvenna hafði tilgreint að vera hræddir um að eiga eftir að beita aðra kynferðisofbeldi. Í ársskýrslu ársins 2022 kom þessi munur aftur á móti ekki fram. Mikilvægt er þó að hafa í huga við túlkun og lestur á töflu 26 og mynd 18 að karlar eru aðeins 36 en konur 297 talsins. Rétt er að ítreka að það að vera hræddur um að eiga eftir að beita aðra kynferðisofbeldi er eðlileg afleiðing af kynferðisofbeldi. Meirihluti brotaþola beitir þó ekki aðra kynferðisofbeldi, jafnvel þótt þeir upplifi ótta um að eiga eftir að beita slíku ofbeldi (sjá töflu 20).

Upplýsingar um þá einstaklinga sem beittu kynferðisofbeldi

Árið 2023 var heildarfjöldi ofbeldismanna 635. Eins og fram hefur komið eru sumir ofbeldismennirnir mögulega taldir oftar en einu sinni. Hér ber að ítreka að þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um alla þá ofbeldismenn sem taldir voru á árinu, byggja eftirfarandi upplýsingar á þeim 573 skýrslum um ofbeldismenn sem fylltar voru út af brotaþolum.

Tafla 27. Kyn ofbeldismanna árið 2023

	Fjöldi	Hlutfall
Karl	542	94,6%
Kona	31	5,4%
Alls	573	100%

Langflestir ofbeldismennirnir eru karlar eða 94,6% og er það í samræmi við niðurstöður úr ársskýrslum fyrri ára.

Tafla 28. Kyn ofbeldismanna, skipt eftir tegund ofbeldis árið 2023

	Karl		Kona		Alls
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi
Kynferðisofbeldi gegn barni	186	92,1%	16	7,9%	202
Nauðgun	268	96,8%	9	3,2%	277
Nauðgunartilraun	42	93,3%	3	6,7%	45
Klám	9	100%	-	-	9
Milliganga um vændi	12	92,3%	1	7,7%	13
Kynferðisleg áreitni	78	96,3%	3	3,7%	81
Stafrænt kynferðisofbeldi	14	93,3%	1	6,7%	15
Annað kynferðisofbeldi	14	93,3%	1	6,7%	15
Ekki viss	1	100%	-	-	1

Í töflu 28 koma fram upplýsingar um kyn ofbeldismanna, skipt eftir brotaflokkum. Fjöldi ofbeldisbrota í töflu 28 er ekki sambærilegur ástæðum þess að leitað var til Stígamóta (tafla 4), þar sem þær upplýsingar byggja á komuskýrslum brotaþola (361) en í töflu 28 eru upplýsingar fengnar úr skýrslum um ofbeldismenn (573).

Eins og fram kemur í töflu 28 er meirihluti ofbeldismanna í öllum brotaflokkum karlar. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður úr fyrri ársskýrslum.

Tafla 29. Kyn ofbeldismanna og brotaþola árið 2023

			Kyn ofbeldismanns				
			Karl	Kona	Kyn annað	Margir ofbeldismenn af fleiri en einu kyni	Samtals
Kyn brotaþola	Karl	Fjöldi	27	6	-	4	37
		Hlutfall %	73,0%	16,2%	-	10,8%	100%
	Kona	Fjöldi	270	3	-	13	286
		Hlutfall %	94,4%	1,0%	-	4,5%	100%

Tafla 29 sýnir að kyn ofbeldismanna var tilgreint hjá 323 brotaþolum en upplýsingar vantar um kyn ofbeldismanns hjá 32 brotaþolum. Fimm brotaþolar skilgreindu kyn sitt kynsegin og einn skilgreindi kyn sitt á annan hátt en kona, karl eða kynsegin, og er þeim sleppt í þessari töflu til að tryggja að gögnin séu ekki persónugreinanleg.

Tafla 29 sýnir að meirihluti bæði kvenna og karla var beittur ofbeldi af körlum. Hærra hlutfall karla (eða um 16,2%) voru beittir ofbeldi af konu, borið saman við hlutfall kvenna sem beittar voru ofbeldi af konu (um 1% kvenna). Þessar niðurstöður eru í samræmi við fyrri ársskýrslur sem og niðurstöður Særúnar Ómarsdóttur (2014)¹² sem einnig sýndu að meirihluti karla og kvenna eru beitt ofbeldi af körlum, og að hærra hlutfall karla en kvenna eru beittir ofbeldi af konu.

Tafla 30a/b. Aldur ofbeldismanna og brotaþola þegar kynferðisofbeldið var fyrst framið árið 2023

30a. Aldur ofbeldismanna

	Fjöldi	Hlutfall
10 ára eða yngri	7	1,2%
11 - 13 ára	27	4,7%
14 - 17 ára	98	17,1%
18 - 29 ára	208	36,3%
30 - 39 ára	95	16,6%
40 - 49 ára	41	7,2%
50 - 59 ára	21	3,7%
60 - 69 ára	15	2,6%
70 - 79 ára	3	0,5%
80 ára eða eldri	1	0,2%
Upplýsingar vantar	57	9,9%
Alls	573	100%

30b. Aldur brotaþola

	Fjöldi	Hlutfall
17 ára eða yngri	318	55,5%
18 ára eða eldri	242	42,2%
Upplýsingar vantar	13	2,3%
Alls	573	100%

12 Særún Ómarsdóttir. (2014). Afleiðingar kynferðisofbeldis; Alvarleiki, tengsi við geranda, tímalengd, tíðni, aldur og kyn þolenda. MA ritgerð í félagsráðgjöf: Háskóli Íslands.

Tafla 30a sýnir aldur ofbeldismanna þegar þeir beittu þolendur sem leituðu til Stígamóta árið 2023 kynferðisofbeldi í fyrsta skipti. Í töflunni kemur fram að rúmlega helmingur ofbeldismanna var á aldrinum 18-39 ára (eða um 52,9%). Árið 2023 voru 132 ofbeldismenn undir 18 ára aldri (eða um 23%). Ársskýrslur frá árunum 2009 til 2022 sýna svipaðar niðurstöður; að um eða yfir helmingur ofbeldismanna var á aldrinum 18 til 39 ára.

Tafla 30b sýnir aldur brotaþola þegar ofbeldismaður beitti hann í fyrsta skipti kynferðisofbeldi. Taflan sýnir að rúmlega helmingur brotaþola var undir 18 ára aldri þegar ofbeldismaður beitti þá kynferðisofbeldi í fyrsta skipti. Ársskýrslur árána 2018, 2020, 2021 og 2022 sýna sömu niðurstöðu eða að rúmlega helmingur brotaþola var yngri en 18 ára við fyrstu upplifun af kynferðisofbeldi.

Tafla 31. Þjóðerni ofbeldismanna árið 2023

	Fjöldi	Hlutfall
Íslenskur	439	76,6%
Frá Evrópu	65	11,3%
Utan Evrópu	30	5,2%
Blandað þjóðerni	16	2,8%
Óvíst	23	4,0%
Alls	573	100%

Eins og sést í töflu 31 eru flestir ofbeldismennirnir íslenskir eða 76,6%. Óvíst var um þjóðerni ofbeldismanna í um 4% tilfella. Þetta eru svipaðar niðurstöður og fram koma í ársskýrslum frá árunum 2008 til 2022. Goðsögnin um að íslenskum konum stafi mest hættu af erlendum mönnum sem koma hingað til lands fær því ekki staðist.

Tafla 32. Fjöldi ofbeldismanna fyrir hvern brotaþola árið 2023

	Fjöldi	Hlutfall
1 ofbeldismaður	190	52,6%
2 ofbeldismenn	81	22,4%
3 ofbeldismenn	28	7,8%
4 ofbeldismenn	16	4,4%
5 ofbeldismenn	7	1,9%
7 ofbeldismenn	2	0,6%
8 ofbeldismenn	3	0,8%
Upplýsingar vantar	34	9,4%
Alls	361	100%


Tafla 32 sýnir hve margir ofbeldismenn höfðu beitt brotaþola ofbeldi. Eins og sjá má var í um 37,9% tilvika um fleiri en einn ofbeldismann að ræða. Ársskýrslur árána 2008 til 2022 sýna einnig að í um og yfir 30% tilvika er um fleiri en einn ofbeldismann að ræða.

Í töflu 32 kemur fram að í 5 tilvikum eru 7 til 8 ofbeldismenn sem hafa beitt sama einstakling ofbeldi. Stundum getur verið um að ræða að tveir eða fleiri beiti ofbeldi á sama tíma eða tímabili, en stundum geta það verið aðskilin atvik og/eða tímabil sem um ræðir.

Mynd 19. Tengsl við ofbeldismennina árið 2023


Mynd 19 sýnir tengsl einstaklinga sem orðið hafa fyrir ofbeldi við ofbeldismennina. Tölur og hlutföll á myndinni miðast við fjölda ofbeldismanna (573 talsins). Ástæða er til að vekja athygli á því að aðeins 15,7% ofbeldismannanna sem nefndir voru árið 2023 voru ókunnugir þeim sem þeir beittu ofbeldinu, en um 70% ofbeldismannanna voru tengdir brotapolum fjölskylduböndum eða voru vinir eða kunningjar þeirra (sjá mynd 19). Þegar litið er til ársskýrslna frá árunum 2010 til 2022 kemur einnig fram að um og yfir 70% ofbeldismanna voru tengdir þeim sem þeir beittu ofbeldinu fjölskylduböndum eða voru vinir eða kunningjar þeirra. Goðsögnin um að einstaklingum stafi mest hættu af kynferðisofbeldi af hendi ókunnugra fær því ekki staðist.

Mikilvægt er að taka hér fram að fjöldi ofbeldisbrota á myndum 20 og 21 hér fyrir neðan er ekki sambærilegur við ástæður þess að leitað er til Stígamóta (tafla 4) þar sem þær upplýsingar byggja á komuskýrslum brotþola (361) en á þessum myndum eru upplýsingar fengnar úr skýrslum um ofbeldismenn (573). Til dæmis getur verið að brotþoli merki við nauðgun sem ástæða þess að leitað var til Stígamóta og telst það sem ein ástæða, en viðkomandi brotþoli hefur kannski verið nauðgað af tveimur ofbeldismönnum og teljast þær þá sem tvær nauðganir á mynd 21. Þá byggir fjöldi ofbeldismanna á myndum 20 og 21 eingöngu á því þegar upplýsingar liggja fyrir um bæði tengsl og tegund ofbeldis. Ef upplýsingar vantar um annaðhvort tegund ofbeldis og/eða tengsl ofbeldismanns við brotþola, teljast þær ekki með í þessum myndum.




Mynd 20. Tengsl brotþola árið 2023 við ofbeldismenn sem beittu þá kynferðisofbeldi þegar þeir voru börn

Hlutfallið á mynd 20 miðast við þá 200 ofbeldismenn sem vitað er að beittu kynferðisofbeldi gegn barni og upplýsingar lágu fyrir um tengsl þeirra við þá sem þeir brutu á. Eins og sést á mynd 20 var um 40% ofbeldismanna sem beittu kynferðisofbeldi gegn barni tengdir þeim sem þeir beittu ofbeldinu fjölskylduböndum. Þetta er aðeins lægra hlutfall borið saman við sambærilegt hlutfall sem fram kom í ársskýrslu ársins 2022. Á mynd 20 sést að 11 ofbeldismenn sem beittu barn kynferðisofbeldi voru makar brotþola, í þeim tilvikum var brotþoli yngri en 18 ára en í sambandi með þeim sem beitti hann ofbeldinu.



Mynd 21. Tengsl brotáþola árið 2023 við ofbeldismenn sem nauðguðu þeim

Hlutfallið á mynd 21 miðast við þá 276 ofbeldismenn sem vitað var að nauðguðu og upplýsingar lágu fyrir um tengsl þeirra við þá sem þeir brutu á. Eins og sést á mynd 21 voru meirihluti ofbeldismanna sem nauðguðu makar, fyrrverandi makar, vinir eða kunningjar þeirra sem þeir beittu ofbeldinu, eða um 70%. Í ársskýrslu ársins 2022 kom einnig fram að meirihluti ofbeldismanna sem nauðguðu voru makar, fyrrverandi makar, vinir eða kunningjar þeirra sem þeir beittu ofbeldinu (en þá var hlutfallið um 75%).



Tafla 33. Hefur brotáþoli árið 2023 rætt ofbeldið við ofbeldismanninn?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	417	72,8%
Já	120	20,9%
Óvíst	10	1,7%
Upplýsingar vantar	26	4,5%
Alls	573	100%

Tafla 33 sýnir að fáir brotáþolar höfðu rætt ofbeldið við ofbeldismanninn, eða við 20,9% þeirra. Þetta er aðeins lægra hlutfall en fram kemur í ársskýrslu frá árinu 2022, en þá höfðu brotáþolar rætt ofbeldið við 22% ofbeldismanna.

Tafla 34. Svör ofbeldismanna árið 2023

	Fjöldi	Hlutfall
Viðurkenndi ofbeldið	28	27,7%
Hafnaði ofbeldinu	39	38,6%
Kenndi mér um ofbeldið	12	11,9%
Ekkert af þessu	6	5,9%
Ekki viss	6	5,9%
Annað	10	9,9%
Alls	101	100%

Tafla 34 sýnir að í um 50,5% tilvika, þar sem brotáþoli hafði rætt ofbeldið við ofbeldismanninn og greint frá því hvernig ofbeldismaður brást við, kenndi ofbeldismaður brotáþolanum um ofbeldið eða hafnaði því alfarið. Þetta er aðeins hærra hlutfall en fram kemur í ársskýrslu ársins 2022 en þá var hlutfallið 48,1%.

Tafla 35. Fjöldi ofbeldismanna undir áhrifum áfengis eða annarra vímugjafa þegar ofbeldið var framið, skipt eftir tegund ofbeldis árið 2023

	Allt kynferðisofbeldi		Kynferðisofbeldi gegn barni		Nauðgun	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Nei	217	37,9%	104	54,7%	79	29,7%
Já	164	28,6%	23	12,1%	103	38,7%
Stundum	57	9,9%	6	3,2%	42	15,8%
Óvíst	110	19,2%	57	30,0%	42	15,8%
Upplýsingar vantar	25	4,4%	-	-	-	-
Alls	573	100%	190	100%	266	100%

Í töflu 35 sést að um 37,9% allra ofbeldismanna, sem skýrslur voru fylltar út um fyrir árið 2023, voru ekki undir áhrifum áfengis/vímuefna og að 9,9% voru það stundum og stundum ekki (í slíkum tilvikum beitti ofbeldismaðurinn brotaþola ofbeldi oftast en einu sinni). Þetta eru svipaðar niðurstöður og fram koma í ársskýrslu ársins 2022, en þá voru 37% ofbeldismanna ekki undir áhrifum áfengis/vímuefna og um 14,1% voru það stundum og stundum ekki.

Tafla 35 sýnir einnig að 12,1% þeirra ofbeldismanna sem beittu börn kynferðisofbeldi voru undir áhrifum vímugjafa og 3,2% voru það stundum. Þetta eru lægri hlutföll en fram komu í ársskýrslu ársins 2022, en þá voru um 13% ofbeldismanna sem beittu börn kynferðisofbeldi undir áhrifum vímugjafa og 10,1% voru það stundum og stundum ekki. Tafla 35 sýnir að af þeim sem nauðguðu voru 38,7% undir áhrifum vímugjafa. Þetta er aðeins hærra hlutfall en fram kemur í ársskýrslu ársins 2022, en þá var hlutfallið 36%. Tafla 35 sýnir að af þeim sem nauðguðu voru 15,8% stundum undir áhrifum vímugjafa. Þetta er aðeins lægra hlutfall en í ársskýrslu ársins 2022, en þá var hlutfallið 18,2%. Fjöldi ofbeldismanna sem annað hvort nauðguðu eða beittu barn kynferðisofbeldi og skilgreindir eru í töflu 35 byggir eingöngu á þeim upplýsingum sem liggja fyrir um bæði tegund ofbeldis og hvort ofbeldismaður var undir áhrifum þegar hann framdi ofbeldið. Ef upplýsingar vantar um annað hvort tegund ofbeldis (hvort ofbeldismaður beitti kynferðisofbeldi gegn börnum eða nauðgaði) og/eða hvort ofbeldismaður var undir áhrifum þegar hann framdi ofbeldið teljast þeir einstaklingar ekki með í þessari töflu.

Tafla 36. Hefur ofbeldismaðurinn beitt aðra kynferðisofbeldi?


	Fjöldi	Hlutfall
Nei	19	3,3%
Já	90	15,7%
Óvíst	436	76,1%
Upplýsingar vantar	28	4,9%
Alls	573	100%

Eitt af því sem spurt er um í spurningalistanum um ofbeldismenn er hvort brotaþoli viti til þess að ofbeldismaður hafi beitt aðra kynferðisofbeldi. Eins og gefur að skilja eru margir sem ekki geta svarað þeirri spurningu. Þó er vitað að 15,7% ofbeldismannanna hafa beitt aðra kynferðisofbeldi. Þetta er í samræmi við upplýsingar sem liggja fyrir um að hluti kynferðisbrotamanna beiti fleiri en eina manneskju kynferðisofbeldi (sjá fyrri ársskýrslur).

Á myndum 22 til 26 hér á eftir er sérstaklega skoðað hvaða aðferðir ofbeldismenn nota þegar þeir beita brotþola kynferðisofbeldi. Rétt er að ítreka það að ofbeldismenn eru einir ábyrgir fyrir því kynferðisofbeldi sem þeir beita, óháð þeim aðferðum sem þeir nota til að beita ofbeldinu.


Mynd 22. Þvingunaraðferðir við beitingu ofbeldis árið 2023

Mynd 22 sýnir hvort og þá hvaða þvingunaraðferðum ofbeldismaður beitti við ofbeldið. Þessi mynd á við um allar birtingarmyndir kynferðisofbeldis og hlutföllin á myndinni miðast við heildarfjölda ofbeldismanna (573). Upplýsingar um hvaða þvingunaraðferðum var beitt vantar hjá 26 ofbeldismönnum (4,5%). Mynd 22 sýnir að í 44% tilvika var engum af ofangreindum þvingunaraðferðum beitt. Einnig má sjá að 28,4% ofbeldismanna beittu andlegu ofbeldi, 19% beittu líkamsmeiðingum og 18,3% beittu hótunum. Þetta eru svipuð hlutföll og koma fram í ársskýrslu ársins 2022 en þá hafði hæsta hlutfall þeirra ofbeldismanna sem beittu einhverri af ofangreindum þvingunaraðferðum beitt andlegu ofbeldi (eða 33,4%). Næsthæsta hlutfall ofbeldismanna beittu hótunum (eða 16,9%) og þriðja hæsta hlutfall ofbeldismanna beittu líkamsmeiðingum (eða um 16,5%) samkvæmt ársskýrslu ársins 2022. Þessar niðurstöður sýna að hluta til alvarleika brotanna en um leið er rétt að ítreka að kynferðisofbeldi er í sjálfu sér ofbeldi og þvingun, og er mjög alvarlegt þótt hér séu gefnar upplýsingar um sérstakar þvingunaraðferðir sem stundum er beitt til viðbótar við sjálft kynferðisofbeldið.




Mynd 23. Hvað gerði ofbeldismaðurinn til að tryggja þögn brotþola?

Mynd 23 sýnir hvað ofbeldismenn gerðu til að tryggja þögn brotþola og á við um allar birtingarmyndir kynferðisofbeldis. Hlutfallið á við fjölda ofbeldismanna (573) en samanlagt hlutfall verður hærra en 100%, þar sem stundum var merkt við fleiri en eitt atriði. Af hinum 573 ofbeldismönnum sem miðað er við á mynd 23 vantar upplýsingar um 25 (4,4%). Athyglisvert er að um 14,7% ofbeldismanna notuðu hótanir en þetta er svipað hlutfall og kemur fram í ársskýrslu ársins 2022 (þá var hlutfallið um 14%). Mynd 23 sýnir einnig að 13,3% ofbeldismanna kenndu brotþola um ofbeldið og er lægra hlutfall en í ársskýrslu ársins 2022 (en þá var það um 15,8%).



Mynd 24. Samanburður milli nauðgana og kynferðisofbeldis gegn barni


Mynd 24 sýnir annarsvegar hvað ofbeldismenn sem nauðguðu gerðu til að tryggja þögn brotþola og hinsvegar þeir ofbeldismenn sem beittu kynferðisofbeldi gegn barni. Hlutfallið á mynd 24 miðast annarsvegar við þá 189 sem beittu kynferðisofbeldi gegn barni og merkt var við hvað þeir gerðu til að tryggja þögn brotþola, og þá 268 sem nauðguðu og merkt var við hvað þeir gerðu til að tryggja þögn brotþola. Þessar upplýsingar byggja á skýrslum um ofbeldismenn og er ekki hægt að bera þessar tölur saman við ástæður þess að leitað var til Stígamóta.



Mynd 24 sýnir að nokkur munur er á aðferðum ofbeldismanna við að tryggja þögn brotþola. Þar ber sérstaklega að nefna að hærra hlutfall þeirra sem beittu kynferðisofbeldi gegn barni notaði gjafir eða mútur eða hótuðu, borið saman við þá sem nauðguðu. Hærra hlutfall þeirra sem nauðguðu kenndu brotþola um ofbeldið borið saman við hlutfall þeirra sem beittu kynferðisofbeldi gegn barni (sjá mynd 24). Niðurstöður úr ársskýrslu ársins 2022 sýnir svipuð hlutföll en þar kemur einnig fram að hærra hlutfall þeirra ofbeldismanna sem beittu kynferðisofbeldi gegn barni gáfu gjafir eða mútuðu, borið saman við þá sem beittu nauðgunum. Einnig sýnir ársskýrsla ársins 2022 að hærra hlutfall þeirra ofbeldismanna sem nauðguðu kenndu brotþola um ofbeldið, borið saman við þá sem beittu kynferðisofbeldi gegn barni.

Mynd 25. Gerði ofbeldismaður eitthvað til að undirbúa og/eða viðhalda kynferðisofbeldinu fyrir, á meðan eða eftir að ofbeldið átti sér stað?

Hlutföllin á mynd 25 miðast við fjölda ofbeldismanna (573) en samanlögð hlutföll verða hærri en 100% þar sem stundum var merkt við fleiri en eitt atriði. Af hinum 573 ofbeldismönnum sem miðað er við á mynd 25 vantar upplýsingar um 35 (6,1%). Mynd 25 sýnir að 39,1% ofbeldismanna höfðu unnið sér inn traust brotþola og 29,7% ofbeldismanna byggðu upp tilfinningaleg tengsl við brotþola til að undirbúa eða viðhalda kynferðisofbeldinu. Þessar niðurstöður eru svipaðar og í ársskýrslum frá árunum 2018 til 2022 þar sem fram kemur að um og yfir 30% ofbeldismanna byggðu upp tilfinningaleg tengsl. Af þessu má sjá að ofbeldismenn hafa oft gert eitthvað til að undirbúa og/eða viðhalda því kynferðisofbeldi sem þeir beita (þetta er oft nefnt „grooming“ á ensku). Á Stígamótum lítum við svo á að kynferðisofbeldi sé alltaf og alfarið á ábyrgð þess sem beitir því.




Mynd 26. Gerði ofbeldismaður eitthvað til að undirbúa og/eða viðhalda kynferðisofbeldinu, greint eftir tegund ofbeldis

Mynd 26 sýnir hvort ofbeldismenn sem beita kynferðisofbeldi gegn barni annarsvegar og nauðgunum hinsvegar geri eitthvað til að undirbúa og/eða viðhalda kynferðisofbeldinu. Hlutfallið á mynd 26 miðast annarsvegar við þá 183 sem beittu kynferðisofbeldi gegn barni og merkt var við hvort þeir gerðu eitthvað til að undirbúa og/eða viðhalda kynferðisofbeldinu, og hinsvegar þá 265 sem nauðguðu og merkt var við hvort þeir gerðu eitthvað til að undirbúa og/eða viðhalda kynferðisofbeldinu. Þessar upplýsingar byggja á skýrslum um ofbeldismenn og er ekki hægt að bera þessar tölur saman við ástæður þess að leitað var til Stígamóta.

Mynd 26 sýnir að í báðum brotaflokkum unnu meira en þriðjungur ofbeldismanna sér inn traust brotaþola til að undirbúa og/eða viðhalda ofbeldinu. Þessar niðurstöður eru í samræmi við þær niðurstöður sem fram koma í ársskýrslu ársins 2022, en þar kemur fram að yfir 30% ofbeldismanna í báðum brotaflokkum unnu sér inn traust brotaþola.

Athyglisvert er að hærra hlutfall þeirra sem nauðguðu unnu sér inn traust og byggðu upp tilfinningaleg tengsl til að undirbúa og/eða viðhalda ofbeldinu, borið saman við þá ofbeldismenn sem beittu kynferðisofbeldi gegn barni. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður ársskýrslu ársins 2022, en þar kemur fram að hærra hlutfall þeirra sem nauðguðu höfðu unnið sér inn traust og byggt upp tilfinningaleg tengsl.



Kærð mál

Tafla 37. Kynferðisofbeldi sem kært var til lögreglu, skipt eftir tegund ofbeldis

	Allt kynferðisofbeldi		Kynferðisofbeldi gegn barni		Nauðgun	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Nei	475	82,9%	164	90,6%	233	88,9%
Já	48	8,4%	12	6,6%	29	11,1%
Óvíst	5	0,9%	5	2,8%	-	-
Upplýsingar vantar	45	7,9%	-	-	-	-
Alls	573	100%	181	100%	262	100%

Af öllum þeim málum sem til Stígamóta bárust árið 2023 (og upplýsingar voru um þá sem beittu ofbeldinu) vitum við að 8,4% mála komust til opinberra aðila (sjá töflu 37). Í ársskýrslum fyrir árin 1992 til 2022 kemur fram að um 4% til 17% mála hvert ár eru kærð til lögreglu. Tafla 37 sýnir einnig upplýsingar um þau mál þar sem vitað var að ofbeldismaður beitti kynferðisofbeldi gegn barni eða nauðgun, og upplýsingar um hvort mál hefðu verið kærð til lögreglu lágu fyrir. Hafa ber í huga við túlkun niðurstaðna að ef ekki liggja fyrir upplýsingar um hvort nauðgun eða kynferðisofbeldi gegn barni voru kærð til lögreglu eru þau mál ekki með í ofangreindri töflu. Hærra hlutfall nauðgana hafði verið kært til lögreglu (eða 11,1%) borið saman við hlutfall kynferðisofbeldi gegn barni (6,6%). Í ársskýrslu ársins 2022 kemur einnig fram að hærra hlutfall nauðgana var kært til lögreglu (eða um 14,2%) borið saman við hlutfall kynferðisofbeldis gegn barni (10,2%).

Tafla 37 sýnir að meirihluti allra mála í öllum brotaflokkum sem greint er frá í töflunni voru ekki kærð til lögreglu. Ástæðurnar fyrir því að mál eru ekki kærð eru margar. Mál eru t.d. oft fyrnd þegar þau berast Stígamótum. Algengt er líka að fólk treysti sér ekki í gegnum yfirheyrslur og hafi ekki trú á að það nái fram rétti sínum fyrir dómstólum. Þá á eftir að koma í ljós hvort breytingar á réttarstöðu þolenda sem gerðar voru árið 2022 skili sér í auknu trausti á kerfinu og jafnvel auknum fjölda kæra. Enn önnur skýring, og e.t.v. algengari en marga grunar, er að þau sem beitt eru kynbundnu ofbeldi eru svo þjökuð af skömm, sektarkennd og lélegri sjálfsmynd að þau treysta sér ekki til þess að kæra og finnst þau jafnvel bera ábyrgð á ofbeldinu sjálf, annaðhvort að hluta til eða alfarið.

Þannig kom fram í könnun sem gerð var af Hildigunni Magnúsdóttur og Katrínu Erlingsdóttur (2007)¹³ að um 85% þeirra sem leituðu til Stígamóta nefndu skömm sem ástæðu fyrir að kæra ekki og að 75% kvenna sem hafði verið nauðgað litu svo á að nauðgunin hefði verið þeim sjálfum að kenna.

13 Hildigunnur Magnúsdóttir og Katrín Erlingsdóttir. (2007). Íslenskir kynferðisbrotamenn: greining út frá svörum brotaþola. Lokaritgerð í félagsráðgjöf: Háskóli Íslands.

Tafla 38. Var ofbeldismaður ákærður?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	2	4,2%
Já	9	18,8%
Málið var felld niður	20	41,7%
Málið er í vinnslu	17	35,4%
Alls	48	100%

Tafla 39. Hvernig var dæmt í málinu í héraðsdómi?

	Fjöldi	Hlutfall
Dómur ekki fallinn	2	22,2%
Skilorð	1	11,1%
Fangelsi	2	22,2%
Ekki viss	4	44,4%
Alls	9	100%

Tafla 40. Hvernig var dæmt í málinu í Hæstarétti/Landsrétti?

	Fjöldi	Hlutfall
Ekki vísað til Landsréttar/ Hæstaréttar	2	66,7%
Sami dómur	1	33,3%
Alls	3	100%

Töflur 38, 39 og 40 gefa til kynna hvernig þeim kynferðisbrotamálum sem bárust Stígamótum og kærð voru til lögreglu reiddi af í dómskerfinu. Eins og sjá má í töflu 38 enduðu 18,8% þeirra mála sem kærð voru til lögreglu með ákæru og 41,7% málanna voru felld niður. Um 35,4% málanna voru enn í vinnslu. Af þeim 9 málum sem fóru fyrir Héraðsdóm enduðu um 33,3% með fangelsisdómi eða skilorði (sjá töflu 39). Þetta er lægra hlutfall en fram kemur í ársskýrslu ársins 2022 (var þá 50%). Af þeim 9 málum sem fóru fyrir Héraðsdóm var í tveimur málum (22,2%) dómur ekki fallinn. Í 2 málum (66,7%) var málunum ekki vísað til Landsréttar/Hæstaréttar og í einu máli var niðurstaðan sami dómur (33,3%) (sjá töflu 40). Af þessu sést að aðeins lítill hluti þeirra kynferðisbrotamála sem kærð eru til lögreglu enda með dómi. Þessar niðurstöður eru í samræmi við fyrri ársskýrslur.

Aðstandendur

Öll tölfræðileg úrvinnsla um aðstandendur á myndum og í töflum hér fyrir neðan byggir á þeim 103 aðstandendum sem komu í fyrsta skipti til Stígamóta árið 2023 og svöruðu spurningalista. Þrír aðstandendur sem kom í fyrsta skipti til Stígamóta árið 2023 svöruðu ekki spurningalistanum og eru því ekki með í þessari úrvinnslu. Upplýsingar um þessa 3 aðstandendur eru þó með í töflu 43, þar sem þær upplýsingar liggja fyrir.

Tafla 41. Er brotapolí sjálfur í viðtölum hjá Stígamótum eða hefur hann verið í viðtölum hjá Stígamótum?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	47	45,6%
Já	42	40,8%
Upplýsingar vantar	14	13,6%
Alls	103	100%

Í töflu 41 sést að í 45,6% tilvika þar sem aðstandendur leituðu til Stígamóta í fyrsta skipti á árinu höfðu brotapolarnir sjálfir ekki leitað aðstoðar hjá Stígamótum en í 40,8% tilvika höfðu brotapolarnir sjálfir leitað til Stígamóta. Í ársskýrslu ársins 2022 kemur hins vegar fram að lægra hlutfall aðstandenda voru aðstandendur brotapola sem höfðu sjálfir leitað til Stígamóta eða um 32,3% tilvika og hærra hlutfall aðstandenda voru aðstandendur brotapola sem ekki höfðu leitað til Stígamóta eða í 51,6% tilvika.

Tafla 42a/b. Aðstandandi hvers kom í viðtal og hvernig eru tengslin?

42a. Aðstandandi

	Fjöldi	Hlutfall
Brotapola	79	76,7%
Ofbeldismanns	9	8,7%
Bæði brotapola og ofbeldismanns	15	14,6%
Alls	103	100%

42b. Tengsl aðstandanda

	Aðstandandi brotþola		Aðstandandi ofbeldismanns	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Foreldri	59	62,8%	7	29,2%
Maki	20	21,3%	2	8,3%
Fyrrverandi maki	-	-	1	4,2%
Systkini	6	6,4%	7	29,2%
Barn (afkomandi)	3	3,2%	1	4,2%
Frænka/frændi	2	2,1%	-	-
Amma/afi	-	-	-	-
Tengdaforeldrar	1	1,1%	-	-
Vinur/vinkona	2	2,1%	2	8,3%
Önnur tengsl	1	1,1%	4	16,7%
Alls	94	100%	24	100%

Í töflu 42a sést að um 91,3% nýrra aðstandenda eru tengdir brotþola og um 23,3% eru tengdir ofbeldismanni. Athyglisvert er að hlutfall aðstandenda ofbeldismanns er lægra nú borið saman við niðurstöður ársskýrslu ársins 2022 (en þá var hlutfallið 34%). Tafla 42b sýnir annarsvegar tengsl aðstandanda við brotþola og hinsvegar tengsl aðstandanda við ofbeldismann. Í töflu 42b sést að meirihluti þeirra nýju aðstandenda sem tengdust brotþola voru foreldrar eða makar brotþola (eða um 84%). Um 75% nýrra aðstandenda sem tengdust ofbeldismanni voru tengdir ofbeldismanni fjölskylduböndum; sem foreldri, maki, fyrrverandi maki, systkini eða barn ofbeldismanns. Þetta eru svipuð hlutföll og fram koma í ársskýrslu ársins 2022 en þá var hæsta hlutfall aðstandenda brotþola maki hans eða foreldri (eða um 70%). Einnig kom fram í ársskýrslu frá árinu 2022 að meirihluti aðstandenda ofbeldismanns tengdust honum fjölskylduböndum (eða um 87,5%).

Tafla 43. Kyn aðstandenda árið 2023

	Fjöldi	Hlutfall
Karl	33	31,1%
Kona	73	68,9%
Alls	106	100%

Í töflu 43 kemur fram að meirihluti nýrra aðstandenda sem leituðu til Stígamóta árið 2023 voru konur (eða 68,9%). Þetta eru svipaðar niðurstöður og koma fram í ársskýrslum frá árunum 2008 til 2022 en öll árin var meirihluti aðstandenda konur.

